

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 16. febrúar 2013 | 40. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

3 SÉRBLÖÐ

Gluggar & gler | Fólk |
Atvinna



Á SJÓ JARÐIR 26



TVÆR Í EINNI 32



Sumarið 2013

Sjá bls. 36 og 37



AFTUR Á BAK

Anna Rebecka Einarsdóttir settist á hestbak í vikunni í fyrsta skipti eftir alvarlegt hestaslys í haust sem varð til þess að hún lamaðist. Hún er smátt og smátt að endurheimta þróttinn og heldur í vonina um að eiga eftir að mæta með góðan hest í keppnisbrautina. ▶ 38

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Páskaferð til
Dublin
28. MARS - 4 NÆTUR

VERÐ FRÁ:
87.900 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur
á Hótel Cassidy's með morgunmat.

LAUGARDAGSKAFFIÐ
MEÐ SÍLA FANNIARI OG HÁUK MÖRÞINGJA

SVART OG SÝKURLAUST
KL. 15 - 17

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR
Opið til klukkan 18 í kvöld

AF ÖLLU HJARTA

KRINGLAN.IS 25 ÁRA



LOFTSTEINN OLLI SKELFINGU 10
Hundruð manna særðust þegar tíu tonna loftsteinn splundraðist yfir Úral-fjöllum.

MÁL ÍSLENSKS SMYGLHRINGS TÚTNAR ÚT 4

FÆRRI SLASAST VIÐ VINNU EFTIR HRUN 6

„Ekki eru til aurar hér, því miður.“ 12

Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaússviðs LSH og formaður kjar- og launanefndar spítalans.

SKOÐUN 16→20

STÓR LOFORÐ VÍSA OFT Á MIKIL SVIK 16

Porsteinn Pálsson um kosningaloforð.

ORÐSPOR OG TRAUST ENDURHEIMT 18

Jóhanna Sigurðardóttir um jafnaðarstjórn.

ENN UM MISSKILNING 20

Gylfi Magnússon svarar Heiðari Má Guðjónssyni.



HELGIN 24→50



ELDADI Í LAUMI 24

Gunnar Helgi Guðjónsson fór með sigur af hólmi í Masterchef.

FRÉTTAMYND ÁRSINS 30

Ljósmynd af útför barna á Gasa var valin fréttamynd ársins af World Press Photo.

YFIRBURÐIR Á EDDUNNI 34

Ingvar Sigurðsson og Kristbjörg Kjeld eru þeir leikarar sem oftast hafa fengið Edduverðlaunin.

GULLÖLD GEIMVÍSINDA 42

Geimjoppinn Curiosity hefur lokið prófunum á Mars og nú tekur alvaran við.

HREIFST AF Á ANNAN VEG 44

Bandaríski leikarinn Paul Rudd vill koma til Íslands þegar myndin Prince Avalanche verður frumsýnd.

HÖFÐAÐ TIL HÚSMÆÐRA 46

Húsmæður voru helsti markhópur auglýsenda framan af síðustu öld.

KRAKKAÞÍÐA 48

KROSSGÁTA 50

MENNING 60→78

OSTAR Í ALLT 64

Osta má nota í matargerð á fjölbreyttan hátt.

DJÁSN ÚR DÝRAFIRÐI 66

Kristín Þórunn Helgadóttir býr til hálsfestar, eyrnalokka og armbönd úr þara sem hún ténir í fjörum Dýrafjarðar.

KÖLNARVATN ÚR KÚMENI 78

Reykjavík Distillery hefur sett á markað ilmvatn fyrir karla úr íslenskum jurtum.



SPORT 72→73

BIKARÚRSLIT Í KÖRFUBOLTA 72

Sérfræðingar fara yfir stórleiki dagsins í Laugardalshöllinni.

STÓR STUND HJÁ GUNNARI 73

Gunnar Nelson mætir Jorge Santiago í Lundúnum í dag.



Jóga Golf

Andlegi hluti golfsins er ekki síður mikilvægur en sá líkamlegi til þess að sem bestur árangur náist.

Guðjón Sveinsson jógakennari verður með námskeið í golf jóga sem hefst 21. febrúar næstkomandi, kl 18:00 og verður haldið í Fram-heimilinu, Safamýri

Ég get af eigin reynslu heilshugar mælt með þessu námskeiði Sveinn Jónsson

Ég náði upp meiri styrk og jafnvægi, lærði árangurs ríkari öndun, réttara hugarfar og betri einbeitingu eftir námskeiðið. Það að stunda GOLF-YOGA tel ég að hafi bætt mig í golfi. Ragnar Gíslason

Þetta námskeið gaf mér mjög mikið, bæði hvað varðar styrkingu líkamans og slökun. Það gaf mér líka nýja sýn á markmiðasetningu og aukna ánægju af golfleik sem síðan leiddi til lækkandi forgjafar. Mæli hiklaust með því.

Kolbrún Stefánsdóttir

Skráning í síma 772 4950 eða gudjon@sveinsson.is
www.sveinsson.is



FIMM Í FRÉTTUM KJARADEILA OG HÖRPUDANS



Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir hefur miklar áhyggjur af munntóbaksnotkun íslenskra ungmenna og óttast að holskefla krabbameins í munnholi og hálsi eigi eftir að koma fram eftir um tuttugu ár.



Guðbjartur Hannesson velferðaráðherra hefur staðið í ströngu undanfarið vegna yfirvofandi uppsagna hjúkrunarfræðinga Landspítalans. Í vikunni náðust samningar við hjúkrunarfræðinga og hafa langflestir dregið uppsagnir sínar til baka.



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur Wikileaks-uppljóstraran hafa verið notaðan sem tálbeitu í rannsókn FBI gegn Wikileaks. Umræða spannst um málið á Alþingi í vikunni þar sem stjórnarandstaðan gagnrýndi framgang stjórnvalda vegna komu FBI hingað til lands.



Slawomir Krolkowski, blaðberi Fréttablaðsins, bjargaði mæðginum út úr brennandi húsi í Mosfellsbæ eldsnemma á þriðjudagsmorgun. Slawomir sagðist einfaldlega hafa verið á réttum tíma á réttum stað.

→ Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastjóra UN Women á Íslandi, var að vonum ánægð með frábæra mætingu Íslendinga í Hörfu í vikunni þar sem dansað var í hádeginu vegna átaksins „Milljarður rís upp“.



„Við erum auðvitað í rusli yfir þessu öllu“

Íslenskir vinir íþróttahetjunnar Oscars Pistorius eru harmi slegnir eftir voðaverkið á miðvikudagsnótt. Honum er lýst sem ljúfum og góðum dreng sem hafi reynst fjölskyldunni vel. Pistorius hágrét þegar saksóknari las honum ákæru fyrir morð.

FÓLK „Við erum auðvitað í rusli yfir þessu öllu. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér neitt þessu líkt. Þetta er rosalega sorglegt,“ segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir, vinkona suður-afríska Ólympíuhlauparans Oscars Pistorius.

„Okkar kynni af Oscari eru þau að hann er einstaklega ljúfur og góður drengur og það má ekki gleymast. Hann reyndist okkur ótrúlega vel, jafnvel til að byrja með þegar hann þekkti okkur ekki neitt. Hann gaf okkur alltaf tíma, sýndi okkur hlýju, kærleik og mikla vináttu.“



EBBA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

Ebba hefur þekkt Pistorius síðan hún var ólétt af syni sínum, sem nú er átta ára gamall. Hann fæddist með sama fæðingargalla og íþróttahetjan, fótalaus fyrir neðan hné. Ebba komst þá í kynni við Pistorius og hefur þeim verið afar vel til vana síðan. Íslenska fjölskyldan fluttist meðal annars til Suður-Afríku, þar sem hún eyddi miklum tíma með íþróttahetjunn.

Ebba segir fregnir af skotárás á heimili Pistorius hafa komið öllum í opna skjöldu. Hún hefur ekki rætt við fjölskyldu hans, sem hún þekkir einnig.

„Það næst ekki í neinn. Það er auðvitað ekkert grín þegar svona ákæra er lögð fram. Það er allt í uppnámi,“ segir hún. Ebba hefur aldrei hitt kærustu hlauparans, hina 29 ára gömlu Reeve Steen-



HÁGRÉT Í RÉTTARSAL Oscar Pistorius brotnaði niður þegar saksóknari lýsti hann ákærðan fyrir morð að yfirlögðu ráði. Pistorius neitar sök og heldur því fram að hann hafi ruglast á kærustu sinni og innbrotspjöfi.

NORDICPHOTOS/AFP

kamp, sem hann skaut til bana aðfaranótt 14. febrúar. Þau höfðu verið saman í nokkra mánuði.

Pistorius brotnaði niður í réttarsal í Pretoríu í gær þegar saksóknarinn las upp ákæru á hendur honum fyrir morð að yfirlögðu ráði. Hlauparinn hágrét og neitaði alfarið að hafa myrt kærustu sína. Saksóknari heldur því fram að Pistorius hafi ekki aðeins myrt Steenkamp, heldur hafi hann verið búinn að skipuleggja það fyrir fram. Sjálfur heldur hann því fram að hann hafi ruglast á kærustu sinni og innbrotspjöfi.

Steenkamp fannst látin á heimili hlauparans í Pretoríu með fjögur skotsár á líkamanum. Lögreglan hefur áður verið kölluð að

„Hann gaf okkur alltaf tíma, sýndi okkur hlýju, kærleik og mikla vináttu.“

Ebba Guðný Guðmundsdóttir

húsinu vegna gruns um heimilisofbeldi. Pistorius er 26 ára gamall og hefur löngum verið eitt helsta andlit íslenska stoðtækjaframleiðandans Óssurar. Ekki náðist í talsmenn fyrirtækisins í gærkvöld en í yfirlýsingu sem send var út daginn eftir skotárásina sagði að hugurinn væri hjá aðstandendum Steenkamp og allra sem málið varðaði. Þá væri beðið eftir niðurstöðum lögreglu í málinu.

sunna@frettabladid.is

Opnað fyrir tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins:

Lýst eftir góðum verkum

SAMFÉLAGSMÁL Opnað hefur verið fyrir tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á vefnum Visir.is (visir.is/samfelagsverdlaun) en verðlaunin verða veitt í áttunda sinn í apríl. Sem fyrr er hægt að tilnefna til verðlaunanna í fimm flokkum.

Í flokknum Hvunnagshetja koma til greina einstaklingar sem hafa sýnt óeigingirni í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma. Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar er leitað að kennurum eða öðrum uppfræðurum. Þá koma einnig til greina félagsamtök sem sinna börnum af metnaði. Til atlögu gegn fordómum er flokkur einstaklinga eða félagsamtaka sem með starfi sínu stuðla að því að draga úr fordómum í samfélaginu. Heiðursverðlaun eru veitt fyrir ævistarf sem stuðlað hefur að betra samfélagi.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt félagsamtökum sem vinna framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra. Í þessum flokki nema verðlaunin 1,2 milljónum króna.

„Nú óskum við eftir því að lesendur okkar líti í kringum sig í leit að góðum verkum því þau eru sannarlega til víða. Því fleiri tilnefningar, þeim mun



VEITING SAMFÉLAGSVERÐLAUNA Í FYRRA Porvaldur Kristinsson heiðursverðlaunahafi, Pauline McCarthy hvunnagshetja og Edda Guðmundsdóttir, fulltrúi Dyngjunnar sem hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

betra og meiri fjölbreytni,“ segir Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarstjóri Fréttablaðsins, en hún stýrir starfi dómnefndar sem tekur við og velur úr innsendum tilnefningum.

-ap

2013

SIEGGJAN

GRJÓTHARÐIR VERKÆRA DAGAR!

Barnaís 99 kr. - Vaffla og Kaffi 495 kr.
Kaffi Garður
Skútuvoði



Slipiokkur
13.995 kr.

Dewalt D28139-OS
125mm - 850W, 10.000 sn/min
5159020

DEWALT



HITACHI
Inspire the Next

Rafhlöðuborvél
20.995 kr.

1.5 Ah DS10DFL
10.8V lithium, 2 rafhlöður.
34 Nm, nett en öflug.
Aðeins 1 kg.
5246795



Höggborvél
Verð áður 35.995 kr.
28.995 kr.

Dewalt D25013K-OS
650W - SDS - Léttfleygun.
2.4 Joule - 2.3 kg
5159015

Sleggju
tilboð!



Stingsög
Verð áður 10.895 kr.
8.695 kr.

Black&Decker KS600E
450 W, stíglaus hraði.
5245415

BLACK & DECKER

Sleggju
tilboð!



Juðari
Verð áður 8.679 kr.
5.775 kr.

Black&Decker KA300
135W, 93 mm flöður.
5245364

Sleggju
tilboð!



Rafhlöðuborvél
29.395 kr.

1.5 Ah DS14DSFL
14.4V Li-ion, 2 rafhlöður.
34 Nm, hleðslutími 40 mín.
5247013



Hillur
2.595 kr.

Hillurekki Solid 50
150x75x30, 4 hillur.
Hver hilla ber 50 kg.
5803671

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR



Verkfærataska
Verð áður 1.779 kr.
995 kr.

Caliber N18S 18".
460x250x225 mm
5024496

Sleggju
tilboð!



Innimálning
4.995 kr.

Góð vegg-
málning.
Gljástig 10
7119963



Vinnuúlpá
12.990 kr.

Mascot Pirka
5869066-69

Topplyklasett
2.995 kr.

1/4" toppar og bitar
33 stk. 5052550

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

Taktu þátt
í leiknum!

Sleggjuleikurinn!

Komdu með þennan seðil í næstu verslun og þú getur unnið grjóthart verkfæri! Dregið út í öllum verslunum Húsasmiðjunnar.

Nafn: _____
Kt.: _____ Sími: _____
Netfang: _____

Já takk, ég vil vera í Kjaraklúbbnum og fá afslátt af þúsundum vara í Húsasmiðjunni og Blómavali.

Skoðaðu blaðið á husa.is. Allt um verkfærin og leikinn!



HÚSASMIÐJAN



10.02.2013 → 15.02.2013

11 ára



gamlar djammmyndir hafa skotið upp kollinum á vefsíðu Geira.net og skelft Íslendinga á fertugsaldri.



Sýni hafa verið tekin úr 15 vörum hérlendis til að kanna hvort hrossakjöti sé laumað í nautakjötsvörur.

4 milljarða banka-ábyrgð sem Glitnir veitti vegna kaupa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á formúlulíðinu Williams var færð til sérstaks saksóknara sem umboðssvik.

2 milljarða króna af opinberu fé þarf til að bjarga Hörpu frá gjaldþroti.



LeBron James hefur skorað 30 stig eða meira í sjö leikjum í röð með Miami Heat í NBA-deildinni.

30

Borgarstarfsmenn ná að hreinsa tyggjóklessur af **200 m²** á dag.

77 kg

34 sjómenn missa vinnuna við skipulagsbreytingar hjá HB Granda. Á móti skapast 50 störf í landi.

-34 **+50**

Bardagakappinn Gunnar Nelson var 77 kíló við vigtun í gær, fyrir bardagann við Jorge Santiago.

NORÐURLÖND



Drottningin njóti efri árána

1 DANMÖRK Fjórdi hver Dani er þeirrar skoðunar að Margrét Þórhildur drottning eigi að segja af sér, eins og Beatrix Hollandsdrottning, og láta Friðrik krónprins vera við völd meðan hún nýtur efri árána. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum metroXpress. Samkvæmt könnuninni eru 35 prósent þeirrar skoðunar að drottningin eigi að segja af sér en ekki strax. Drottningin hefur áður greint frá því að hyggist vera við völd þar til hún deyr.

Missti af flugi vegna bæna bílstjóra

2 NÖREGUR Prófessorinn Østein Noreng missti af flugi frá Noregi til Úganda þegar leigubílstjórinn stöðvaði bíl sinn og steig út til að biðjast fyrir. Haft er eftir Noreng á fréttavef VG að þetta hafi verið eins og í kvikmynd þegar bílstjórinn tók bænateppið úr skottinu og breiddi úr því fyrir framan bílinn. Bílstjórinn segir að bænin hafi aðeins tekið 4 til 5 mínútur og að þeir hafi verið komnir á flugvöllinn fyrir þann tíma sem samið var um. Þetta var í annað skipti sem þetta kom fyrir hjá bílstjóranum, sem nú starfar hjá annarri leigubílastöð.

Leikskólastarfsfólk hæddist að börnum

3 SVÍPÍÓÐ Átta starfsmenn í leikskóla í Nacka í Stokkhólmi hafa verið reknir fyrir að leggja börn og aðra starfsmenn kerfisbundið í einelti. Rannsókn leiddi einnig í ljós kynþáttahatur. Börn sem grétu voru ekki hugguð og hermt var eftir og hæðst að fötluðum. Börn voru kölluð fitubollur, grísir og dekurófur.

Mál íslenska smyglhringsins tútnar út

Guðmundur Ingi Þóróddsson og gengi hans eru ekki lengur bara undir grun um smygl á 34 kílóum af amfetamíni, heldur 51 kíló. Tveir til viðbótar voru handteknir í gær og eru nú fjórtán manns í haldi vegna málsins, þar af tíu Íslendingar.

LÖGREGLUMÁL Stórtækur íslenskur fíkniefnasmyglhringur er talinn hafa staðið fyrir innflutningi á 27 kílóum af amfetamíni frá Hollandi til Danmerkur í nóvember 2011. Tveir dæmdir Íslendingar,



GUÐMUNDUR INGI ÞÓRÓDDSSON

grunaðir um að hafa staðið að smygli á 34 kílóum af amfetamíni í tveimur ferðum frá Hollandi í ágúst og september. Allir mennirnir voru handteknir í Danmörku, fyrir utan einn, sem var handtekinn í Noregi. Þeir sitja allir enn í gæsluvarðhaldi.

Lögregla telur að leiðtogi smyglhringsins sé Guðmundur Ingi Þóróddsson, sem hlaut árin 2000 og 2002 sjö og fimm ára fangelsisdóma hérlendis fyrir e-töflusmygl, og hefur undanfarin ár verið búsettur á Spáni.

Víkur þá sögunni að mönnum tveimur sem handteknir voru í fangelsinu í gær, að sögn Ekstra bladet í Danmörku. Þeir eru 25 og 37 ára og voru fyrst handteknir í febrúar í fyrra á Kastrup-flugvelli, þá með fimm kíló, um 25 þúsund stykki, af e-töflum í fórum sínum. Í september hlutu þeir svo fimm og átta ára

fangelsisdóma fyrir það smygl og hafa setið inni síðan.

Við rannsóknina á íslenska smyglhringnum hafa augu manna beinst í ýmsar áttir, enda er talið að hann hafi starfað lengi og um alla Evrópu, og meðal annars hefur verið horft til þess þegar 27 kílóum af amfetamíni var smyglað til Fjóns 22. og 23. nóvember 2011.

Sá sem tók á móti efnum þar, 42 ára Fjónbúi, hefur þegar verið dæmdur í tólf ára fangelsi vegna málsins en nú er komið á daginn að lögregla telur að innflutningurinn hafi verið skipulagður af íslenska smyglhringnum og að Íslendingarnir tveir úr e-töflumálinu hafi átt þátt í því.

Þar með hefur mál Íslendinganna vaxið mjög úr því að hverfast um átta Íslendinga og 34 kíló af amfetamíni í það að snúast um tíu Íslendinga og 51 kíló.

Mennirnir tveir voru leiddir fyrir dómara í gær og farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim.

stigur@frettabladid.is



Fleiri mál verið til rannsókna

„Mál þessa íslenska hóps er umfangsmikið og líklega með stærstu málum sem við höfum unnið að,“ segir Karl Steinar Valsón, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Á undanfögnu ári hafa fleiri mál en bara þessi tvö verið til skoðunar við rannsóknina á þessum sama hóp,“ segir hann.

NÁM Í TÖLVUVIÐGERÐUM

Næstu námskeið byrja 6. og 7. mars

- Þetta vinsæla námskeið er fyrir þá sem vilja starfa við tölvuviðgerðir, uppfærslur og endurbætur.
- Námskeiðið er verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia.
- Allar nánari upplýsingar er að finna á ntv.is

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
HLÍÐASMÁRA 9 • KÓPAVOGI • SÍMI 544 4500 • NTVIS

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Á morgun 13-20 m/s S- og V-til. Hægari NA-lands

Mánudagur 5-13 m/s hvassast SV-lands.

ÚRKOMA S-LANDS um helgina, dálítill el NA-lands í dag en annars þurr að mestu fram undir kvöld á sunnudag fyrir norðan. Hversir með S- og V-landi í dag og má búast við hvassviðri þar í nótt og á morgun. Hlýnar og lægir fram á mánudag.

Alicante 17°	Billund 2°	Gautaborg 3°	London 10°	Orlando 20°	San Francisco 17°
Basel 6°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 15°	Oslo -2°	Stokkhólmur 1°
Berlín 4°	Friedrichshafen 3°	Las Palmas 22°	New York 3°	París 9°	

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



2012

ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
í milljónum króna

	2012	2011
Innlend skuldabréf	170.596	155.834
Sjóðfélagalán	39.618	40.268
Innlend hlutabréf	48.787	30.528
Erlend verðbréf	117.860	101.014
Verðbréf samtals	376.861	327.644
Bankainnstæður	35.999	39.197
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	215	228
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	331	183
Skammtímakröfur	2.297	2.409
Skuldir við lánastofnun 1)	-12.886	-20.881
Skammtímaskuldir	-613	-3.267
Hrein eign sameignardeild	394.696	338.943
Hrein eign séreignardeild	7.508	6.570
Samtals hrein eign	402.205	345.513

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
í milljónum króna

	2012	2011
Iðgjöld	17.997	17.330
Lífeyrir	-8.141	-7.366
Fjárfestingartekjur	47.468	26.433
Fjárfestingargjöld	-331	-294
Rekstrarkostnaður	-341	-314
Aðrar tekjur	70	68
Önnur gjöld	-31	-276
Breyting á hreinni eign á árinu	56.691	35.581
Hrein eign frá fyrra ári	345.513	309.932
Hrein eign til greiðslu lífeyris	402.205	345.513

KENNITÖLUR

	2012	2011
Ávöxtun	13,4%	8,2%
Hrein raunávöxtun	8,5%	2,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	-2,4%	-3,8%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	3,9%	2,8%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,07%	0,08%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,54%	1,45%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	43,9%	39,6%
Fjöldi sjóðfélaga	32.708	32.940
Fjöldi lífeyrisþega	11.330	10.322
Stöðugildi	31,1	31,4
Nafnávöxtun innlánsleiðar	6,2%	7,4%
Hrein raunávöxtun innlánsleiðar	1,6%	2,1%

1) Gjaldmiðlavarðsamingar: Réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs samninganna.

- » Ávöxtun 13,4%
- » Hrein raunávöxtun 8,5%
- » Eignir 402 milljarðar
- » 48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld
- » Iðgjöld 18 milljarðar
- » Lífeyrisþegar 11 þúsund
- » Lífeyrisgreiðslur 8 milljarðar

Starfsemi á árinu 2012

AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2012 var 13,4% og hrein raunávöxtun 8,5%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 47,5 milljörðum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Árleg meðaltalsraunávöxtun sl. 5 ára er -2,4% og sl. 10 ára +3,9%.


TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2012 er -0,4% og batnaði frá fyrra ári er hún nam -2,3%. Staða sjóðsins í þessu tilliti kallar því ekki á breytingar á lífeyrisgreiðslum.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2012 nutu 11.330 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 7.717 milljónir. Lífeyrisgreiðslurnar árið áður námu 6.691 milljónum og hækkuðu þær því um 15% frá fyrra ári. Greiðslurnar fylgja mánaðarlegum breytingum vísitölu neysluverðs.

Lífeyrisgreiðslur sameignardeilda
í milljónum króna



SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2012 nam 7.508 milljónum. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 415 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfa leiðar var 13,4% og hrein raunávöxtun 8,5%. Ávöxtun innlánsleiðar var 6,2% sem samsvarar 1,6% raunávöxtun.

live.is


Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 18. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.


EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 402,2 milljörðum í árslok samanborið við 345,5 milljarða árið áður. Áhættudreifing eignasafns sjóðsins er góð og samsetning þess traust. Þannig eru um 28% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 29% í innlendum ríkistrygðum skuldabréfum, 10% í safni sjóðfélagalána og 9% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 12% af eignum sjóðsins. Önnur skuldabréf eru samtals 12% af eignum.

Eignasafn í árslok 2012



Hrein eign til greiðslu lífeyris



FJÁRFESTINGAR

Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu voru 13.686 milljónir á árinu og kaup innlendra hlutabréfa umfram sölu 13.601 milljónir. Sala erlendra verðbréfa umfram kaup nam 707 milljónum.

STJÓRN

Helgi Magnússon, formaður
Benedikt Vilhjálmsson, varaformaður
Ásta R. Jónasdóttir
Benedikt Kristjánsson
Birgir Bjarnason
Birgir M. Guðmundsson
Hannes G. Sigurðsson
Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Þ. Þórhallsson.

HYUNDAI NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

NÝR HYUNDAI KEMUR Á ÓVART



Hyundai i20
1,1 dísil, beinskiptur. Verð: 2.790 þús. kr.

Eyðsla 3,8 l/100 km.*

Sparneytinn
dísilbíll!



Hyundai i30 Classic
1,4 dísil, beinskiptur. Verð: 3.550 þús. kr.

Eyðsla 4,1 l/100 km.*

Sparneytinn
dísilbíll!

Sparneytinn
dísiljeppi!



Hyundai Santa Fe Comfort - Jeppi ársins 2013
Comfort 2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.650 þús. kr.

Eyðsla 6,6 l/100 km.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavinir. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

Opnunartími Hyundai Kaupúni 1 (Beint á móti IKEA)

Opnið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.



Kaupúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

www.facebook.com/hyundai.is

Samstarfsyfirlýsing um kísilver á Bakka við Húsavík undirrituð í gær:

Drög lögð að uppbyggingu

ATVINNUMÁL Yfirlýsing um samstarf ríkisins við Norðurþing, Hafnarsjóð Norðurþings og Þýska iðnfyrirtækið PCC vegna áförmu um uppbyggingu kísilvers á Bakka við Húsavík var undirrituð í gær. Einnig var undirritað samkomulag milli Norðurþings, Hafnarsjóðs Norðurþings og íslenska ríkisins um ýmsar aðgerðir til atvinnuuppbyggingar á Bakka.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðherra, undirritaði yfirlýsinguna fyrir hönd ríkisins en hann mun á

næstunni leggja fram tvö frumvörp á Alþingi þessu tengd.

Í fréttatilkynningu kemur fram að annað frumvarpið geri ráð fyrir að ráðherra verði veitt heimild til að gera fjárfestingarsamning um byggingu kísilvers á Bakka. Hitt frumvarpið er lagt fram til að afla heimilda fyrir ríkið til að kosta uppbyggingu innviða sem eru nauðsynleg forsenda verkefnisins, einkum veltengingu milli hafnarinnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka og stækkingu Húsavíkurhafnar.



BAKKI Tvö frumvörp verða lögð fram á Alþingi á næstunni tengd uppbyggingu á Bakka og á Húsavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Færri slasast við störf eftir hrun

Tilkynnt vinnuslys sem leiddu til fjarveru frá vinnu voru rúmlega 1.300 árið 2011. Slysum fækkað um þriðjung frá hruni. Helsta skýringin samdráttur í byggingar-iðnaði. Eftirlitsmönnum fækkað vegna sparnaðar. Auknar forvarnir nauðsynlegar.

ATVINNA Alls var tilkynnt um 1.322 vinnuslys til Vinnueftirlitsins árið 2011 og þrjú dauðsföll vegna vinnuslysa. Árið 2007 voru tilkynningarnar um vinnuslys 1.919. Útköllin árið 2011 voru 53-60 prósent af því sem þau voru 2007-2008. Munurinn skýrist helst af miklum samdrætti í byggingar-iðnaði, að því er segir í ársskýrslu Vinnueftirlitsins.

Þar kemur einnig fram að heildarfjöldi skoðana og heimsóknna í fyrirtæki árið 2011 hafi dregist saman um 21 prósent miðað við árið á undan. Eftirlitsmönnum í fyrirtækjaeftirliti hefur fækkað um þriðjung á síðustu þremur árum vegna sparnaðar.

Slysin sem tilkynnt eru til Vinnueftirlitsins eru hins vegar aðeins brot af þeim fjölda vinnuslysa sem tilkynntue er til Slysaskrár Íslands en þau voru 5.386 árið 2011. Árið 2007 voru þau 7.297.

„Slysin sem tilkynnt eru til Vinnueftirlitsins eru þau sem valda fjarveru í að minnsta kosti einn dag. Ef fólk er ekki frá vinnu vegna slyss á vinnustað er tilkynnt um slysið til heilbrigðiskerfisins, það er slysaskrárinnar,“ segir Gísli Níls Einarsson, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS.

Hann segir að stjórnendur fyrirtækja eigi að horfa fram á við í öryggismálum en ekki í baksýnis-spegilinn. Þeir þurfi að greina hætturarnar í vinnuumhverfi og starfsemi í tíma áður en slys verður. Gísli Níls kveðst kalla eftir annarri sýn í þessu samhengi.

„Stjórnendum ber að skipuleggja öryggismálin með fyrirbyggjandi aðgerðir í huga en ekki



VIÐ STÖRF Slysin tilkynnt til Vinnueftirlitsins eru aðeins brot af þeim fjölda vinnuslysa sem tilkynntur er til Slysaskrár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELSTU ORSAKIR VINNUSLYSA 2007 TIL 2011

Högg	Fall á jafnsléttu	Fall af hærri stað	Hvass, beittur hlutur
2.004	1.533	1.083	950

HEIMILD: VINNUEFTIRLITIÐ

bregðast fyrst við þegar í óefni er komið. Fjöldi námskeiða og fræðsla um öryggismál, fjöldi eftirlitsferða á vinnustaðnum, fjöldi skráninga á næstum því slysum auk endurskoðunar á áhættumati eru dæmi um aðra mælikvarða sem atvinnurekendur geta nýtt til að meta árangur sinn í öryggismálum starfsmanna.“

Slysum meðal kvenna hefur lítið fækkað en slysum meðal karla hefur fækkað verulega í öllum

flokkum frá 2007, að því er kemur fram í ársskýrslu Vinnueftirlitsins. Frá 2009 hefur ekki orðið frekari fækkun slysa og segir í skýrslunni að það verði að teljast verulegt áhyggjuefni. Árið 2011 slósuðust 879 karlar og 443 konur.

Vinnueftirlitið og VÍS halda opna ráðstefnu um ábyrgð, hlutverk og sýn æðstu stjórnenda í öryggismálum föstudaginn 22. febrúar.

ibs@frettabladid.is

Alls 175 íbúðir í þremur stórum fjölbýlishúsum á Bílanaustreitnum:

Stór íbúðahús reist við Mánatún

VIÐSKIPTI Fulltrúar MP banka, Klasa ehf. og Sveinbjörns Sigurðssonar verktaka tóku í gær skóflustungu að stærstu nýframkvæmd við íbúðahúsnaði frá banka-hruni.

Hyggjast félögin auk fleiri fjárfesta reisa 175 íbúðir í þremur fjölbýlishúsum á svokölluðum Bílanaustreit við Mánatún í Reykjavík.

„Við erum mjög stolt og ánægð með að hafa myndað þennan hóp og sótt fjárfesta að verkefninu enda er þetta sennilega stærsta íbúðabyggingaverkefni í fjölda ára,“ segir Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka.

Eins og áður sagði verða reist þrjú fjölbýlishús á reitnum; Mánatún 1, Mánatún 7-17 og Söltún 1-3. Í húsunum verða alls 175 íbúðir auk bílageymslna. Heildarflatarmál íbúðarýmis verður um 20.000 fermetrar og er áætlaður byggingartími þrjú ár. Þróunarvirði verkefnisins er 7 til 8 milljarðar króna.

„Við höfum mikla trú á þessu verkefni. Staðsetningin er góð og markaðurinn hefur sýnt að mikil eftirspurn er eftir vönduðum íbúðum miðsvæðis í Reykjavík. Þétt samstarf með öflugum stýrverktaka hugnast okkur vel enda höfum við góða reynslu af slíku úr fyrri verkefnum,“ segir Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri Klasa.

-mpl



SKÓFLUSTUNGAN Í GÆR Skóflustunguna tóku Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, Sigurður Sveinbjörnsson hjá Sveinbirni Sigurðssyni hf. og Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri Klasa ehf.



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

UNGNAUTA
FRAMFILE
3224KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4299

UNGNAUTA FRAMFILE MEÐ KONÍAKS-SINNEPSSÓSU OG HVÍTLAUKSKARTÖFLUMÚS fyrir 4 að hætti Rikku

4 stk bökunarkartöflur
1 stk hvítlaukur
2-3 msk smjör
2 msk mjólk
800 g ungnauta framfile
sjávarsalt og nýmalaður pipar
1 tsk rósmarín
olía til steikingar

3 tsk dijon sinnep
300 ml koníak (til matargerðar)
100 g smjör
4 stk kirsuberjatómatar, fræhreinsaðir
og niðurskornir
1/4 rauðlaukur, fint saxaður
1 msk steinselja, söxuð

Hitið ofninn í 200°C. Skerið hvítlaukinn í tvennt. Raðið kartöflunum og hvítlaukunum í eldfast mót og bakið í rúmlega klukkustund eða þar til að kartöflurnar eru fullbakaðar. Takið hvítlaukinn út eftir 45 mínútur. Afhýðið kartöflurnar og hvítlaukinn og maukið saman með smjörinu og mjólkinni. Kryddið með salti eftir smekk. Perrið kjötið og kryddið með salti, pipar og rósmarín og látið standa þar til að það nær stofuhita. Steikið kjötið á meðalheitri pönnu í ca. 6 mínútur á hvorri hlið. Setjið svo kjötið í ofninn í

6 mínútur. Takið kjötið úr ofninum og pakið því í álpappír og hvílið í 6 mínútur. Hellið koníakinu út á heita pönnuna og látið sjóða niður í stutta stund. Bætið þá sinnepinu út í. Takið pönnuna af hellunni og setjið 1 msk af smjöri út í og látið bráðna. Setjið pönnuna aftur á helluna og setjið afganginn af smjörinu smám saman út í. Kryddið með salti og pipar eftir smekk. Blandið tótmötum, rauðlauk og steinselju saman og hellið smá ólífuolíu saman við. Raðið öllu saman á disk og berið fram.



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



PIPARSTEIK
2744KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3659

TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa



FROSNAR INNFLUTTAR
NAUTALUNDIR
3958KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4398



DALOON
VORRÚLLUR
599KR/PK
VERÐ ÁÐUR 699



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



GRÍSKAR
GRÍSAUNDIR
2398KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2998

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



FERSKUR HEILL
KJÚKLINGUR
719KR/KG
VERÐ ÁÐUR 899



BLÁSKEL
FERSK 1 KG
1199KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1499



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hreinsunarstarfi í Kolgrafafirði miðar vel:

Setjast yfir kostnað vegna síldardauðans

UMHVERFISMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær að starfshópur ráðuneyta vegna síldardauðans í Kolgrafafirði ynni tillögur til ríkisstjórnar um útgjöld vegna þeirra verkefna sem ráðast þarf í. „Ljóst er [...] að síldardauðinn í Kolgrafafirði hefur óhjákvæmileg útgjöld í för með sér umfram þær fjárveitingar sem ríkisstjórn hefur þegar samþykkt til vöktunar og eftirlits,“ segir í tilkynningu.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands (NV), var í Kolgrafafirði á fimmtudag ásamt samstarfsfólki. Sást til yfir 20 arna sem virtust lausir við grútarbleytnu, að mestu. „Þetta eru góðar fréttir og létta áhyggjunum örlítið í bili,“ segir Róbert en bætir við að hættan á að ernir lendi í grútnum sé áfram fyrir hendi.

Áfram er gríðarlegt líf á svæðinu. „Parna voru á milli 400 og 500



Í KOLGRAFAFIRÐI Hreinsunarstarfi miðar vel. Vinna við að grafa dauða síld í fjörunni er langt komin og flutningur á grút úr fjörunni er hafinn.

MYND:BJARNI SIGURBJÖRNSSON

súlur, líklega 20-25 þúsund máfar og fýlar og tugir háhyrninga,“ nefnir Róbert sem dæmi. „Ábendingar um erni og aðra fugla sem grunur leikur á að séu grútarblautir eru þegar með þökkum“, segir Róbert.

- shá

FRÉTTASKÝRING

ÓSAMKOMULAG UM LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Hvetja aðildarfélög til að hætta að borga

Samtök félaga í velferðarþjónustu hvetja aðildarfélög sín til að skoða að hætta að borga áfallnar lífeyrisskuldbindingar. Telja ríkið skulda sér 1,5 milljarða króna og að ógreiddar áfallnar skuldbindingar séu um fimm til sex milljarðar hið minnsta.

Pórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



Félagsfundur í Samtökum félaga í velferðarþjónustu (SFV) hvatti í gær aðildarfélög sín til að skoða það alvarlega að hætta að greiða áfallnar lífeyrisskjóðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Þess utan telja samtökin að ríkinu beri að endurgreiða þeim 1,5 milljarða króna vegna þeirra greiðslna sem aðildarfélögin hafa þegar greitt. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á félagsfundum SFV í gær.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Hrafnista, eitt aðildarfélaganna, hefði ákveðið að hætta að greiða hinar áföllnu lífeyrisskuldbindingar síðastliðinn þriðjudag. Bréf þess efnis var sent Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra og Katrínu Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, samdægurs. Gísli Páll Pálsson, formaður SFV, segir engin viðbrögð hafa borist frá ráðuneytunum síðan bréfið var sent.

Vilja 1,5 milljarða

Málið snýst um að aðildarfélög SFV hafa ekki greitt áfallin lífeyrisskjóðslur þeirra starfsmanna sinna sem eru annaðhvort í B-deild LSR eða í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga árum saman. Félagin fá samt sem áður rukkanir í hverjum mánuði vegna hinna vangoldnu iðgjalda. Ógreiddar lífeyrisskuldbindingar eru fimm til sex milljarðar króna hið minnsta.

Ríkið hefur talið þau gjöld sem aðildarfélögin greiða mánaðarlega sem sína greiðslu vegna þess að þau séu hluti af svokölluðum daggjöldum. Daggjöld eru föst krónutala sem greidd er fyrir hvert hjúkrunarrými stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Samkvæmt reglugerð er þeim ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis. Afstaða SFV og aðildarfyrirtækja þess er sú að daggjöldin, eins og þau eru í dag, eigi ekki að ná yfir lífeyrisskuldbindingar. Því eigi ríkið að endurgreiða þeim 1,5 milljarða króna vegna ofgreiddra greiðslna. Samtökin hafa kallað eftir því að ríkið upplýsi um samsetningu daggjalda en þær upplýsingar hafa ekki fengist frá hinu opinbera.

Staðfest í bréfi

Þá telja SFV að ríkinu beri að semja um þær greiðslur sem eiga að koma til greiðslu á næstu áratugum. Óformlegar viðræður um málið hófust árið 2004 og hafa staðið yfir með einhverjum hætti alla tíð síðan. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkti mikil jákvæðni um að lausn myndi finnast innan SFV. Greindu þau vilja hjá ríkinu til að leysa málið. Því til stuðnings vísa samtökin í bréf sem Berglind Ásgeirsdóttir, þáverandi ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, sendi Indriða Þorlákssyni, þáverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu. Í bréfinu segir meðal annars að „í forsendum þeim sem liggja til grundvallar ákvörðun daggjalda er ekki tekið tillit til skyldu stofnana og aðildarfyrirtækja í SFH[nú SFV] að greiða hækkanir á lífeyrisskuldbindingum [...] Samkvæmt upplýsingum frá SFH[nú SFV] eru þessar greiðslur farnar að hafa veruleg áhrif á fjárhagslegan rekstur fyrirtækja



FLUTNINGUR Til stendur að flytja öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót. Deila SFV og ríkisins stefnir þeim flutningi í hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ályktun SFV frá 15. febrúar 2013

„Fjölmenntur félagsfundur SFV skorar á velferðar- og fjármálaráðherra að beita sér nú þegar fyrir lausn þess vanda sem aðildarfélögin glíma nú við vegna áfallinna lífeyrisskuldbindinga sem ríkinu ber að greiða. Þessi skuld ríkisins við aðildarfélög SFV nemur nú um 1,5 milljörðum króna. Fundurinn hvetur aðildarfélögin til að skoða það alvarlega, hvert fyrir sig, að fara þá leið sem Hrafnista hefur kosið og stöðva greiðslur áfallinna lífeyrisskuldbindinga og vísa þeim þar með til ráðherra velferðar og fjármála.“

Gæti stefnt tilfærslu á öldrunarþjónustu til sveitarfélaga í hættu

Til stendur að færa öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót. Sú deila sem er uppi á milli SFV og ríkisins vegna áfallinna lífeyrisskuldbindinga gæti stefnt þeirri yfirfærslu í hættu. Í bókun frá stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sem dagsett er 7. september 2012 og var send Velferðarráðuneytinu í bréfi fimm dögum síðar, segir að hún telji „mikilvægt að sem allra fyrst verði gengið frá uppgjöri lífeyrisskuldbindinga vegna starfsfólks öldrunarheimila, en slíkt uppgjör er forsenda þess að unnt verði að halda áfram viðræðum um flutning á þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga“.

þeirra og geta þær ekki borið hann til lengdar“. Í þessu bréfi segir Berglind mjög skýrt að ekki eigi að nota daggjöld til að greiða lífeyrisskuldbindingar.

Kúvending á afstöðu

Á undanförunum árum hefur hins vegar orðið kúvending á afstöðu ríkisins. Í febrúar 2012 sendu lögfræðingar hjá fjármálaráðuneytinu síðan bréf til SFV þar sem því er hafnað að semja um málið og fullvirt að áfallnar lífeyrisskuldbindingar hafi verið greiddar með þeim daggjöldum sem ríkið hafi greitt aðildarfélögum þeirra ár hvert.

Síðan þá hefur ekkert gerst í málinu þar til í þessari viku þegar Hrafnista ákvað að hætta að greiða. Þess í stað munu öll innheimtubríf frá LSR verða send áfram til velferðarráðuneytisins.

Skuld íslenska ríkisins vegna B-deildar LSR er eitt stærsta fjárhagslega vandamál sem íslenska ríkið glímir við. Í lok árs 2011 var áfallin tryggingafræðileg skuld hennar 543 milljarðar króna og úppgerð áfallin skuldbinding 461 milljarðar króna. Stærstur hluti hennar lendir á íslenska ríkinu, eða um 400 milljarðar króna. Ef fleiri aðilar sem hafa greitt áfallnar lífeyrisskjóðslur hætta að greiða, líkt og Hrafnista, mun hlutdeild ríkisins aukast.

Ef byrjað hefði verið að greiða niður þessa skuld á síðasta ári myndu opinberir aðilar þurfa að greiða um átta milljarða króna á ári. Þær greiðslur myndu ná hámarki árið 2024, þegar þær yrðu um átján milljarðar á ári, en þær síðan lækka jafnt og þétt eftir það.

DÖÐLEIKHÚSIÐ
 AÐALLEIÐI
 HILMI SNÆR
 LEIÐTJÓNI
 GUÐJÓN PETERSEN
FYRIRHEITNA LANDIÐ
 FRUMSÝNT 23. FEBRÚAR

LÁTTU HART MÆTA HÖRÐU
 NÚ ERU HJÁLMAÐAGAR Í ÚTILÍF,
 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÍÐA- OG BRETTAHJÁLUM.
ÚTILÍF
 Úrvalið er í Útilíf

FRUMSÝNING Í DAG
Opíð frá 12-16



SUBARU

Confidence in Motion

NÝR SUBARU

BYLTING Í NÝTINGU ELDSNEYTIS

Nýr Subaru Forester eyðir einungis:



6,5 l/100 km

í blönduðum akstri

Verð 5.990.000 sjálfskiptur



KAFFI OG REYNSLUAKSTUR Í DAG!

Hjá BL Sævarhöfða 2 og Bílahúsinu Reykjanensbæ, milli 12-16

Vertu velkomin(n) til okkar í kaffi og reynsluakstur og láttu sölumenn okkar reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Subaru Forester og komist leiðar þinnar við allar aðstæður.



Við leitum að

vaktstjóra/veitingastjóra

í Keiluhöllina Egilshöll og á veitingastaðinn Fellini

Hæfniskröfur.

- Sveinspróf í framreiðslu og eða haldbæra reynslu af störfum á veitingahúsi
- 25 ára eða eldri

Starfslýsing.

- Umsjón með öllum daglegum rekstri
- Unnið á 2-2-3. 12 tíma vöktum
- Gerð vaktaskipulags

Umsóknnum skal skila á rafrænu formi á netfangið: atvinna@keiluhollin.is
Upplýsingar ekki gefnar í síma.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
ÓSKJUHLLIÐ - EGILSHÖLL

Óskum eftir starfskrafti með frumkvæði, hæfileika og metnað til að hjálpa okkur aðgera veitingastaðina okkar framúskarandi.



SKILDI EFTIR SIG GUFURÁK Loftsteinninn lenti á endanum í ísilögðu stöðuvatni.
NORDICPHOTOS/AFF

Olli uppnámi og skelfingu

Hundrað manna særðust þegar tíu tonna loftsteinn splundraðist yfir Úralfjöllum. Prettán þúsund sinnum þyngra smástirni fór einnig nálægt jörðu.

RÚSSLAND, AP Vísindamenn telja að loftsteinninn, sem splundraðist yfir Rússlandi í gær, hafi verið tíu tonn að þyngd. Brotunum rigndi yfir íbúa við Úralfjöllin, ollu sprengingum og eignatjóni. Hátt í þúsund manns þurftu að leita sér lækniástoðar.

„Það varð uppi fótur og fit. Enginn vissi hvað var að gerast. Allir fóru á milli húsa til að athuga hvort allt væri í lagi með fólk,“ sagði Sergei Hametov, íbúi í Tsjeljabinsk, stærstu borginni á því svæði sem varð fyrir loftsteinaregninu.

„Við sáum skyndilega mikið ljós og fórum út til að kanna hvað væri að gerast. Þá heyrðum við mjög háværar sprengidrunur.“

Loftsteinninn er talinn hafa nálgast jörðu á miklum hraða, á um 54 þúsund kílómetrum á klukkustund. Hann splundraðist í 30 til 50 kílómetra hæð yfir jörðu og dreifðust brot úr honum yfir mjög stórt svæði. Miklar sprengingar urðu til þess að víða brotnuðu rúður í gluggum. Stærsta brotið hafnaði á endanum í ísilögðu stöðuvatni skammt frá bænum Tsjebakúl.

Nokkuð algengt er að loftsteinar

„Allir fóru á milli húsa til að athuga hvort allt væri í lagi með fólk.“

Sergei Hametov íbúi í Tsjeljabinsk í Rússlandi

komi inn í andrúmsloft jarðar. Oftast brenna þeir upp en sumir lenda á jörðinni í mismunandi mörgum þörtum. Það gerist nokkrum sinnum á ári, en aðeins á fimm til tíu ára fresti hafa þeir umtalsverð áhrif. Sjaldnast gerist það þó á byggðu bóli, þannig að tjónið verður yfirleitt lítið.

Engin tengsl eru talin vera á milli loftsteinsins, sem splundraðist yfir Úralfjöllum, og 130 þúsund tonna smástirnis sem þaut fram hjá jörðu seint í gær í um það bil 28 þúsund kílómetra fjarlægð. Engin skráð dæmi eru um að smástirni af þessari stærð hafi farið þetta nálægt jörðu.

Rússneski þingmaðurinn Vladimir Sjírínovski, sá kokhrausti þjóðernissinni, kom reyndar auga á aðra hlið á loftsteinaregninu en flestir aðrir: „Þetta eru ekki loftsteinar að falla, heldur eru Bandaríkjamenn að gera tilraun með nýtt vopn.“

gudsteinn@frettabladid.is

Þátttakendur óskast – viltu vera með?

FARSÆL ÖLDRUN

Framtíðarþing um farsæla öldrun

MARKMIÐ ÞINGSINS:

- » Skapa umræðu meðal áhugasamra um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri árána.
- » Vekja jákvæða athygli á eldri borgurum, stöðu þeirra og hvernig þeir líta á mál sín til framtíðar.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR**Tjarnarsalur****7. mars 2013 kl. 16:30-20:30****Óskað er eftir þátttakendum úr eftirfarandi hópum:**

- » 75 ára og eldri
- » 55-75 ára
- » 55 ára og yngri
- » Starfsfólk sem tengist öldrunarmálum

Tilkynnið þátttöku:

Áhugasamir vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið framtidarthing@gmail.com eða í síma 693 9508 eigi síðar en 25. febrúar nk. Taka þarf fram nafn, kennitölu og síma. Þátttaka er öllum heimil og án endurgjalds.* Boðið verður upp á veitingar.



TEFLA DJARFT Kínversku skákmeistararnir Bu og Wei að tafli í Salaskóla í gær.

Íslenska landsliðið í skák mætir því kínverska: Kínverska landsliðið í skák teflir á Íslandi

SKÁK Kínverska landsliðið í skák er í heimsókn á Íslandi og mun tefla í landskeppni við Íslendinga nú um helgina.

Í kínverska liðinu eru tveir ofurstórmeistarar, þeir Bu Xiangzhi og Yu Yangyi, sem eru í hópi sterkustu skákmanna heims. Þá teflir hinn fjórtán ári gamli

Wang Yiye fyrir liðið, en hann er meðal efnilegustu skákmanna heims.

Landskeppnin er haldin í tilefni af 60 ára afmæli Kínversk-íslenska menningarfélagsins. Hún fer fram í höfuðstöðvum Arion banka frá klukkan 13 til 17 í dag og á morgun. Áhorfendur eru velkomnir. - mþ



FS
Félag sjúkráðgjafara



*Allir þátttakendur eru sjálfbóðaliðar og þurfa sjálfir að standa straum af eigin ferðakostnaði.

Nýr Mitsubishi Outlander kominn til landsins



Frumskýndur í dag
milli kl. 10 og 16

Staðalbúnaður í Intense

18" álfelgur
Aðgerðastýri
Upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél
USB tengi og handfrjáls símabúnaður
Hraðastillir með fjarlægðarskynjara
Árekstravörn
Akreinavari
Tvískipt tölvustýrð miðstöð
Upphituð framsæti
Upphituð framrúða
AM/FM útvarp CD/MP3 spilari

Rafdrifnir og upphitaðir útspeglar með stefnuljósum
Vindskeið að aftan með LED lýsingu
Þokuljós að framan með beygjuljósum
Regnskynjari á rúðupurrkum
Sjö öryggispúðar
Skyggð gler í hliðar- og afturrúðu
Svartir langbogar á þaki
Þvottasprautur á aðalljósum
Dagljósabúnaður

Outlander kostar frá
6.390.000 kr.
Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

HANNAÐUR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander er ríkulega búinn staðal- og þæginda-búnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstravörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense. Við viljum bjóða þér í reynsluakstur á þessum frábæra bíl og þigga léttar veitingar hjá okkur í HEKLU í dag milli kl. 10-16.



Illa gengur hjá Stoltenberg: Stjórn kolfallin í fylgiskönnun

NOREGUR Allt stefnir í stjórnskipti í Noregi eftir þingkosningar í haust, miðað við niðurstöður



JENS STOLTENBERG

nýrrar skoðanakönnunar. Samanlagt fylgi stjórnskiptanna, Verkamannaflokksins, Miðjuflokksins og Sósíalíska vinstriflokksins, er einungis 34 prósent. Á

meðan eru Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn með samtals 53 prósent.

Hægriflokkurinn er stærstur með 36% og Verkamannaflokkur Jens Stoltenberg mælist með 26,4%, en Miðjuflokkurinn fellur út af þingi ef fram fer sem horfir þar sem hann er með undir fjögurra prósentu fylgi.

SJÁVARÚTVEGUR

Samdráttur heildarafli

Heildarafli íslenskra skipa í nýliðnum janúarmánuði, metinn á föstu verði, var 8% minni en í janúar 2012. Afli nam alls 147.314 tonn um nýliðnum janúar samanborið við 198.290 tonn í janúar 2012. Greint er frá þessu á vef Hagstofunnar.

HVERAGERÐI

Vonbrigði með vegamál

Bæjarstjórn Hveragerðis segir það vonbrigði að við breikkun Hringvegarins um Kamba sé vegurinn ekki færður til suðurs meðfram þéttbýlinu í Hveragerði. Færsla vegarins sé grundvallarforsenda fyrir frekari uppbyggingu íbúðabyggingar í vesturhluta bæjarinnar.



Á LANDSPÍTALANUM Fundur sjúkraliða fagnaði á fimmtudag yfirlýsingum um að leiðrétta ætti laun heilbrigðisstétta sem setið hefðu eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flestir hættu við uppsögn

Yfir 80 prósent þeirra um 300 hjúkrunarfræðinga sem sagt höfðu upp störfum á LSH höfðu í gær dregið uppsögn sína til baka. Stéttarfélagið Efling fer eftir helgina fram á viðræður um kjör sinna félagsmanna.

VINNUMÁL Aðkomu ríkisins er þörf til að leysa úr vanda annarra kvennastétta við Landspítalann (LSH) sem vilja fá sambærilega leiðréttingu kjara og hjúkrunarfræðingar hafa fengið.

„Ekki eru til aurar hér, því miður,“ segir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og sviðs LSH og formaður kjara- og launanevndar spítalans. Hún segir ljóst að við taki strangar viðræður við aðra hópa um endurskoðun stofnansamninga í takt við yfirlýsingar um innleiðingu jafnlaunastefnu ríkisstjórnarinnar. Erna vísar til yfirlýsinga Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um að byrja ætti á að leiðrétta kjör heilbrigðisstétta og að þar hafi hjúkrunarfræðingar

verið fyrstir. „Guðbjartur hefur jafnframt lýst því yfir að geislafræðingar og lífeindafræðingar séu með í þeirri yfirferð og margar yfirlýsingar komið fram um aðra.“

Um hádegisbil í gær höfðu rúmlega 80 prósent hjúkrunarfræðinga sem sagt höfðu upp störfum dregið uppsögn sína til baka. „Og helst viljum við fá alla til baka,“ segir Erna. Endanlegar tölur liggi þó ekki fyrir fyrr en á mánudag, þar sem einhverjar tilkynningar gætu átt eftir að berast í pósti.

Eftir helgi fer Efling – stéttarfélag fram á viðræður um endurskoðun stofnansamninga við LSH og fylgir þar í kjölfarið á Sjúkraliðafélaginu. „Starfsmenn innan Eflingar sem vinna

hjá Landspítalanum og á hjúkrunarheimilum eru nánast hrein kvennastétt enda yfir 96 prósent kvenna sem sinna þessum störfum,“ segir í erindi sem Efling hefur sent spítalanum í kjölfar breytinga á samningi hjúkrunarfræðinga.

Kveðst félagið líta svo á að yfirlýsingar velferðarráðherra um að kominn sé tími til að leiðrétta launakjör starfsmanna þar sem mikill meirihluti sé konur, eigi við um Eflingu. „Enda hefur hann vakið athygli á að launakjör þessa fólks séu allt of lág.“

Efling lítur svo á að breytingar í takt við nýjan stofnansamning hjúkrunarfræðinga hljóti að ná til allra umönnunarstarfa. Um leið er í umfjöllun á vef Eflingar lýst

80%

þeirra hjúkrunarfræðinga sem höfðu sagt upp störfum höfðu dregið uppsögnina til baka um hádegisbil í gær.

„verulegum áhyggjum“ af þeirri nálgun spítalans að launabreytingar verði bornar uppi af hagræðingu innan spítalans. „Við gerum þá kröfu bæði til spítalans og ríkisstjórnarinnar sem rekstraráðila að störf okkar fólks verði tryggð og lagðir verði til nægjanlegir fjármunir til þess að standa undir þessum launabreytingum.“

ollikr@frettabladid.is



Seðlabanki Íslands Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 19. mars 2013. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyris hafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyris hafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>).

Útboð í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 27. febrúar n.k.

Útboð í ríkisverðbréfaeið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í floknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaeiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptaböndum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útbodsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útbodsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 19. mars 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utbod>.

Stefnt er að næsta útboði 30. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



GRÍSIRNIR Sex nýgotnir grísir og fimm tæplega tveggja mánaða gamlir grísir eru nú í svínastfunni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

MYND/FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Gyltan Skríttla búin að gjóta: Sex nýgotnir grísir í garðinum

NÁTTÚRA Sex grísir hafa bæst við dýrafjöldann í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, en gyltan Skríttla gaut fyrir viku.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá garðinum gekk gotið vel og gyltan og grísirnir eru við hestaheilsu. Síðast bættist í hópinn í svínastfunni á jóladag, þegar gyltan Skoppa gaut fimm grísrum.

Gyltur ganga með grísi í 114 til 116 daga, eða þrjú mánuði, þrjár vikur og þrjú daga. Grísirnir eru rúmlega hálf kiló við fæðingu en stækka mjög hratt. Mesti fjöldi grísa sem vitað er til að fæðst hafi í einu goti eru 27 grísir, en metið í Húsdýragarðinum er 22 grísir.

-þeb

SKAGAFJÖRDUR

Strætó á Hofsóss og Hóla

Strætó bs. hefur kynnt áform um að taka upp ferðir milli Saudárkróks, Hofsóss og Hóla í tengslum við núverandi áætlun strætó.



ÞREYJUM ÞORRANN MEÐ MILLJÓNUM!

Fjórfoldur Lottópottur stefnir í 34 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



ÓGGEÐSLEGA



Eyðir nánast engu og kostar frá ríflega tveimur milljónum. Fullur af dísil, fer'ann eins langt og þú nennir í einum ríkk með íslenskan leiðsögubúnað og allar græjur. Komdu og sjáð'ann.



EuroNCAP útnefndi nýjan Clio öruggasta bílinn í sínum stærðarflokki. Þýska blaðið AutoBild veitti honum Gullna stýrið sem áhugaverðasta bílnum í sínum flokki.

FRUMSÝNING OG REYNSLUAKSTUR Í DAG

Renault átti met ár í sölu á síðasta ári og var nýjunda söluhæsta tegundin á Íslandi til einstaklinga á árinu 2012. Nýr Renault Clio mun vafalítið fylgja eftir þessum aukna áhuga á Renault því hér er á ferðinni bíll sem er fánlegur með sparneytnum dísil- og bensínvélum auk þess sem hin vinsæla sparneytna „Dual Clutch“ sjálfskipting verður fánleg í Clio í vor.

RENAULT
eco²

P FRÍTT Í STÆÐI Á
MIÐBORGARSVÆÐINU

FLOTTUR!



EYÐSLA FRÁ 3,4 L/100* KM DÍSil
VERÐ FRÁ 2.390.000

FRUMSÝNING Í DAG
LAUGARDAG 12-16



*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Fjárfestingarleiðin gefur hluta Íslendinga forskot:

Tvær þjóðir

Seðlabankinn greindi frá því nýverið að alls hefðu um 76 milljarðar króna komið inn í íslenskt hagkerfi í gegnum hina svokölluðu fjárfestingarleið, eða 50/50-leið, á síðasta ári. Hún gengur út á að þeir sem eiga erlendan gjaldreyri geta keypt íslenskar krónur með miklum afslætti ef þeir koma með sömu upphæð inn í hagkerfið (og höftin) og skipta henni í krónur á gengi Seðlabankans. Seljendur, heildarsalar krónunnar, eru aflandskrónueigendur. Seðlabankinn er hins vegar kjörbúðin sem býður upp á viðskiptin.

Samtals fá þeir sem koma þessa leið um 20 prósentu virðisaukningu á peningana sína. Ef öllum evrunum þeirra hefði verið skipt á seðlabankagenginu hefðu fengist um 62 milljarðar króna fyrir þær. Því er virðisaukningin sem fékkst vegna leiðarinnar um 14 milljarðar króna.

Pórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



Greining Íslandsbanka fjallaði um 50/50-leiðina í Morgunkorni sínu nýverið. Þar sagði að „vísbendingar [eru] um að verulegur hluti þess fjár sem kemur inn í gegn um 50/50 leiðina séu krónueignir Íslendinga sem hugsanlega myndu skila sér að stórum hluta inn í hagkerfið óháð útboðum Seðlabankans [...] til upprifjunar var það tekið fram í áætlun um losun gjaldreyrishafta [...] að markhópur fyrir 50/50 útboðsleiðina væru erlendir aðilar sem hefðu áform um að fjárfesta í íslensku atvinnulífi“.

Þetta rímar við það sem aðilar innan bankakerfisins segja í einkasamtölum. Að gamlir útrásarvíkingar og íslensk útflutningsfyrirtæki nýti sér þessa leið grimmt til að fjölga krónum sínum. Að Íslendingar sem búi erlendis taki jafnvel lán hjá erlendum bönkum til að flytja peninga heim og kaupa sér fasteignir eða aðrar eignir með miklum afslætti. Að íslensk fjármála-fyrirtæki bjóði líka upp á „lausnir“ fyrir þá kúnna sem eiga gjaldeyri til að koma með hann inn í landið með þessum hætti.

Seðlabankinn brást við þessari umræðu með greiningu á síðasta útboði sem fór fram 5. febrúar. Niðurstaða hennar var sú að innlendir fjárfestar ættu einungis 17 prósent af fjárhæðunum. Erlend félög í eigu innlendra aðila voru talin með. Vert er að taka fram að sú upphæð sem skipt var í krónur í þessu uppboði er um tíu prósent af heildarupphæðinni sem komið hefur til landsins í gegnum 50/50-leiðina. Fulltrúi Seðlabankans sagði enda í samtali við Fréttablaðið að ekki væri hægt að fullyrða að síðasta útboð gæfi greinargóða mynd af öllum fyrri útboðum. Þegar leitað var frekari upplýsinga um þau var lítið um svör. Slíkar upplýsingar lægju einfaldlega ekki fyrir.

Það er öllum ljóst sem vilja sjá að á Íslandi er ekki allt vaðandi í erlendri fjárfestingu. Útlenskir fjárfestar eru því ekki að flytja hingað peninga í bílförnum. Með lækkun lágmarksfjárhæða í útboðunum, úr 8,6 milljónum í 4,3 milljónir, er líka ljóst að mun fleiri „venjulegir“ Íslendingar sem fá laun erlendis eða eiga þar eignir geta flutt peninga heim með miklum ágóða.

Það er því hægt að segja að til séu tvær þjóðir á Íslandi. Sú fyrri býr hérlendis, þiggur laun í íslenskum krónum og lýtur gervigengi gjaldmiðilsins sem höftin búa til. Sú síðari þénar í gjaldeyri eða á erlendar eignir. Hún getur keypt í íslenskum fyrirtækjum, fasteignir eða bara fjárfest á 20 prósentum lægra verði en fyrri hópurinn. Nú, þegar fyrir liggur að gjaldeyrishöft verða ótímabundin, mun eignamyndunarbilið á milli þessara tveggja hópa breikka. Hratt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17

**Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is**

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Stór loforð vísa oft á mikil svik

Það er kostur við samsteypustjórnir að við myndun þeirra eru þeir flokkar sem gefa óraunhæf kosningaloforð oft stoppaðir af. Stór kosningaloforð líta því stundum strax út eins og vísir að miklum málefnaðsvikum. Þetta er þó ekki algilt.

Framsóknarflokkurinn á nú vaxandi fylgi að fagna og sýnist standa nær ríkisstjórnarborðinu en aðrir eftir kosningar. Um síðustu helgi ítrekaði hann eitt stærsta kosningaloforð allra tíma. Það er almenn endurgreiðsla og eftirgjöf verðbreytinga á húsnæðislánum fimm ár aftur í tímann. Hitt var nýtt að gera fullar efnidir á þessu loforði að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku.



Forsætisráðherra og innanríkisráðherra gáfu sams konar loforð eftir mikil mótmæli á Austurvelli eins og allir muna. Samstarfsmenn þeirra í báðum stjórnarflokkunum leiddu þær yfirlýsingar í jörð með hringekjufundum sérfræðinga. Allir vissu að ráðherrarnir höfðu lofað upp í ermina á sér, enda geymir hagsagan engin dæmi um að nokkurri þjóð hafi tekist að endurgreiða verðbólgu aftur í tímann.

Nú staðhæfir formaður Framsóknarflokksins að ekkert slíkt muni endurtaka sig fá hann

lyklavöld í Stjórnarráðinu. Því til sönnunar segir hann að kokhraustum mönnum séu allir vegir færir enda hafi kjarkur hans fært þjóðinni sigurniðurstöðu EFTA-dómstólsins, sem hann treysti þó alls ekki fyrir málalyktum fyrr en eftir á. Þrátt fyrir sjálfstraustið getur þetta þó orðið snúið.

Tvær leiðir eru til að efna þetta loforð allra loforða. Önnur er að láta elli- og örorkulífeyrisþega borga brúsann í gegnum lífeyrissjóðina með því að sniðganga stjórnarskrárvarin réttindi þeirra. Hin er að hækka skatta sem nemur loforðakostnaðinum. Flækjan er sú að Framsóknarflokkurinn lofar líka að bæta velferðarkerfi aldraðra og öryrkja og lækka skatta.

Ekki alveg einir á báti

Þegar hér er komið í spurningum og svörum má reikna með að forystumenn Framsóknarflokksins bendi á að þeir vilji auka svo verðmætasköpun atvinnuveganna að unnt verði að lækka skatta og hækka laun á Landspítalanum og öðrum stofnunum ásamt því að endurgreiða heimilunum efnahagshrunið. Svör af þessu tagi eru stundum gild. En eins og þetta mál er vaxið reynir það verulega á þolrif trúgirninnar.

Spurningin er: Kemur eitthvað fram í samþykktum Framsóknarflokksins sem vekur vonir um að hér verði þær grundvallar-

breytingar á efnahagsumhverfinu að reikna megi með þeim ofurhagvexti sem nauðsynlegur er til að standa undir loforðunum? Hagfræðingar geta dæmt um það. En veikleikinn frá sjónarhorni almenns kjósenda er sá að þetta verður alltént ekki ráðið af textanum. Menn þurfa þá að trú á eitthvað sem gæti leynst á milli línanna.

Enginn annar stjórnarmálflokkur hefur gefið slíkt loforð um almenna endurgreiðslu húsnæðislána. Framsóknarmenn eru þó ekki einir á báti. Áhrifamiklir frambjóðendur sjálfstæðismanna

og Samfylkingar tala með sama hætti án þess að svara hvernig það skuli gert. Þeirra bíður sama trúverðugleikaklipa að kosningum loknum.

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar og VG vara við yfirboðum af þessu tagi. Svo virðist sem enginn þeirra vilji taka þá áhættu að þurfa að standa utan ríkisstjórnar til þess eins að komast hjá því að svíkja óraunhæf kosningaloforð. En má treysta á þá varfærni þegar kemur að stjórnarmyndun og Framsóknarflokkurinn verður kominn í aðstöðu til að setja skilyrðin?

Einir á báti

Framsóknarflokkurinn rær nú einn á báti með þá ófrávikjanlegu afstöðu að ræða ekki aðra kosti í gjaldmiðils-málum en krónuna.

Fyrir ári boðaði Samfylkingin ein upptöku gjaldgengrar myntar. Nú benda fleiri stefnumótandi einingar á að krónan er Bráundur í Götu frjálsra viðskipta, einkaframtaks, hagvaxtar og velferðar. Þannig blasir við breyttu pólitísku landslagi í þessum efnunum þó að

skoðanakannanir segi aðra sögu um afstöðu kjósenda.

Á liðnu sumri samþykkti VG í ríkisstjórn, án fyrirvara gagnvart Evrópusambandinu, að Ísland stefndi markvisst að því að innleiða evruna. VG getur ekki horfið frá þessari stefnu fyrir kosningar nema segja sig úr ríkisstjórninni.

Þjórt framtíð er nýtt umtalsvert stjórnarmálaafli. Hún vill halda möguleikanum á upptöku evru

opnum. Þá lagði efnahagsnefnd Sjálfstæðisflokksins nýverið til að ýmsir kostir varðandi einhliða upptöku á gjaldgengri mynt yrðu kannaðir því krónan nýttist ekki í alþjóðaviðskiptum.

Þetta þýðir að fjórir af fimm stærstu flokkunum ýmist stefna að upptöku annarrar myntar eða fjalla um þann möguleika. Þótt spyrja megi hvaða hugur fylgi máli í hverju falli sýnir þetta athyglisverð umskipti á einu ári.



Viðskiptavinir Íslandsbanka eru þeir ánægðustu á fyrirtækjamarkaði

Þegar forsvarsmenn fyrirtækja eru spurðir eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hjá Íslandsbanka

Í árlegri fyrirtækjakönnun Capacent er meðal annars spurt um ánægju með þjónustu aðalviðskiptabanka. Síðustu þrjú ár hefur Íslandsbanki fengið bestu einkunnina úr svörum stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins.

Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir ánægjulegt samstarf undanfarin ár og hlökkum til að halda áfram að veita þeim góða þjónustu í framtíðinni.

Hjörtur Þór Steindórsson hefur margra ára reynslu á sviði orkumála, bæði innanlands og erlendis.

Hjörtur er viðskiptastjóri Orkuteymis Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Orðspor og traust endurheimt

Orðspor Íslands í samfélagi þjóðanna var ágætt fram að hrúni. Allt breyttist þetta á svipstundu með falli bankanna. Ekki bætti úr skák að bresk stjórnvöld beittu umdeildum ákvæðum laga um varnir gegn hryðjuverkum til að frysta eigur íslenskra banka í Bretlandi og verja þannig sína hagsmuni. Lánshæfismat ríkissjóðs féll eins og steinn. Skuldabreytingar rauk upp úr öllu valdi. Stjórnvöld áttu á hættu að lenda í útistöðum við umheiminn vegna setningar neyðarlaga og gjaldeyrishafta, meðal annars með tilliti til EES-samningsins. Upp hófust erfiðar og flóknar milli-ríkjadeilur við Breta og Hollendinga um það hvort íslenska ríkið hefði fullgilt og fylgt með réttum hætti tilskipun ESB um innstæðu-tryggingar og bæri þar af leiðandi ábyrgð á almennum lágmarksinnstæðum erlendis. Auk þess voru stjórnvöld sökuð um að hafa mismunað innstæðueigendum eftir þjóðerni. Hratt og örugglega lokuðust flest sund Íslands á lána- og gjaldeyrismarkaði. Íslensk fyrirtæki voru krafín um staðgreiðslu og fáu treyst sem frá Íslandi kom.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG tók við stjórn landsins 1. febrúar 2009. Þá blasti við að ómældum tíma og fé yrði að verja til þess að endurheimta lánstraust þjóðarinnar og orðspor. Samningar höfðu tekist um endurreisn í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem greiða skyldi út nauðsynleg gjaldreyrslán með reglulegu millibili að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Færeyingar voru fyrsta þjóðin sem veitti Íslendingum lán eftir hrúnið í október 2008 og greiddi íslenska ríkið lánið upp í árslok í fyrra. Frændur vorir á Norðurlöndum sáu aumur á okkur, sumir fullir efasemda, og samþykktu stórfelldar lánveitingar. Það á líka við um Pólland. Nú hafa verið endurgreiddir 227 milljarðar króna af lánum frá AGS og Norðurlöndunum eða sem nemur 50–60 prósentum af upphaflegum lánum og fyrirbyggjandi er ósk íslenskra stjórnvalda um lækkun vaxta á því sem eftir stendur. Allt er þetta gert til að draga úr vaxtakostnaði ríkissjóðs og efla traust á Íslandi.

Við reynum að semja
Í stefnuvísun ríkisstjórnarinnar segir berum orðum að meðal meginverkefna á næstu árum verði að endurheimta orðspor Íslands á alþjóðavettvangi og byggja upp ímynd lands og þjóðar. Langvinnri þrautagöngu er lokið með sigri í Icesave-málinu. Ábyrgir stjórnálamenn vita að nauðsynlegt var að setjast að

ORÐSPOR



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

samningaborði í deilum við erlendar þjóðir eins og ástatt var fyrstu mánuðina eftir bankahrunið. Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, orðar þetta svo í merkri grein sinni að loknu Icesave-málinu: „Hvaða íslensk ríkisstjórn sem væri hefði reynt að semja og reynt að halda málinu áfram í viðræðuferli – líka Sigmundur Davíð ef hann hefði verið ráðherra við þær aðstæður sem þá ríktu.“

Sigurinn í Icesave-málinu og fleira hefur jákvæð áhrif á stöðu okkar í samfélagi þjóðanna. Ríkissjóður hefur í tvígang á undanförunum misserum sótt sér fé á erlenda lánsfjármálamarkaði, samtals 240 milljarða króna, og þar með fengið staðfest að aðgengi að erlendu lánsfé hefur verið endurheimt. Skuldabreytingarlag er nú hið lægsta sem um getur frá því fyrir hrún og alþjóðleg matsfyrirtæki, Fitch og Moodys, hafa hækkað lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs og breytt horfum úr óstöðugum í stöðugar.

ESB – kosið um aðildarsamning

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er eitt stærsta og umdeildasta verkefnið sem ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók sér fyrir hendur í upphafi. Eins og segir í stefnuvísun ríkisstjórnarinnar hafa miklar breytingar orðið á undanförunum á sviði utanríkis- og öryggismála. Þær breytingar ná einnig til viðskipta, stjórnarmála og umhverfismála og kalla á nýja sýn og nýja nálgun í utanríkismálum.

Liður í nýrri nálgun fólst í því að sækja um aðild að ESB og hefja samningaviðræður og leggja síðan fullbúinn samning í dóm þjóðarinnar. Frá upphafi hefur legið fyrir að stjórnarflokkarnir virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart ESB.

Aðild að ESB leysir ekki öll vandamál. En hún er að minni hyggu nærtækasta leiðin í átt að stöðugleika í efnahagsmálum og betri lífskjörum á Íslandi sem fælust meðal annars í lækkun vaxta og verðlags. Aðild er einnig nærtæk leið til að auka stöðugleika, stuðla að afnámi verðtryggingar og gjaldeyrishafta og veikleikum krónunnar sem Seðlabankinn telur uppsprettu sveiflna. Við höfum ekkert að óttast og ættum að fagna því að geta í fyllingu tímans kynnt okkur efni aðildarsamnings og tekið afstöðu til hans í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Stefna Íslands á sviði utanríkisviðskipta hefur um árabil snúið að því að opna viðskiptatækifæri og leiðir fyrir íslenskan útflutning, vörur og þjónustu, með því

→ Ég tel að bæfilega hafi tekist til við að endurreisa orðspor Íslands í kjölfar hrunsins. Við getum litið stolt um öxl þótt enn sé verk að vinna.

að treysta og byggja upp net fríverslunarsamninga og viðskiptasamninga víða um heim. Nú þegar er Ísland aðili að 24 fríverslunarsamningum, sem ná til 33 ríkja með öðrum EFTA-ríkjum og viðræður eru í gangi við meira en tug ríkja til viðbótar. Ísland hefur einnig gert víðtækan fríverslunarsamning við Færeyjar.

Fríverslunarviðræður Íslands og Kína eru einnig langt komnar. Í heimsókn forsætisráðherra Kína til Íslands í apríl 2012 var sam-mælst um setja aukinn kraft í að ljúka samningaferlinu, sem staðið hefur frá árinu 2007.

Lítum stolt um öxl

Þótt efnahagsleg uppbygging sé nær ávallt í forgrunni er mikilsvært að stjórnvöld missi ekki sjónar á öðrum undirstöðuatriðum er varða mannréttindi og mannleg kvörð hvar sem er og hvenær sem er.

Mikil samstaða ríkti á Alþingi um liðlega milljarðs króna hækkun á fjárframlögum til þróunarmála á fjárlögum þessa árs. Hækkunin er liður í því að ná því marki að 0,7% þjóðarteknanna renni til þróunarmála á árinu 2019. Náist það mun Ísland skipa sér í fremstu röð í þróunarmálum á alþjóðavettvangi. Stærsta verkefni á sviði þróunarsamvinnu sem Ísland hefur nokkru sinni ráðist í hófst á síðasta ári þegar Ísland var útnefnt sem aðalsamstarfsþjóð Alþjóðabankans um jarðhitamytingu í þrettán Afríkuríkjum.

Nú er á annað ár liðið síðan utanríkisráðherrar Íslands og Palestínu staðfestu stjórnálamasamband milli þjóðanna. Áður hafði Alþingi, að tillögu utanríkisráðherra, samþykkt að Palestína yrði viðurkennð sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967. Ríkisstjórnin hefur stutt sjálfsákvörðunarrétt Palestínanna og var meðflytjandi að tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þess efnis að Palestína fengi þar stöðu áheyrnarríkis. Sú tillaga var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða á þingi SP síðastliðið haust.

Ég tel að bæfilega hafi tekist til við að endurreisa orðspor Íslands í kjölfar hrunsins. Velgengi okkar á ýmsum sviðum efnahagslífsins og áhersla á velferð og jöfnuð á skeiði uppbyggingarinnar hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Við getum litið stolt um öxl þótt enn sé verk að vinna.

UMMÆLI VIKUNNAR



„Draumur fárra er að breytast í martröð margra.“

Pétur Blöndal alþingismaður gagnrýndi mikinn kostnað skattborgara vegna byggingar og reksturs Hörpunnar.

„Það eru náttúrulega allir að smjatta á þessu hérna í bænum. Mannorðið er farið.“

Áhafnar meðlimur sem rekinn var af einu skipa Vinnslustöðvarinnar eftir að hann stóðst ekki fikniefnapróf.

„Það er einfaldlega dásamlegt að sjá sólina hér í norðurgarðinum í fyrsta skipti.“

Pórey Þórðardóttir í Kópavogi vann dómsmál gegn nágrönnum sínum í Víðihvammum sem þurftu að fella hávaxin grenitré á lóðarmörkunum.

„Það er alltaf skemmtileg stemning á þessu kvöldi alveg þangað til þetta er búið og allir eru komnir í fýlu yfir að hafa ekki unnið.“

Sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann verður kynnrí á verðlaunahátíðinni Eddunni í kvöld.

wow
air

TRAVEL



LOFORD
WOW
LÆGRA VERD
NYRRI VÉLAR
OG BREIDASTA
BROSID

Borgaðu þig upp

2. – 9. ágúst

Varsjá og Kraká

Verð á mann í tvíbyli frá: **139.900 kr.**

Gisting á ★★★★★ hótélum með morgunverði. Akstur milli Varsjár og Kraká innifalinn. Fararstjóri: Óttar Guðmundsson, læknir og rithöfundur.

7. – 10. júní

Varsjá – borgarferð

Verð á mann í tvíbyli frá: **79.900 kr.**

Gisting á ★★★★★ hóteli. Fararstjóri: Óttar Guðmundsson, læknir og rithöfundur.

22. – 29. júní

Garda vatnið

Verð á mann í tvíbyli frá: **139.800 kr.**

Gisting á Hótel Palme ★★★ með ½ fæði. Fararstjóri: Una Sigurðardóttir, kennari.

Innifalið í öllum ferðum er flug með sköttum, gisting og akstur til og frá flugvelli.



Bókaðu strax á wowtravel.is

Opel hlaut þann heiður að eiga
bíl ársins 2009 og aftur 2012



Opel Astra

Eyðsla 3,7 l/100 km**

1,7 dísil, 6 gíra, beinskiptur

Verð nú 3.990.000 kr.*

Verð áður 4.390.000 kr.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Frítt í stæði í miðborginni

OPEL ASTRA

LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM BÍLUM!

Einstakt tækifæri í febrúar.

Opel Insignia

Eyðsla 4,3 l/100 km**

2,0 dísil, 6 gíra, beinskiptur

Verð frá 4.990.000 kr.*

Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Frítt í stæði í miðborginni



Opel Zafira Tourer

Eyðsla 4,5 l/100 km**

2,0 dísil, beinskiptur

Verð nú 4.790.000 kr.*

Verð áður 5.190.000 kr.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Frítt í stæði í miðborginni



TILBOÐ

Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum í febrúar!

Opið laugardag frá 12-16



Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 **B/L**

facebook.com/opelvinir

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

ORÐ VIKUNNAR

09.02.2013 → 15.02.2013

Íslendingar stjórnarskrá Ísland börn Alþingi Feneyjanefndin

Gylfi
konur
lög
króna
verðtryggingá


Skoðun visir.is
1.724 

MÁNUDAGUR 11. FEBRÚAR

Hagræðingarhelvíti

Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur

1.668 

MIÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR

Ert þú frekja?

Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur

640 

MIÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR

**3 milljónir á mánuði og lúxus-
jeppar**

Helgi Vilhjálmsson framkvæmdastjóri

565 

MIÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR

Raunveruleikatékk

Svavar Hávarðsson pistlahöfundur

394 

FIMMTUDAGUR 14. FEBRÚAR

Vandi skólustarfs felst ekki í**kjarasamningi**Ólafur Loftsson, form. Félags grunnskóla-
kennara335 

PRÍJUDAGUR 12. FEBRÚAR

Hrun á Landspítala

Sara Arnarsdóttir hjúkrunarfræðingur

Enn um misskilning

Heiðar Már Guðjónsson, fjárfestir í Sviss, birti sína aðra grein þar sem hann gerir mig að umfjöllunar-efni í Fréttablaðinu 15. febrúar. Efnislega bætir hún litlu við fyrri grein hans um sama efni. Þó vikur hann núna loksins stuttlega að ástæðunum fyrir þessum sérkennilegu skrifum, sem er tiltekin viðskiptahugmynd hans sem hann virðist telja að ég hafi flækst fyrir að óþörfu. Viðskiptahugmyndin gekk í grófum dráttum út á að setja Orkuveituna og Reykjavíkurborg í þrot og endur-
reisa svo aftur, væntanlega gegn nokkurra milljarða króna þóknun. Áttu að koma að þessu ýmsir erlendir aðilar, ofurlögmenn og vogunarsjóðir, auk Íslendinga. Öllum gekk þeim án efa gott eitt til. Ekki veit ég hvernig átti að skipta þóknuninni en hafi Heiðar Már ekki ætlað sér neinn hlut, jafnvel persónulega greiða útlagðan kostnað, þá er það aðdáunarvert örlæti.

Það er skemmt frá því að segja að þessi frumlega hugmynd fékk álíka góðan hljómgrunn og tillagan um einhliða upptöku nýs gjaldmiðils. Ég stöðvaði ekki viðskiptahugmyndina, hún var einfaldlega andvana fædd. Það virðist penna-
vinur minn eiga erfitt með að sætta sig við. Það verður bara svo að vera.

Meiru skiptir að tekist hefur að snúa rekstri Orkuveitunnar við svo að hann skilar nú um 20 milljörðum króna á ári sem hægt er að nýta til greiðslu vaxta og afborgana.

FJÁRMÁL

Gylfi Magnússon
dósent

Það er meira en nóg til að koma fjárhagnum á réttan kjöl. Raunar myndi fyrirtækið verða skuldlaust á rúmum áratug með þessu áframhaldi. Allar helstu tölur um rekstur og efnahag og áætlanir fyrirtækisins eru opinberar. Þær tala sínu máli. Lesi Heiðar Már annað út úr þeim en ég þá verður bara svo að vera.

Tilgangslaust að þrátta

Það sama má segja um skuldastöðu þjóðarþúsins. Hann telur það á vonarvöl. Allar helstu tölur eru þar opinberar, þótt vissulega sé óvissa um sumar þeirra. Ég les annað út úr þeim en Heiðar Már og mér sýnist tilgangslaust að þrátta frekar við hann um þetta. Legg frekar til að við sammælumst um það að skrifast aftur á eftir t.d. fimm eða tíu ár. Verði íslenska ríkið, þjóðarþúid eða Orkuveitan þá farin í þrot þá liggur fyrir að hann hafði rétt fyrir sér. Ég skal meira að segja bæta því við að ég tel meiri líkur en minni á því að þá verði raungengi krónunnar hærra en nú.

Heiðar Már nefnir fleira. Hann telur það hafa verið mistök að færa innlendar eignir þrotabús gamla Landsbankans inn í nýja bankann sem er að mestu í eigu ríkisins. Þar er algjörlega ósammála honum en um þetta má deila eins og annað. Ég skil hins vegar ekki hvers vegna hann vill deila um þetta við mig. Þetta var allt saman gert haustið 2008 og kom ég þar hvergi nærri. Það væri nærtækara að hann ræddi

→ Ég stöðvaði ekki viðskiptahugmyndina, hún var einfaldlega andvana fædd.

þetta við þá sem þá voru í ríkisstjórn, enda hæg heimatökin.

Það sama má raunar segja um nauðasamninga þrotabúa gömlu bankanna sem hann virðist telja mig bera einhverja ábyrgð á. Ég hef ekkert komið að gerð þeirra eða skoðun íslenskra stjórnvalda á þeim. Það er ekki einu sinni mér vitanlega neinn alvarlegur ágreiningur innanlands um það hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt vegna þeirra. Aðalvandinn hér er annars vegar hve hratt þrotabúin geta selt eignir í krónum fyrir erlenda mynt og hins vegar hver verður framtíð nýju bankanna. Nauðasamningur þurfa að taka á þeim vandamálum með skynsamlegum hætti. Annars á ekki að fallast á þá.

Að lokum þetta. Það er ekkert að því að takast á um hagtolur og efnahagsmál og gagnrýna niðurstöður og spár stjórnvalda eða annarra aðila. Það er hluti af heilbrigðri þjóðfélagsmælingu. Einhverjir verða að mála skrattann á vegginn, eins og Heiðar Már gerir núna. Það hefðu að ósekju fleiri mátt gera fyrir hrun. Heiðar Már er ósammála mér um ýmsa hluti og gerir mikið úr meintum misskilningi mínum. Honum er það að sjálfsgöðu heimilt, hvort sem hann hefur rétt fyrir sér eða ekki. Framvinda mála mun leiða hið rétta í ljós. Sjálfur tel ég mig ekki óskekulan og hef aldrei haldið því fram. Er ekki páfinn einn óskekull?

Samkeppni um land MÁLÞING um landnýtingarstefnu í Rangárþingi

Gunnarsholti 19. febrúar 2013

- 12:00 Súpa og brauð
- 13:00 Setning – Eydís Þ. Indriðadóttir
- 13:10 Flokkur landbúnaðarlands í Rangárþingi eystra – Ásgeir Jónsson
- 13:25 Sóknarfæri í akuryrkju – Birkir Tómasson
- 13:35 Sóknarfæri í nautgripærækt – Jóhann Nikulásson
- 13:45 Sóknarfæri í sauðfjárrækt – Oddný Steina Valsdóttir
- 13:55 Sóknarfæri í hrossarækt – Sigurður Sæmundsson
- 14:05 Tækifæri í trjárækt – Hreinn Óskarsson
- 14:15 Hagfræði mismunandi landnýtingarkosta – Eggert Þ. Þórarinnsson
- 14:35 Kaffihlé
- 14:55 Verndarsvæði vegna eldgosavár – Guðmundur Halldórsson
- 15:05 Var einhver að nefna land? – Friðrik Pálsson
- 15:20 Þróun landnotkunar á Suðurlandi: orsakir og áhrif – Tómas Grétar Gunnarsson
- 15:35 Framsýni og forsjárhyggja - er hægt að stýra landnotkun? – Kristín Þórðardóttir
- 15:50 Umræður
- 16:30 Málþingi slitíð – Eydís Þ. Indriðadóttir

Fundarstjórar: Guðbjörg Arnardóttir og Sigurgeir Guðmundsson

Tæknimaður: Óðinn Burkni Helgason

Rótarýklúbbur
Rangæinga

Kynheilbrigðis- áætlun fyrir Ísland

Umfjöllun um kynlíf kallar gjarnan á mikla athygli, ekki síst ef hún tengist umdeildum málefnum eins og klámi og kynferðislegu ofbeldi. Vekur hún iðulega upp sterk viðbrögð fólks í samfélaginu, hneykslun, reiði, jafnvel ótta og óryggi. Þegar grannt er skoðað verður ekki séð að umfjöllunin hverju sinni gefi til kynna heildræna sýn stjórnvalda á viðkomandi málefni eða að unnið sé eftir langtíma-
áætlun um málið. Það sýnir fram á mikilvægi þess að setja málaflokkinn kynheilbrigðismál í fastan og faglegan farveg.

Frá stofnun Lýðheilsustöðvar tilheyrðu áfengis- og vímuvarnar-
ráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð stöðinni. Við nýlegan samruna Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar var gerð breyting á þessu. Á vegum Landlæknisembættisins starfa nú sóttvarnaráð og fjögur fagræð. Það eru fagræð um áfengis- og vímuvarnir, tóbaksvarnir, geðrækt og lifnaðarhætti en ekki er gert ráð fyrir kynheilbrigðisráði eða fagræði um kynheilbrigði. Enn fremur má vekja athygli á því að á vegum velferðarráðuneytisins eru engin sérstök ráð eða nefndir sem taka til kynheilbrigðismála.

Ekki sett í forgang

Af ofangreindu er ljóst að kynheilbrigðismál eru ekki sett í forgang innan íslensks heilbrigðiskerfis. Nauðsynlegt er að koma sem allra fyrst á fót kynheilbrigðisráði eða fagræði um kynheilbrigði innan heilbrigðiskerfisins. Hlutverk þess væri að halda utan um þennan málaflokk til að hafa yfirsýn yfir málefni en jafnframt að standa að stefnumótun á þessu sviði. Forgangsverkefni ráðsins væri að vinna að kynheilbrigðisáætlun fyrir íslenskt samfélag. Víða í nágrannalöndum okkar hafa verið settar fram áætlanir um kynheilbrigðismál. Má þar nefna lönd eins og Finnland, Bretland, Bandaríkin og Ástralíu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setti árið 2001 fram

→ Meginmarkmið með kynheilbrigðisáætlun í hverju landi er að stuðla að kynheilbrigði þegna sinna.

stefnu um kynheilbrigðismál fyrir Evrópu. Í þeirri stefnu er lögð áhersla á að fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir um barneignir og takmörkun þeirra og njóti öryggis í barneignarferlinu. Fjallað er um ýmis kynheilbrigðisvandamál á þessu sviði í álfunni eins og brjóstakrabbamein, HIV-smit, kynsjúkdóma, kynferðislegu ofbeldi og mansal. Einnig er áhersla lögð á kynheilbrigði ákveðinna hópa samfélagsins eins og unglinga, aldradæra og flóttamanna.

Meginmarkmið með kynheilbrigðisáætlun í hverju landi er að stuðla að kynheilbrigði þegna sinna. Norðurlöndin eiga margt sameiginlegt en eru að mörgu leyti með ólík vandamál á þessu sviði. Í samanburði við lönd í Evrópu þá kemur enn frekar í ljós munur á löndunum. Þetta þýðir að nauðsynlegt er fyrir hvert land að skoða þau kynheilbrigðisvandamál sem eru til staðar og þá hópa samfélagsins sem þarf sérstaklega að hlúa að og setja fram markmið og leiðir til úrbóta. Með því að setja kynheilbrigðismál í skýrari farveg innan heilbrigðiskerfisins má vinna markvissar að þessum málefnum, leggja meiri rækt við að fyrirbyggja vandamál á þessu sviði sem væri í takt við langtíma-
áætlun. Við sem sitjum á stjórn Fagræðs hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og Landspítalans um kynheilbrigði erum tilbúnar að leggja þessu máli lið.

Sóley S. Bender
Áslaug Kristjánsdóttir
Herdís Sveinsdóttir
Hildur Sigurðardóttir
Þóra Þórsdóttir
í stjórn Fagræðs hjúkrunarfræðideildar HÍ og Landspítalans um kynheilbrigði

Ferskir vindar

Vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi, voru gangsettar 14. febrúar 2013 og vinna nú orku inn á íslenska raforkukerfið. Uppsetning vindmyllanna er liður í rannsóknar- og þróunarverkefni Landsvirkjunar um hagkvæmni vindorku á Íslandi. Markmiðið er að í náninni framtíð getum við breytt íslenska rokinu í vistvæn verðmæti.

Vindmyllurnar eru staðsettar um 15 km norður af Búrfellsstöð og sjást vel frá Þjóðvegi nr. 32.

Við þökkum þeim sem taka þátt í þessu metnaðarfulla rannsóknarverkefni fyrir frábært samstarf.

Fylgstu með vindinum búa til rafmagn í rauntíma á www.landsvirkjun.is/vindmyllur

LAZY TOWN™

Latibær

í Iceland

Solla stírða og Íþróttálfurinn heimsækja Iceland í dag, laugardag.

Granda kl. 14:00

Engihjalla kl. 15:00



Orkumjólk með jarðarberja- og kakóbragði

99 kr. stk.



Iceberg

249 kr. kg



Soyamjólk 1 lítri

159 kr.



Iceland kaffipakki

379 kr.



Græn vínber

579 kr. kg



Iceland heilvæitibrauð

179 kr.



Coke 2l

288 kr.

Fjölbreytt og spennandi vöruval, frábært verð!

Frábær

Iceland

tilboð

Gildir laugardag og sunnudag

Alltaf svona
ÓDÝRT
hjá okkur!



20%

kynningarafsláttur á
öllum Iceland pizzum

Fjölbreytt
úrval af pizzum
í Iceland



Esju BBQ grísabelti

489 kr. kg



Esju svínakótilettur

989 kr. kg



Esju tortillur – verð frá:

151 kr. stk.
1.099 kr. kg

Mikið
úrval af tortilla
vefjum

Opið frá kl. 11–20 alla daga
Engihjalla og Granda




HELGIN



Sara Dögg Ásgeirsdóttir leikkona

Nýbökuð móðir

„Ég var bara að eignast lítinn strákur svo ég verð í því að sinna honum um helgina og ég mun horfa á Edduverð-launahátíðina úr fjarska í ár.“



Kristín Tómasdóttir rithöfundur

Sveit, skíði og systkinabarnapartí

„Ég verð á hestbaki og dekri á Torfastöðum með vinkonu minni og sonum okkar í dag. Svo fer ég í systkinabarnapartí í kvöld og á morgun ætla ég með skíðasnillingnum syni mínum í Bláfjöll.“



Eiríkur Ingi Jóhannsson sjómaður

Sonurinn á afmæli

„Ég er að fara í fertugsafmæli þar sem bardaginn með Gunnari Nelson verður á stórum skjá. Svo er ég að fara að halda upp á sjö ára afmæli sonar míns.“



Gísli Einarsson sjónvarpsmaður

Porrablót og Eddan sama kvöld

„Ég verð að undirbúa þorrablót í Borgarnesi í dag sem ég ætla að skemmta mér á eftir Edduna í kvöld. Svo fer ég á fjöll að taka upp efni fyrir Landann á morgun.“

Eldaði í laumi á unglingsárum

Gunnar Helgi Guðjónsson fór með sigur af hólmi í Masterchef-keppninni á Stöð 2 sem lauk í gærkvöldi.

Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is

Ég bjóst alls ekki við því að vinna en ég stefndi auðvitað að því,“ segir Gunnar Helgi Guðjónsson, myndlistarmaður og kaffibarbjónn, sem er sá fyrsti sem fagnar sigri í Masterchef á Íslandi. Gunnar Helgi hefur lengi verið áhugakokkur eins og þeir vita sem fylgdust með þáttunum sem sýndir voru á Stöð 2 en úrslitabátturinn var í gær. „Ég hef alltaf haft rosalega gaman af því að elda og baka. En ég fór reyndar mjög leynt með það á unglingsárunum. Fannst það held ég svo hommalegt,“ segir Gunnar Helgi, sem er samkynhneigður og löngu kominn út úr skápnun þótt það hafi tekið „allt of langan tíma“, eins og hann segir sjálfur.

„Ég kom út úr skápnun þegar ég var að byrja í Listaháskólanum, þá var ég í mikilli sjálfskoðun og sá að það var ekki hægt að fara í felur með kynhneigðina. Og því var bara mjög vel tekið í kringum mig. Ég verð líka að segja að mér þykir frábært hversu mikið fordómar gegn samkynhneigðum eru á undanhaldi, mér þykir margt hafa breyst til batnaðar í þeim efnunum bara undanfarið ár,“ segir Gunnar Helgi sem starfar í dag sem kaffibarbjónn á Kaffismiðjunni, en kaffiheimurinn hefur átt hug hans allan undanfarið ár. Þar áður vann hann í nokkur ár hjá Listasafni Mosfellsbæjar.

Langaði aldrei í kokkinn

„Ég átti þátt í því að búa til sýningaræðstöðu og kom að öllum hliðum þess verkefnis, sýningarstjórn og skipulagi, að semja fréttatilkynningar og þar fram eftir götunum.“

Það var mjög skemmtilegt en svo fékk ég allt í einu nóg af því. Ég komst líka að því að ég fengi hærri laun sem barbjónn en sem opinber starfsmaður,“ segir Gunnar Helgi og brosir. „Ég gerðist barbjónn á Trúnó og þar kviknaði mikill kaffiáhugi hjá mér. Þaðan lá svo leiðin á Kaffismiðjuna, þar sem ég vinn núna.“

Prátt fyrir mikinn áhuga á eldamennsku á unga aldri hvarflaði aldrei að Gunnari að gerast kokkur. „Nei það kom ekki til greina, eldamennska og bakstur voru og eru fyrst og fremst áhugamál. Eftir að hafa verið fjögur ár frekar utanveltu á náttúrufræðibraut í Menntaskólanum við Sund fór ég í Myndlistarskólann í Reykjavík og undirbjó mig þar fyrir inntökupróf í Listaháskólanum og þaðan lauk ég námi 2006.“

Sjónvarpið heillar

Gunnar Helgi segir að það hafi verið mjög gaman að elda fyrir framan myndavélarnar þó að það hafi verið mjög stressandi líka, sérstaklega fyrst. „Ég var mjög stressaður í fyrsta sinn sem ég mætti og átti bara að elda eitthvað. Ég vissi ekkert hvað hinir voru að gera og var alveg að fara á taugum. Það er kannski skýringin á því að ekkert var sýnt af mér frá þeirri upptöku,“ segir Gunnar og hlakur.

En frammistaða hans heillaði þáttastjórnendur og í þáttunum sem fylgdu í kjölfarið hefur hann náð að heilla áhorfendur upp úr skónum, hvort sem er með frumlega samsettu réttum eða Donnu Summer-bollakökum. „Mér leið vel á tókustað og fannst orkan sem myndaðist þar mjög skemmtileg. Ég gæti alveg hugsað mér að vinna á þessum vettvangi, sjónvarpið er mjög heillandi heimur,“ segir Gunnar Helgi að lokum.



HEFUR LENGI VERIÐ MASTERCHEF-ADDÁNDI Gunnar Helgi Guðjónsson hefur lengi fylgst með erlendum Masterchef-þáttum og greip því tækifærið og skráði sig til leiks í haust og sér ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Apple situr á óráðstafaðri peningahrúgu

Bandaríski tölvurísinn Apple á ótrúlegt magn óráðstafaðs fjármagns sem enginn veit hvað gera á við.

Tölvuframléiðandinn Apple í Kaliforníu í Bandaríkjunum hefur undanfarið verið á milli tannanna á fólki fyrir gríðarlega auðsöfnun fyrirtækisins. Í lok síðasta árs átti Apple 137 milljarða dollara af óráðstöfuðu handbæru fé, jafngildi 17.640 milljarða íslenskra króna.


Vanalega safna fyrirtæki ekki peningum eins og Apple gerir, eiga heldur fyrir rekstri nánustu framtíðar og setja restinga af reiðufé sínu í fjárfestingar eða greiða arð. Ef það vantar meira fjármagn í reksturinn fæst það að láni.

Apple hefur aldrei gefið aðrar skýringar á því hvers vegna það situr á svo stórru hrúgu af peningum en að það bíði eftir réttu tækifæri til að eyða þeim í eitthvað þarft.

Til þess að setja þessa fátallega upphæð í einhvers konar samhengi gæti Apple keypt alla þekktustu samfélagsmiðla í heimi og átt tvo milljarða dollara í afgang, gefið öllum starfsmönnum sínum 1,7 milljóna dollara bónusgreiðslu eða gefið hverri íslenski konu tæplega 110 milljónir króna að gjöf.

- bph

HVAÐ GETUR APPLE GERT FYRIR 17.640.000.000.000 KRÓNA?



Apple gæti keypt 100.000 lúxusíbúðir á Manhattan í New York.

APPLE GÆTI REKIÐ ÍSLENSKA RÍKIÐ Í

31 ár

EF HEILDAR-ÚTGJÖLD RÍKISINS VÆRU ALLTAF EINS OG Á FJÁRLÖGUM ÁRSINS 2013.

Ef að upphæðinni yrði staflað í aðeins eins dollara seðlum myndi staflinn ná 14.880 kílómetra hæð eða 38 sinnum lengra en hæð alþjóðlegu geimstöðvarinnar.



14.880 km út í geim

Apple gæti keypt 213.000.000

iPhone-síma á markaðsvirði og gefið öllum Bandaríkjamönnum sem búa austan Mississippí-ár og í Texas.

Krít

Miklu meira en sólarströnd!



Fjölskylduvænn áfangastaður

Oscar Village & Suites

30. maí - 13. júní

Verð frá
119.600 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í
íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting
og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m. 1 svefnh.
139.000 kr.

Allt innifalið Tvær vikur

Sunrise Hotel

13. - 27. júní

Verð frá
169.000 kr.

Íbúð á 2 hæðum (maisonette) fyrir 2
fullorðna og 2 börn, allt innifalið.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting
og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 186.500 kr.

ferðaskrifstofa á netinu

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

Fljúgðu fyrir minna

ferð.is
sími 570 4455





LANDEIGANDI Lamprecht á átta jarðir á Íslandi, þar af sjö lögbýli. Hann á allan Heiðardal og hefur fest kaup á jörðum í Geithellnadal í Álftafirði. Hann segir það vaka fyrir sér að vernda náttúruna. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Reglur vantar um jarðnot á Íslandi

Svisslendingurinn Rudolph Walter Lamprecht á nú allan Heiðardal við Mýrdal og jarðir í Álftafirði. Hann hefur staðið fyrir umfangsmikilli skógrækt í Heiðardal og vill endurheimta votlendi. Hann segir náttúruvernd hafa rekið hann til að eyða stórfé í íslenskt land.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is
Páll Hilmarsson
pallih@gogn.in



Við lásam Íslendinga-sögurnar í skóla í Sviss og ég heillaðist af landinu. Ég hafði sérstaka mynd af Íslandi í huga mér og þegar ég kom hingað í fyrsta sinn komst ég að því að landið var nákvæmlega eins og ég hafði ímyndað mér það. Þetta segir Svisslendingurinn Rudolph Walter Lamprecht, sem hefur undanfarnin ár keypt jarðir á Íslandi. Hann á nú sex jarðir að fullu og þá sjöundu að hluta.

Nokkur styr hefur staðið um kaup erlendra auðmanna á íslenskum jörðum. Lamprecht segist vel skilja varfærni Íslendinga í þessum efnum. Það þurfi hins vegar ekki að vera slæmt að útlendingar eigi jarðir á Íslandi. Sjálfur sé hann rekinn áfram af áhuga sínum á náttúruvernd.

„Náttúruvernd ræði fyrst og fremst jarðakaupum mínum. Auðvitað vil ég skapa verðmæti, en ég tel að það þurfi að gera mun meira í náttúruvernd á Íslandi en get er. Hér er nægt landrými en það skortir reglur um landnotkun. Það er allt of lítið skipulag á byggingum hérna; menn reisa hús hér, stærra hús þar og hlöðu hérna. Þið hafið svo mikið rými að þið hugið ekki nóg að skipulaginu. En með þessu áframhaldi mun ekki líða á löngu þar til þið áttið ykkur á því að rýmið er takmarkað.

Fyrir mér snýst þetta fyrst og

fremst um náttúruvernd. Ísland virðist svo grænt og náttúrulegt en það má ekki gleyma því að stór landsvæði eru merkt jarðvegseyðingu. Fyrir þúsund árum var allt hér víði vaxið, en skógurinn hefur verið höggvinn niður og mikil jarðvegseyðing myndast.“

Milljónatuga skógrækt

Lamprecht hefur ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að skógrækt. Hann plantaði um 320 þúsund plöntum í Heiðardal og öll vinnan við það kostaði hann yfir 400 þúsund dollara, vel yfir 50 milljónir íslenskra króna.

„Ég plantaði bara íslenskum trjám, birki og víði. Svo lét ég girða fyrir ágangi sauðfjár og vona að komandi kynslóðir muni njóta lítils birkiskógar þarna. Náttúruvernd er mín helsta driffjöldur. Ég held líka að með breyttu gróðurfari muni skorðýrafánan breytast og það bæti fuglalíf og skilyrði fiska. Það er markmið mitt.“

Lamprecht hyggst því reyna að endurheimta aftur það náttúruvernd sem hann segir hafa ríkt hér á landi. Auk þess að planta trjám hyggst hann fylla upp í frárennisskurði í Heiðardal og endurheimta þannig votlendi með tilheyrandi fuglalífi. Þá hyggst hann rífa þær byggingar sem eru í Heiðardalnum, utan sumarhúsið sem hann dvelur í. Þannig verði dalurinn sem náttúrulegastur.

„Ég vil rækta skóg, koma í veg fyrir jarðvegseyðingu og minnka ummerki um mannvist eins og hægt er með því að fjarlægja byggingarnar. Ég vil koma landinu í sem upprunalegast ástand með því að fylla upp í skurðina.“

„Ég skil áhyggjurnar varðandi eignarhald útlendinga, en ef skýrar reglur gilda um landnotkun af hverju er það þá vandamál? Það mun ekki gerast að útlendingar eigi 30 til 40 prósent af íslenskum löndum. Þetta eru tilfinningarök, sem eru skiljanleg...“

Ótti við utanaðkomandi

Lamprecht segist skilja umræðuna um útlendinga sem kaupir íslenskt land. Íslendingar séu eybjóð og hann mundi sýna sömu viðbrögð væri hann Íslendingur.

„Það sem þarf að gera er að skilgreina hvað kaupandinn má gera á jörðinni. Það þarf að vera skýrt, en það má ekki neyða eigandann til að stunda hefðbundinn búskap. Í mínu tilfalli tel ég til dæmis að það sé betra að vernda náttúruna en að planta rófum og hafa sauðfé sem étur öll trén mín. Ef einhver segir við mig: Rudy, þú þarft sjálfur að stunda hér hefðbundinn búskap, þá mun ég segja að hann hafi rangt fyrir sér.

Svo stór hluti af Íslandi hefur verið lagður undir landbúnað og ég skil það vel. Þannig lifði fólk af í gegnum aldirnar og ég virði það. Í dag þarf þjóðin ekki svona mikið landflæmi til að lifa af. Það þurfti fyrir hálfri öld, en það er liðin tíð. Ég held að náttúruvernd sé mikilvæg. Sauðfé og skógrækt fara ekki saman, kindurnar éta trén. Ég girði því skógræktina af til að verja trén.“

Allir velkomnir á jarðirnar mínar

Lamprecht segir þær kjaftasögur hafa komist á kreik að hann vildi loka landsvæðum sínum fyrir umferð og banna veiði í Heiðarvatni. Það sé algjör firra, hann hafi ekki sett upp eina einustu keðju eða hlið á landareignum sínum. Allir geti keypt sér veiðileyfi í vatninu, en þar fór veiðileyfasala fram áður en hann keypti jörðina, og farið um jarðir hans.

„En menn verða þá að virða reglur og aka á vegunum. Ég sætti mig ekki við það þegar fólk ekur utan vega. Það er ekki ég sem það geri, heldur Íslendingarnir á ofurjeppunum sínum. Þeir eru að eltast við hreindýr og aka þar sem þeim sýnist. Virði menn umgengni við landið eru þeir velkomnir á mínar jarðir.“

Lamprecht segir að óttinn við uppkaupt útlendinga sé skiljanlegur, hann sé einnig til staðar í Sviss. Þetta séu hins vegar fyrst og fremst tilfinningarök. Eignarhald sé ekki vandamál ef skýrar reglur gilda um landnot.

Verða að vera reglur

Þar kemur að leiðarstefinu í hugmyndum Lamprechts varðandi jarðnotkun. Hann telur allt of fáar reglur gilda hér á landi. Séu reglurnar skýrar skipti engu máli hver eigi jarðirnar.

„Ég skil áhyggjurnar varðandi eignarhald útlendinga, en ef skýrar reglur gilda um landnotkun af hverju er það þá vandamál? Það mun ekki gerast að útlendingar eigi 30 til 40 prósent af íslensku landi. Þetta eru tilfinningarök, sem eru skiljanleg og er að finna alls staðar í Eyrópu.

Ég heyrði að ráðherra í ríkisstjórninni hefði viljað setja reglur um að það yrði að yrkja jarðir á hefðbundinn hátt. En af hverju hefur hefðbundinn búskapur dregist svo saman? Af því að það er ekki efnahagslega hagkvæmt að stunda hann. Ég ætla ekki að stunda

búskap á landi sem ég vil vernda.

Það skortir reglur um landnotkun og þá reglur sem auka verðmætið. Ef ráðherra segir að maður verði að búa á jörðunum þá er það ekki regla heldur hugmynd. Ég mundi vilja segja við hann, með fullri virðingu, að þá hugmynd verði að skoða betur. Er það í raun góð regla? Er það besta leiðin til að auka verðmæti jarðanna? Ég held ekki. Það sem mun gerast er að útlendingar munu ekki kaupa neinar jarðir.

Ég setti allt þetta fé í skógrækt af því að ég veit að það eykur gildi landsins. Aðrir útlendingar munu ekki gera slíkt hið sama ef krafan er uppi um að þeir búi hérna.“

Lamprecht segir að skipta eigi landinu upp í svæði. Stunda landbúnað á ákveðnum svæðum, reisa sumarhús á öðrum, vera með iðnað á sérstökum svæðum og afmarka ákveðin svæði fyrir verndun.“

„Ef reglur eru skýrar, hvert er þá vandamálið? Landið verður ekki svart þó útlendingar eigi það. Grasið deyr ekki. Þessi rök snúast fyrst og fremst um tilfinningar.“

Framhald á síðu 28



HÖFUNDARKVÖLD *MEÐ* HANNE-VIBEKE HOLST

í Norræna húsinu miðvikudaginn 20. febrúar kl. 20.00




- HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR þýðandi ræðir við Hanne-Vibeke um verk hennar
- Spurningar úr sal
- Hanne-Vibeke áritar bækur sínar sem verða til sölu á staðnum
- ALLIR VELKOMNIR!

★★★★★
„... áhrifamikil
ættar- og
samtímasaga.“

Bjørn Bredal / Politiken

NÝ
KILJA



HVER Á ÍSLAND?

Mun fremur Íslendingar sem loka

Miklar áhyggjur voru af því að Lamprecht myndi loka Heiðardalnum. Þær áhyggjur hafa ekki ræst og einu girðingarnar sem settar hafa verið upp lúta að skógrækt. Sveitarstjóri segir erlent eignarhald ekki vandamál en vonbrigði séu að áform um uppbyggingu hafi ekki ræst.

Guðni Einarsson er bóndi í Þórisholti. Hann hefur unnið á vegum Lamprechts við trjáplöntun og umsjón jarðanna. Hann segir að það sé enginn munur á því að útlendingar kaupi jarðir eða Íslendingar, ef ætlunin sé að gera eitthvað og skapa atvinnu. Guðni segir að þegar fréttist af kaupunum hafi nokkrir verið ósáttir.

„Sumir vilja halda þessu í byggð og það er svo sem allt í lagi með það. Þegar kynslóðaskipti verða er ekki sjálfgefið að börnin vilji taka við búskap. Hvað eiga menn þá að gera?“

Lamprecht keypti jarðirnar árið 2003, en ábúendur höfðu tíu ára ábúðarrétt. Tómas Pálsson, bóndi á Litlu-Heiði, brá búi síðastliðið haust og enn eru hross í eigu fyrrum eigenda á jörðinni. Næsta sumar verður fyrsta sumarid þar sem Lamprecht verður einn í dalnum. Guðni óttast ekki að það þýði að svæðinu verði lokað.

„Eins og þið sjáið gátuð þið keyrt hingað heim í hlað, það er ekkert hlið. Þetta verðum við kannski frekar vör við ef Íslendingar kaupa, að þeir loki. Í nýju aðalskipulagi gerði hann ekki athugasemdir við að skipulagðar væru gönguleiðir um hans land. Þetta er nú öll lokunin. Hér er náttúrulega gömul þjóðleið og hann kemur aldrei til með að loka þessu.“

Hins vegar búum við við þann veruleika að ferðamanntraffíki er að aukast alveg gríðarlega og við þurfum náttúrulega að hafa hemil á því. Við viljum náttúrulega ekki að ferðamenn fari hér um allt og óhindrað, það þarf að hafa stjórn á því líka.“

Allt opið

Einu girðingarnar sem settar hafa verið upp á svæðinu eftir að Lamprecht eignaðist það eru til að vernda skógrækt fyrir ágangi búfjár. Guðni segir að líklega verði meira sett upp af slíkum girðingum, en Lamprecht hefur uppi áform um að fylla í skurði og endurheimta votlendi.

„Hann þarf náttúrulega að girða af ef hann ætlar að vernda þetta. Við girtum skógræktina af, en að öðru leyti hafa menn beitarrétt og geta beitt á heiðarlöndin. En hugsanlega kemur hann til með að verja Heiðardalinn sjálfan fyrir búfé.“

Lamprecht ræktar lax í Vatnsána og sjóbirtingur gengur upp í hana. Hann selur veiðileyfi í ána og vatnið, nokkuð sem fyrri eigendur gerðu einnig. Þá hefur hann haldið áfram uppgræðslustarfi þeirra.

„Við höfum á hverju ári dreift út áburði hérna til að halda áfram uppgræðslunni. Sá sem bjó hér fyrir, Tómas Pálsson, var mikið í uppgræðslu. Lamprecht hefur svo haldið því áfram. Hann hefur allavega hug á að vernda landið og gera það náttúrulegt. Það er hans draumur.“

Lamprecht-reglugerð

Líkt og áður hefur verið komið inn á í þessum greinaflokki er Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra með reglugerð í smíðum til að takmarka eignarhald útlendinga á íslenskum



HEIÐARDALUR Rudolph Walter Lamprecht hefur keypt tvær bújarðir í Heiðardal auk lands sem bændur í Reykjahverfi áttu. Hann á nú dalinn allan, Heiðarvatn og Vatnsá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



„Þegar kynslóðaskipti verða er ekki sjálfgefið að börnin vilji taka við búskap. Hvað eiga menn þá að gera?“

Guðni Einarsson, bóndi í Þórisholti.

jörðum. Í samtali við Fréttablaðið í janúar útskýrði hann að það væru ekki síst kaup Lamprechts sem væru kveikjan að vinnunni.

„Hugsunin er ekki sú að girða fyrir allar fjárfestingar á Íslandi eins og margir hafa verið að gefa í skyn. Ég er að beina sjónum mínum fyrst og fremst að eignarlandi,“ sagði Ögmundur í janúar. Í fréttinni þá segir:



„Það eru brögð að því að auðkýfingar séu að safna hér jörðum án þess að hafa nokkurn tilgang með því að sinni annan en að safna eignarlandi á Íslandi,“ segir Ögmundur og nefnir sérstaklega landakaup Svisslendingsins Rudolfs Lamprecht í Mýrdal. „Ég hygg að þetta sé líka að gerast annars staðar án þess að ég vilji á þessu stigi fara nánar út í það,“ segir Ögmundur.

Á FIMMTUDAG Upplýsingar liggja ekki á lausu.



SUMARHÚSIÐ Lamprecht byggst rífa allar byggingar úr dalnum nema sumarhúsið sem hann dvelst í.

Eigendur stærstu eignarhaldsfélaganna



Líkt og fram hefur komið í þessum greinaflokki er erfitt að átta sig nákvæmlega á því hve margar jarðir útlendingar eiga á Íslandi. Það sem sýnir töluna er að þeir geta átt hlut í eignarhaldsfélögum sem eiga jarðir. Fréttablaðið skoðaði því hverjir eru eigendur stærstu eignarhaldsfélaganna, það er þeirra sem eiga fimm jarðir eða fleiri.

Líkt og sést hér fyrir ofan eru þeir eigendur allir íslenskir, nema Cold Rock Investment Ltd. Það er ljóst að ekki bætist mikið við tölu jarða í eigu útlendinga, þó eignarhaldsfélagin séu tekin með.

***Hluthafar í Langasjó ehf. Cold Rock Investment Ltd**

Guðný Edda Gísladóttir	7,60%
Gunnar Þór Gíslason	7,60%
Eggert Árni Gíslason	7,60%
Halldór Páll Gíslason	7,60%
Sundagarðar hf	3,40%
Óþekktir hluthafar	0,10%

Cold Rock Investment er skráð á Möltu

→ Áform hafa ekki staðist

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri á Vík, vill ekki tjá sig almennt um afstöðu sína til eignarhalds útlendinga á íslenskum jörðum. „Hins vegar varðandi þessa umræðu um það að það fari allt í rúst af því að útlendingar eigi einhverjar jarðir hérna þá get ég ekki sagt að það hafi verið að trufla okkur stórlega í Mýrdalnum allavega.“

Ásgeir segir hins vegar að þegar Lamprecht hafi keypt jarðirnar hafi verið mikil áform uppi um uppbyggingu sem væntingar hafi verið til. Ekkert hafi ræst af þeim. „Ég hef nú reyndar ekki sveitarstjóri á þeim tíma og ég þekki það nú ekki nákvæmlega, en það sem ég heyri á fólk er að það hafi verið heimliklar væntingar um að menn hafi ætlað að gera þarna mjög mikið og byggja



ÁSGEIR MAGNÚSSON

heimlíkið upp, en eins og ég segi, það hefur ekkert orðið af því. Það er nú kannski það sem maður horfir á.“


Hann segir hins vegar að það hafi ekki breytt miklu að jarðirnar í Heiðardal séu í eigu útlendinga. Þó beri að líta til þess að ekkert hafi komið í staðinn fyrir þær jarðir sem í eyði fóru.

„Þarna voru náttúrulega tvö býli í Heiðardalnum, bæði Litla-Heiði og Stóra-Heiði, og þessir bæir eru náttúrulega báðir farnir í eyði núna. Mér skilst að til standi að rífa niður eitt-hvað af þeim húsum sem þarna eru og þarna

hefur svo sem ekki önnur uppbygging verið en einn sumarbústaður, þannig að það er svo sem ekki stórt og mikið að gerast í tengslum við þessi jarðakaup, allavega ekki þarna hjá okkur. Það er óhætt að segja það.“

FRUMSÝNING

Á TABBERT HJÓLHÝSUM OG KNAUS HÚSBÝLUM



TABBERT
KYNNINGARTILBOÐ



KNAUS
verð frá kr. 13.900.000.

LÍTTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



PALOMINO
verð frá kr. 1.890.000.



T@B
verð frá kr. 3.990.000.



ÆGISVAGNINN
+ FORTJALD
kr. 1.190.000.



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Þar sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 100 ÁR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið
Laugardagur 11:00-16:00
Sunnudagur 12:00-16:00



ÚTFÖR Á GASA Sigurmynd sænska ljósmyndarans Pauls Hansen sýnir tvö börn borin til grafar eftir loftárásir ísraelska hersins.

NORDICPHOTOS/AFP

Bestu myndirnar verðlaunaðar

Meira en 50 ljósmyndarar hlutu verðlaun í hinni árlegu myndakeppni World Press Photo þetta árið. Ljósmynd frá útför tveggja ungra barna á Gasa þótti besta fréttaljósmynd ársins 2012.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

Sænski ljósmyndarinn Paul Hansen hreppti verðlaun fyrir bestu fréttaljósmynd ársins 2012. Verðlaunin fékk hann fyrir mynd frá jarðarför á Gasaströnd.

Á myndinni sjást lík tveggja ungra barna borin til grafar af hópi reiðra og sorgmæddra karlmannna. Myndin er tekin 20. nóvember í Gasaborg, en börnin létu lífið í loftárás ísraelska hersins á borgina.

„Styrkur myndarinnar liggur í því hvernig hún sýnir reiði og sorg hinna fullorðnu andspænis sakleysi barnanna,“ segir Mayu Mohanna frá Perú, ein úr dómnefnd World Press Photo-verðlaunanna. „Þetta er mynd sem ég mun ekki gleyma.“

Alls eru veitt verðlaun í níu flokkum, sem þetta árið komu í hlut 54 ljósmyndara frá 32 löndum. Alls sendu 5.666 ljósmyndarar frá 124 löndum 103.481 ljósmynd til þátttöku í keppinni. Verðlaunin eru með þeim virtustu í heimi fréttaljósmyndara.

Mynd Hansens þótti best í flokki stakra fréttaljósmynda og hlaut jafnframt verðlaun sem fréttaljósmynd ársins.

„Ég er mjög ánægður en líka mjög dapur. Fjölskyldan missti tvö börn og móðirin er með vitundarlaus á sjúkrahúsi,“ sagði Hansen.

Myndir frá átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs voru áberandi í flokkum fréttaljósmynda þetta árið.



LESID Á HAUGUNUM

Bandaríski ljósmyndarinn Micah Albert hlaut fyrstu verðlaun í flokki mynda samtíma-málefna fyrir mynd af konu sem fann sér lesefni á ruslaugum í Naíróbí, þar sem hún vinnur við að hirða nýtilega hluti.

NORDICPHOTOS/AFP



SIGUR-VEGARI

Þessi mynd af nautakappreiðum á Indónesíu hlaut fyrstu verðlaun í flokki stakra íþrótta-ljósmynda. Ljósmyndarinn heitir Wei Seng Chen.

NORDICPHOTOS/AFP



Sitja allir við sama borð?

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður í mars 2007. Hann hefur ekki enn verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum.

Öryrkjabandalag Íslands boðar til opins fundar um sáttmálann með fulltrúum framboða til Alþingis, miðvikudaginn **20. febrúar nk. kl. 14–16** á Hilton Reykjavík Nordica, Salur A.

Önnur leikur, hin skrifar

Maríanna Clara Lúthersdóttir verður í undarlegri stöðu þann 1. mars. Þá verður frumsýnd fyrsta kvikmyndin sem hún leikur í, Petta reddast, en hún kemst ekki á frumsýninguna því hún verður á sviði í Þjóðleikhúsinu að frumsýna Karma fyrir fugla. Þessi staða er dálítið dæmigerð fyrir líf hennar því hún segist eiginlega vera tvær konur í einni.

Friðrika Benónýsdóttir
fridikab@frettabladid.is



Ég útskrifaðist úr leiklistarskólanum 2003. Guð minn góður, það eru tíu ár síðan! Áður en ég fór í leikaranámið var ég búin með einn vetur í bókmenntafræðinni og þremur árum eftir að ég útskrifaðist byrjaði ég aftur, meðfram vinnu og leiklistinni. Ég kláraði BA-námið og síðan mastersnámið, skilaði mastersritgerðinni daginn áður en sonur minn kom í heiminn fyrir fjórtán mánuðum. Hann var svo hugulsamur að koma tveimur vikum of seint þannig að ég náði að klára ritgerðina.

Ekki hliðhóllt strákum

Og hún fjallaði um birtingarmyndir kvenna í Pixar-myndunum, ekki satt? „Já, eða reyndar í barnaefni almennt. En ég tók Disney sérstaklega fyrir, þar sem hann er stærsti framleiðandinn og mjög ráðandi á Vesturlöndum, og það leiddi mig að Pixar enda hafa fyrirtækin runnið saman og eru orðin eitt. Þótt ritgerðin hafi fyrst og fremst snúist um birtingarmyndir kvenna þá, eins og alltaf í femínismanum, snerist þetta upp í skoðun á birtingarmyndum annarra minnihlutahópa, kyngerva og kynþátta. Þetta var mjög sjokkerandi. Mér finnst Pixar-myndirnar æðislegar, vel gerðar og vel til þeirra vandað en þeim mun mikilvægara er að benda á hvaða heim þær eru að sýna. Sá heimur er ekki beint endurspeglun á fjölbreytileikanum í okkar heimi. Sérstaklega vantar konur og aðra kynþætti spegilmynd, það er bara eins og þær séu vampýrur. Í öllu barnaefni eru þrír karlmenn á móti einni konu. Meira að segja þegar kona er aðalpersónan, eins og til dæmis í Mjallhvíti og Pocahontas, þá breytast hlutföllin ekkert.“

Komu þessar niðurstöður þér á óvart? „Maður hafði auðvitað einhverja hugmynd um hvernig þetta væri, en þetta var miklu meira afgerandi en mig grunaði. Niðurstöður rannsókna benda til að því meira barnaefni sem stelpur horfi á því minni framtíðarmöguleika sjái þær fyrir sjálfar sig. Og annað áfall var að sjá að þær konur sem þó eru þarna þjóna oft bara því hlutverki að sýna fram á að karlhetjan sé gagnkynhneigð. Það er nefnilega þannig að feðraveldið er ekkert sérstaklega hliðhóllt strákum heldur. Það er í rauninni bara hliðhóllt þeim hvíta karlmanni sem, innan gæsalappa, vill kúga. Þeir sem ekki falla inn í það þrönga form eru litnir hornauga. Ef það er t.d. ýjað að því að karlpersona sé samkynhneigð er það í besta falli hlægilegt en í versta falli er hann illmenni. Svo er ákveðinn tólerans fyrir því að stelpur séu „strákalegar“ en voðalegt tabú að strákar séu „stelpulegir“ – það á að vera slæmt – sem er auðvitað alveg út í hött!“

Svo ertu ein af bloggum á bókmenntaefnum Druslubækur og döðrantar. Var líka svona kynjaþæling að baki þar? „Neeei. Þær byrjuðu á þessu Þórdís Gísladóttir og Þorgerður E. Sigurðardóttir, höfðu svo samband við mig og fleiri konur og, jú, á einhverjum tímamarki varð þetta dálítið kynjamiðað. Meðal annars hugsað til að gera konur meira áberandi í bókmenntafræðinni.“

Femínistavetur í leikhúsinu

Hefurðu verið að leika eitthvað með allan tímamark sem þú varst í náminu? „Já, það hafa verið svona eitt til tvö



MARÍANNA CLARA „Petta er óvenjumikill femínistavetur hjá mér í leikhúsinu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Maður er nú orðinn 35 ára og lætur bjóða sér minna en þegar maður var ungur og hræddastur af öllu við að vera leiðinlegur.“

verkefni á ári, misviðamikil. Svo hef ég unnið í hlutastarfi í bókabúðinni Eymundsson síðan ég var 19 ára. En klukkutímumum í sólarhringnum hefur fækkað síðan sonurinn kom, ég held það hefði verið erfitt að vera í tveimur vinnum og fullu námi með lítið barn. Á sumrin hef ég svo verið með bókmenntagagnrýni í Viðsjá á Rás 1.“

Og nú ertu í hverju verkefninu af öðru hjá Þjóðleikhúsinu? „Já, ég er í þremur verkum í Kassanum í vetur. Var í Jónsmessunótt, eftir Hávar Sigurjónsson, er að æfa Karma fyrir fugla eftir Kristínu Eiríksdóttur og Kari Grétudóttur, og verð svo í danska leikritinu Kvænnafræðaranum seinna í vetur.“

Þið frumsýnið Karma fyrir fugla þann 1. mars. Hvernig verk er það? „Það er bara frábært! Kristín Jóhannesar er að leikstýra og þetta er óvenjulegt verk en mjög flott og fjallar um sölu á konunni í sinni víðustu mynd, misnotkun og áfallið sem konan er í eftir það. Þær komust að því höfundarnir að vændiskonur eiga það sameiginlegt með hermönnum í stríði að þjást af áfallastreituroskun og reyndar ekki bara vændiskonur heldur allir þeir sem hafa lent í kynferðislegri misnotkun. Það lýsir sér þannig að þótt þessir skelfilegu atburðir séu liðnir hjá halda líkaminn og hugurinn áfram að sýna sömu viðbrögð. Það er auðvitað erfitt að reyna að setja sig inn í þennan heim, en þakklátt. Það er svo gaman að fá að taka þátt í verkefni sem bæði er listrænt áhugavert og skiptir mann líka máli. Það gerist ekkert alltaf. En þetta er líka kómískt verk, ekki einhver táradalur um misnotkun. Enda

er hlátur oft góð leið til að opna inn í kvikuna.“

Svo tekur Kvænnafræðarinn við? „Já, þetta er óvenjumikill femínistavetur hjá mér í leikhúsinu. Kvænnafræðarinn byggir á samnefndri bók sem kemur út reglulega í Danmörku, en hefur held ég bara komið tvisvar út á íslensku. Leikritið hefur gengið gríðarlega vel í Danmörku og hlotið verðlaun þar þannig að það verður spennandi að sjá hvort íslenskir áhorfendur tengja við það á sama hátt.“

Tvær aðskildar konur

Þú hefur mjög sterkar skoðanir. Myndirðu einhvern tíma leika í verki sem gengi þvert á þína sannfæringu? „Sem betur fer hef ég aldrei lent í því að þurfa að gera það upp við mig. Þegar maður er í stofnanaleikhúsunum hefur maður auðvitað minna val, en ég held það séu samt fordæmi fyrir því að hafna hlutverki ef það gengur þvert á einhverja sannfæringu manns. Þannig að, jú, ég hugsa að ég myndi neita að leika í slíku verki. Maður er nú orðinn 35 ára og lætur bjóða sér minna en þegar maður var ungur og hræddastur af öllu við að vera leiðinlegur. Mér finnst alveg dásamlegt að leika og vona að ég geti gert það áfram, en ef það er ekki hægt af einhverri ástæðu munu himinn og jörð ekki farast. Mig langar t.d. bæði til að skrifa meira og mennta mig meira. Þegar þú ert leikari ertu alltaf háður því að aðrir fli þig, það leikur enginn fyrir skúffuna. Og það getur verið dálítið hættulegt fyrir egóíð. Maður er rosalega ánægður þegar maður er með vinnu og svo alveg á



→ Petta reddast

Fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem þú leikur í, Petta reddast eftir Börk Gunnarsson, verður frumsýnd 1. mars. Þú kemst þá ekki á frumsýningu? „Nei, ég verð að frumsýna Karma fyrir fugla á sama tíma. Ég vona samt að ég nái að sjá hana í bíó, þótt það sé dálítið hallærislegt að kaupa sig inn á mynd sem maður leikur í sjálfur. En ég hlakka til – hún var tekin upp 2009 og hugmyndin unnin 2007 og ég held að hún sé skemmtilegur og afhjúpandi spegill á fyrir-hrun-samfélagið. Bæði hvað varðar afstöðu til velgengni – það var víðar útrásarvíkingahugsunarháttur en í fjármála-bransanum – og kannski líka til femínisma.“

botninum þegar maður hefur ekki vinnu og svoleiðis getur maður auðvitað ekkert lifað. Þess vegna hugsaði ég þegar ég fór aftur í bókmenntafræðina að maður þyrfti að hafa sterkan grunn. Ég er ekki bara atvinnulaus eða vinnandi leikkona, ég er kona, ég er námsmaður, ég er bókmenntafræðingur, ég er eiginkona, ég er móðir og allt þetta fyllir upp í heildarmyndina af mér. Hvort ég er atvinnulaus eða vinnandi leikkona kippir ekkert fótnum undan því hver ég er. Fyrir mér er það algjörlega lykkillinn að því að vera ánægð í þessum bransa. Þegar mikið gengur á í heiminum finnst manni stundum svolítið triviált að vera leikkona, en það er svo sem hægt að segja um nánast hvaða stétt sem er, maður verður bara að finna hvernig maður getur gert sem

mest gagn í þeirri stöðu sem maður er í hverju sinni.“

Þig langar ekkert að fara að skrifa leikrit eða skáldsögur? „Jú, kannski seinna. En það situr á hakunum á meðan ég er að leika svona mikið. Leikkonan leikur og bókmenntafræðingurinn skrifar.“

Eru þær alveg aðskildar? „Já. Ég ætla ekki að segja að þær hittist ekki annað slagíð yfir kaffibolla, en það er einmitt svolítið þakklátt að hafa þær báðar. Leikhúsið er samstarf en við skriftirnar er maður einn og þegar ég skrifa vanda ég mig endalaust, ligg yfir hlutunum, en í leikhúsinu verður maður stundum bara að sleppa og láta vaða sem er líka mjög gott. Þannig að ég held að þessar tvær konur í mér séu ákveðið mótvægi hvor við aðra og bæti hvor aðra upp.“



LAGERSALA

SÍÐUSTU DAGAR

ENNÞÁ HÆGT AÐ GERA FRÁBÆR KAUP



Samsung 40" LED EH5005
ÁÐUR 139.999
SVO 119.999
NÚ 109.999

FRÁBÆR TILBOÐ
SJÓNVÖRP, HLJÓMTÆKI,
FARTÖLVUR, HEYRNATÓL, HÁTALARAR
OG MARGT, MARGT FLEIRA.

SÍÐUSTU EINTÖK - LAGERHREINSUN
TAKMARKAÐ MAGN

ENN MEIRI LÆKKUN Á LEIKJUM



ALLT AÐ
90%
AF LEIKJUM



EFTIRMINNILEG ATVIK Á EDDUNNI

→ Ómar braut styttuna

Ómar Ragnarsson hefur oft en einu sinni tekið við Eddunni, nánar tiltekið fjórum sinnum: tvisvar sinnum sem sjónvarpsfréttamaður ársins og tvisvar sem sjónvarpsmaður ársins. Árið 2001, þegar Ómar tók á móti verðlauninum sem sjónvarpsmaður ársins, vildi svo óheppilega til að hann braut styttuna.



→ María Heba lætur dæluna ganga

Verðlaunahöfum á Eddunni er jafnan uppálagt að stoppa stutt við á sviðinu og vera gagnorðir í þakkarræðum sínum, ellegar er hækkað í tónlistinni. María Heba Þorkeldsdóttir lét slíkt um eyru þjóta þegar hún hlaut verðlaunin í fyrir leik í aukahlutverki í myndinni Okkar eigin Osló. „Nei, ég er ekki búin,“ sagði María Heba þegar tónlistin byrjaði að óma og lét dæluna ganga langt á þriðju mínútu þar til hún hafði þakkað öllum sem þakka þurfti.

→ Logi Gervais

Logi Bergmann Eiðsson var kynnrir á Edduverðlauninum í fyrra eins og í ár. Logi fór að dæmi breska grínistans Ricky Gervais á Golden Globe-hátíðinni um árið og reytti af sér brandara á kostnað þeirra sem í salnum sátum. Glensíð fór misvel í fólk. Myndavélinni var til dæmis ósjaldan beint að Rúnari Rúnarssyni, leikstjóra verðlaunamyndarinnar Eldfjalls, sem sat stjarfur undir gamanmálum Loga og stökk ekki bros.



→ Auglýsti eftir vinnu

Fréttaskýringapátturinn harðsvíraði Kompás, sem var á dagskrá hinnar skammlífu sjónvarpsstöðvar NFS, var valinn frétt- og viðtalsþáttur ársins 2006. Verðlaunin voru verðskulduð enda höfðu umsjónarmenn þáttarins, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Marteinn Þórisson, komið upp um umfangsmikil sakamál á borð við Byrgismálið. Stuttu fyrir verðlaunahátíðina hafði NFS hins vegar verið lögð niður og var Marteini sagt upp í niðurskurðinum. Stemningin á sviðinu var óneitanlega dálítið þvinguð þegar þeir félagar tóku við verðlauninum en Marteinn sló á léttu strengi og nota þakkarræðuna til að auglýsa eftir vinnu og gaf upp símanúmerið sitt.

→ Hlébarðagallinn


Fáir hafa vakið meiri eftirtekt á Edduverðlauninum og Bjarnheiður Hannesdóttir, sem tók við verðlauninum árið 2011 fyrir hönd aðstandenda heimildarmyndarinnar Feathered Cocaine, íklædd flegnum, aðsníðnum samfestingi með hlébarðamyndstri. „Ég vissi á fimmtudeginum fyrir Edduverðlaunahátíðina að ég myndi mæta og hugsaði að ef ég þyrfti að fara upp á svið yrði ég hvort sem er allt öðruvísi en aðrir í salnum, svo ég ákvað að gera þetta bara á minn hátt,“ segir Bjarnheiður, sem

hannaði samfestinginn sjálf. Árið eftir vakti það mikla lukku þegar Pétur Jóhann Sigfússon mætti á sviðið á hátíðinni í sama samfestingi.



→ Sveppi og netkosningin

Sverrir Þór Sverrisson – Sveppi – kom mörgum í opna skjöldu þegar hann gerði sér lítið fyrir og vann titilinn sjónvarpsmaður ársins á Edduverðlauninum 2002. Sveppi var á þeim tíma ekki nærri jafn þekktur og hann átti eftir að verða; hann var einn af stjórnendum 70 mínútna á Popptíví og hafði aðallega vakið athygli fyrir ærslalæti og sprell. Hann var hins vegar geysivinsæll meðal unglinga og naut góðs af því í netkosningu um titilinn sjónvarpsmaður ársins. Í þakkarræðunni beit Sveppi höfuðið af skömminni með því að lýsa hvernig ætti að svindla í netkosningu til að geta kosið oft en einu sinni; maður fær bara í „Tools“ og síðan „Internet options“ og afhakaði við „cookies“.



Yfirburðir á Eddunni

Edduverðlaunin verða afhent í fjórtánda sinn í Hörpu í kvöld. Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði hverjir hafa verið sigursælastir í sögu verðlaunanna, sem voru fyrst veitt 1999.

→ Eddukóngurinn

Ingvar E. Sigurðsson er sá leikari sem oftast hefur unnið til Edduverðlauna. Ingvar hefur verið tilnefndur til verðlaunanna fimm sinnum og hreppst þau jafnoft, ávallt fyrir aðahlutverk. Ingvar hefur hlotið Edduna fyrir Slurpinn og Co. (1999), Engla alheimsins (2000), Kaldaljós (2004), Mýrina (2006) og Foreldra (2007).



→ Eddudrottningin

Engin leikkona hefur hreppst Edduna oft en Kristbjörg Kjeld. Kristbjörg hefur fimm sinnum verið tilnefnd til Edduverðlauna og hreppst þau þrisvar. Kristbjörg hlaut Edduna fyrir leik í aukahlutverki í Mávahlátri (2001) og Kaldaljós (2004) og fyrir aðahlutverk í Mömmu Gógó (2010). Auk þess hlaut Kristbjörg heiðursverðlaun Eddunnar ásamt Gunnari Eyjólfssyni árið 2001.



→ Dagur Eddunnar

Dagur Kári Pétursson er farsælasti leikstjóri Edduverðlaunahátíðarinnar. Hann hefur þrisvar verið tilnefndur til Eddunnar fyrir leikstjórn og staðið með pálmann í höndunum jafn oft. Dagur hefur hlotið verðlaunin fyrir Nóa albinóa (2003), Voksne Mennesker (2005) og The Good Heart (2011). Tveir aðrir leikstjórar hafa hlotið verðlaunin tvisvar; Ragnar Bragason fyrir Foreldra (2007) og Bjarnfredarson og Fangavaktina (2010) og Baltasar Kormákur fyrir Hafíð (2002) og Mýrina (2006).



→ Eini kvenleikstjórinn

Guðný Halldórsdóttir er eina konan sem hefur unnið Edduna fyrir leikstjórn. Hana hlaut hún fyrir Ungfrúna góðu og húsið (1999). Guðný var tilnefnd aftur fyrir leikstjórn fyrir Veðramót (2007) en fyrir utan hana er Erla B. Skúladóttir eina konan sem hlotið hefur tilnefningu til leikstjóra-verðlauna Eddunnar, fyrir myndina Bjargvættur (2004).



→ Vænlegt til vinnings

Af þeim þrettán myndum sem hlotið hafa Edduna í flokknum blómynd ársins eru átta byggðar á skáldsögum eða leikritum: Ungfrúin góða og húsið, Englar alheimsins, Mávahlátur, Hafíð, Kaldaljós, Mýrin, Brúðguminn og Brim.

→ Feðgar tilnefndir fyrir að leika sömu persónu

Einu sinni hefur það gerst að tveir leikarar hafa verið tilnefndir fyrir túlkun á sömu persónunni í sömu myndinni. Ingvar E. Sigurðsson og sonur hans Áslákur léku Grím í Kaldaljós á mismunandi æviskeiðum og uppskáru báðir tilnefningu fyrir. Aðeins tvisvar í sögu Óskarsverðlaunanna hafa tvær leikkonur verið tilnefndar fyrir að leika sömu manneskju í sömu mynd. Kate Winslet og Gloria Stuart voru báðar tilnefndar fyrir túlkun sína á Rose í Titanic (1997) og Winslet var aftur tilnefnd ásamt Judi Dench fyrir túlkun þeirra á Iris Murdoch í myndinni Iris (2001).


→ Elsti verðlaunahafinn

Fyrir utan heiðursverðlaunahafa er Herdís Þorvaldsdóttir elsti handhafi Eddunnar. Herdís fékk verðlaunin fyrir leik í aukahlutverki í Hafinu (2002), þegar hún var 79 ára gömul.



→ Brosir í gegnum smikið

Ragna Fossberg sminka hefur fjórum sinnum unnið til Edduverðlaunanna fyrir fördun: fyrir myndirnar Dómsdag og Ungfrúin góða og húsið (1999), fyrir Spaugstofuna (2008) og í tvígang fyrir Áramótaskaupið (2009 og 2012).



→ Handritshöfðingjarnir

Ragnar Bragason og Dagur Kári hafa oftast unnið til Edduverðlauna fyrir handrit ársins. Ragnar fékk verðlaunin ásamt leikhópnum í myndunum Börn (2006) og Foreldrum (2007) og fyrir Bjarnfredarson (2010), ásamt Jóhanni Ævari Grímsyni og aðalleikurum Vaktabálksins. Dagur Kári hlaut handritsverðlaunin fyrir Nóa albinóa (2003), Voksne Mennesker (2005) og The Good Heart (2011).



→ Farsæl Egils saga

Enginn sjónvarpsmaður hefur notið meiri velgengni á Edduverðlaunahátíðinni en Egill Helgason, sem hefur sankað að sér verðlaunum í gegnum tíðina. Þáttur hans Silfur Egils var valinn sjónvarpsþáttur ársins 2000. Nokkrum árum síðar, þegar verðlaunaflokkum hafði fjölgað, var Silfrið valið frétt- og viðtalsþáttur ársins 2008 og 2010. Bókabátturinn Kiljan var hins vegar valinn menningar- og/eða lífsstílsþáttur ársins 2007, 2008 og 2010. Sjálfur var Egill valinn sjónvarpsmaður ársins 2007 og 2008. Alls hafa Egill og þættir hans því hlotið átta Edduverðlaun.



EDDAN 2013
LEIKKONA ÁRSNIS
Í AÐALHLUTVERKI

FORD FIESTA

FRÁ

2.490.000 KR.

FRÁ

28.979 KR./MÁN.*



**NÝR FORD FIESTA
SNILLDAR BÍLL
FRUMSÝNING Í DAG**

KOMDU MILLI KL. 12 OG 16

Ford Fiesta var mest seldi bíllinn í sínum flokki í Evrópu árið 2012. Sigurförin heldur áfram. Enn flottara útlit og sparneytnari vélar. Kynntu þér margverðlaunaða spartækni Ford, 5 stjörnu öryggi og snilldar búnaðinn Ford MyKey og Ford SYNC. Gerðu samanburð - því verðið er fráþætt!



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1.0i bensín 65 hð, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂: 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppþökubíll / útborgun að verðmæti 760.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,64%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Sumarið er komið 2013

KYNNTU ÞÉR
ÆVINTÝRALEGAR
FERÐIR OG GLÆSILEGA
GISTIMÖGULEIKA
SUMARSINS!

Bókaðu beint
á www.heimsferdir.is

OPIÐ Í DAG!

Við fögnum útgáfu
sumarbæklings – opið í dag frá

kl. 12-15

Ekkert bókunargjald á skrifstofu
til og með 22. febrúar.

15.000 kr.

bókunarafsláttur
af fyrstu 300 sætunum:

valdir gistaðir,
ákveðnar dagsetningar.

– fyrstur kemur fyrstur fær!

Verð frá

kr. 129.900

í 14 nætur



Krít

Frábært verð

Omega

Frá kr. 129.900

í 14 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Omega með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 158.900 á mann. 30. maí í 14 nætur.



Verð frá

kr. 89.600

í 7 nætur



Almeria

Frábært verð

Bahia Serena

Frá kr. 89.600

í 7 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 109.400 á mann. 11. júní í 7 nætur.



Frá kr. 87.600

í 10 nætur

Costa del Sol

Frábært verð

Aguamarina

Frá kr. 87.600

í 10 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi á Aguamarina. Netverð m.v. 2 fullorðna í studioíbúð kr. 104.300 á mann. 29. apríl í 10 nætur.



Tenerife

15.000 kr.
bókunarafsláttur

á mann á öllum
hótelum í ferðum
6. og 13. mars.



Benidorm

frá kr. 79.900 – í viku

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Buena Vista með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 95.900 á mann. 30. apríl í 8 nætur.



Kanarí

15.000 kr.
bókunarafsláttur



Glæsilegt úrval

Borgarferðir



Glæsilegt úrval

Sérferðir

Alicante

frá kr. 19.900

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Billund

frá kr. 14.900

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Osló

frá kr. 9.900

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Köben

frá kr. 9.900

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

AÐ VERA KIPPT ÚT ÚR LÍFINU

Draumur Önnu Rebecku frá unga aldri var að starfa við hesta. Sá draumur rættist en í september 2012 var henni kippt út úr sínu daglega lífi er hún lenti í alvarlegu hestaslysi. Hún hefur verið í endurhæfingu á Reykjalundi síðan í október og nýlega fór hún á bak í fyrsta skipti eftir slysið.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Pað var mikil hamingja að komast aftur þangað sem ég á heima, á hestbaki, en auðvitað var líka erfitt að geta ekki stokkið á bak, full af orku með frískan og heilbrigðan líkama," segir Anna Rebecka Einarsdóttir tamningakona eftir fyrsta reiðtúrinn frá því hún slasaðist alvarlega fyrir rúmum fimm mánuðum. Í þetta sinn var hún teymd á hesti af Berglindi Árnadóttur, sem heldur námskeið fyrir fatlaða á vegum Hestamenntar. „Þetta var góð þjálfun fyrir mig líkamlega, bæði liðkandi og styrkjandi," segir Anna Rebecka. „Fyrir utan hvað það gaf mér mikið að finna lyktina af hestinum og hlýjuna.“

Eins og bókahilla sem fer á hvolf

Hún bar eftirnafnið Wohlert þar til fyrir skemmstu að hún fékk íslenskan ríkisborgararétt. „Það var nýtt upphaf," segir hún brosandí. Nú er hún skrifuð Einarsdóttir, því Einar Öder Magnússon, reiðkennari í Flóa, léði hanni nafnið sitt.

Eftir slysið kveðst Anna Rebecka hafa orðið að endurskoða eigið líf. „Ég er svolítið eins og bókahilla sem fer á hvolf og þarf að sortéra í aftur hvaða bækur eigi að vera þar og hvernig eigi raða þeim," segir hún þar sem hún dvelur á Reykjalundi í endurhæfingu. Sú vinna er að skila árangri. Á tímabili gat hún ekki sent SMS en nú situr hún og þrjónar. Hún lenti í alvarlegu slysi í september síðastliðnum og lamaðist eftir það frá toppi til táar en lömunin kom í köflum. „Þegar ég var verst gat ég varla gert stút á varirnar til að drekka með röri og átti erfitt með að



ALLTAF MED EITTHVAÐ Á ÞRJÓNUNUM Fyrir utan að vera ómetanleg dægurvöl á kvöldin hefur þrjónaskapurinn hjálpað Önnu Rebecku með samhæfingu hreyfinga eftir að hún komst upp á lagið. Hér er hún að búa til krúttlegt krakkaþonsjú með hettu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kyngja, varð að biðja fólk að hreyfa á mér höfuðið ef ég vildi horfa til hliðar og gat ekki notað fingurna. Síðan hvarf öll hreyfigeta og tilfinning í fótum. Nú er mátturinn að koma hægt og rólega til baka í efri hluta líkamans og ég hef orðið tilfinningu í fótunum. Ég er að æfa mig í að sitja í lágum stól sem er ekki með hnakkastykki og hálsinn er alltaf að styrkjast. Samt get ég ekki enn alveg haldið haus.“

Hún segir ekki um mænuskaða að ræða heldur truflanir í taugabrautum. „Það má líkja þessu við símfónuhljóm-sveit sem nær engum samhljómi því

stjórnandinn stýrir sveitinni ekki rétt þó að spilarar og hljóðfæri séu til staðar," segir Anna Rebecka, sem fær af og til sára taugakippi í líkamann og tekur þá smá andköf, jafnvel í miðjum setningum. „Þetta er líkast því að fá straum frá rafmagnsgirðingu," útskýrir hún.

Ástfangin af hestunum

Anna Rebecka er 26 ára, sænsk að uppruna og ólst upp í Gautaborg. Þar byrjaði hún níu ára gömul að umgangast hesta og keppti meðal annars í hindrunarstökki. Íslenskum hestum kynntist hún fimmtán ára því menntaskólinn ▶

„Þegar ég var verst gat ég varla gert stút á varirnar til að drekka með röri og átti erfitt með að kyngja, varð að biðja fólk að hreyfa á mér höfuðið ef ég vildi horfa til hliðar og gat ekki notað fingurna. Síðan hvarf öll hreyfigeta og tilfinning í fótum.“



Á LEIÐ Í ÚTREIÐARTÚR Anna Rebecka og hin bleikálotta Dirfska frá Púfum.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



Í KEPPNISBRAUT Á SAÚÐÁRKRÓKI Á Dalrós frá Miðgerði sem hún keppti á í fjórgangi í 1. flokki í maí 2012.

gæludýr.is

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJA
ROYAL CANIN LANDIÐ Í VERSLUN
GÆLUDÝR.IS Á SMÁRATORGI**

**GLAÐNINGUR OG RÁÐGJÖF Í BOÐI GÆLUDÝR.IS OG
ROYAL CANIN EINGÖNGU Í DAG, LAUGARDAG**

**10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ROYAL CANIN
VÖRUM TIL 27. FEBRÚAR**




**GLAÐNINGUR FYLGIR
ÖLLUM SELDUM
ROYAL CANIN
MATARPOKUM**


**ROYAL CANIN
SÉRFRÆÐINGARNIR
VEITA RÁÐGJÖF**


**GJAFIR HANDA ÖLLUM HUNDUM
OG KÖTTUM SEM KOMA Í HEIMSÓKN**


**DÝRAHJÚKRUNARFRÆÐINGUR
VEITIR FRÍA RÁÐGJÖF OG VIGTUN**

Korputorgi · Smáratorgi · www.gaeludyr.is · 568 6688

NÝJI BÆKFLINGURINN ER KOMINN ÚT!

► sem hún var í var með Íslandshestabraut. „Stundum var ég í hesthúsi þrisvar í viku en lærði líka allar venjulegar menntaskólagreinar,“ segir hún og kveðst hafa dvalið í einn mánuð á Íslandi í starfsþjálfun á hrossaræktarþúinu Jaðri í Hreppunum, þar sem henni var boðin vinna þegar stúdentsprófið væri í höfn. Enda var hún mætt til Íslands tveimur dögum eftir prófið, í byrjun júní 2005, þá 18 ára. „Ég varð strax ástfangin af landinu, náttúrunni, fólkinu og hestunum og fljótlega fann ég að mig langaði að búa hér. Að fara að Hólum á reiðkennarbraut var draumurinn og hann rættist. Ég var þar í þrjú ár, fór í starfsþjálfun til Gísla og Mette á Þúfum í Skagafirði og vann áfram hjá þeim, samtals í fjögur ár. Frá því ég kom til landsins hef ég líka unnið hjá Einari og Svönu í Halakoti, Huldu og Hinna í Árbæ og hjá Baldvini í Torfunesi. Svo fór ég til Sigurbjörns og Fríðu á Oddhóli eftir landsmótið í fyrrasumar og var búin að vinna þar í um tvo mánuði þegar ég lenti í slysinu 8. september. Mér hafði liðið rosalega vel hjá Didda og Fríðu. Börnin þeirra eru yndisleg, þar eru margir góðir hestar og skemmtilegar reiðleiðir á bökkum Rangár svo það var spennandi vetur fram undan hjá mér,“ segir Anna Rebecka, sem keppti á Tømmamóti, ásamt Sigurbirni, daginn áður en slysið varð.

Stefndi á vegg

Þá er komið að því að fara yfir atburðarásina sem umsnéri lífi Önnu Rebecku, að minnsta kosti tíma-bundið. „Ég var ein í venjulegum verkum í hesthúsinu á Oddhóli og ætlaði að hreyfa eitt fullorðið hross úti eftir að hafa hitað það upp í reiðhöllinni en fyrst ætlaði ég að ná í buff og vettlinga í hesthúsinu sem er samtengt reiðhöllinni. Þar var opið á milli. Þegar ég ætlaði að stíga af baki til að ná í hlífðarfötin tryllist hrossið og fór á hröðu stökki eftir hesthúsganginum en við enda hans eru dyr sem eru ekki nógu háar til að ríða í gegnum. Ég ákvað á sekúndubroti að henda mér af baki til að skella ekki á veggnum. Gólfíð er steipt og veggirnir meðfram ganginum þar sem stúkantarnir eru. Ég skall niður svona einum og hálfum metra frá dyrunum og lenti með höfuðið í gólfinu en var með hjálm, sem bjargaði lífi mínu því hann sprakk. Ég missti meðvitund um stund en áður man ég eftir miklum sársauka enda virðist annað hnéd og ökkli hafa slegist utan í steypuvegginn og mjöðmin í gólfíð. Þegar ég rankaði við mér náði ég í símann í brjóstvasann og hringdi í húsbændur mína. Ég var flutt með sjúkrabíl í bæinn og Fríða og Styrmir sonur hennar fóru með mér. Mér fannst ég vera að kafna og giskað var á að lungun hefðu fallið saman. Ég var rosalega hrædd og fann mikið til. Svo var þetta líka mikið andlegt sjökk.“

Á bráðadeildinni kveðst Anna Rebecka hafa verið mynduð, hægri vinstri. „Ég var óbrotin, bara með heilahristing eftir mikið höfuðhögg og var sagt að hvíla mig. Ég fór því austur að Oddhóli aftur sama dag og lá þar, þurfti samt aðstoð til að komast um, var rosalega óglatt og með dúndrandi hausverk. Svo fór ástandið versnandi. Svinninn jókst og eftir nokkra daga varð ég að liggja í myrku herbergi því ég þoldi ekkert ljós. Mátturinn fór líka minnkandi. Viku eða tíu dögum eftir slysið leið yfir mig þrisvar á einum klukkutíma. Í þriðja skiptið fór ég í einhvers konar kóma. Ég vaknaði í hvítu herbergi og hvítklædd kona spurði mig að nafni, þá hélt ég að ég væri komin í annan heim en svo birtust Fríða og Styrmir og ég var mjög glöð að vera hérna megin. Þau höfðu þá farið með mig aftur í sjúkrabíl á Landspítalann og eru búin að vera mér mjög mikill stuðningur í gegnum þetta allt.“

Frelsið í lauginni

Næstu vikur voru erfiðar hjá Önnu Rebecku. „Mér leið eins og rúmið væri á sjó. Ég gat ekkert borðað og varð alveg máttlaus. Sums staðar hafði ég enga tilfinningu svo ef ég drakk heitt kaffi gat ég brennt mig án þess að finna fyrir því og þó ég væri ísköld á fótunum leið mér eins og mér væri sjóðheitt. Svo komu miklir vöðvakrampar og þeim fylgdi ofboðslegur sársauki. Ég var svo þreytt og

„Ég hef orðið að bæta þætti í mínu lífi eins og þolinmæði, skilning og kjark og líka lært að virða sjálfa mig því eina leiðin til að komast í gegnum þetta er að vera með sjálfri mér í liði.“

hrædd að ég var alveg að gefast upp og hélt ég væri að deyja. Eina nóttina svaf Karen, systir hans Einars Öder, hjá mér. Síðan tók við tímabil útbrotu og kláða á öllum líkamanum. Ég gat ekkert hreyft mig og var eins og fangi í eigin líkama, lá bara eins og slytti og gat ekki einu sinni klórað mér á nefinu.“

Anna Rebecka kveðst hafa komið á Reykjalund 3. október, tæpum mánuði eftir slysið. „Reykjalundur er frábær staður og ég var heppin að komast hingað. Hér er flinktt fólk. Ég er í vatnsleikfimi tvisvar í viku, sem mér finnst góð þjálfun og árangursrík. Þegar ég byrjaði í lauginni fannst mér ég komast í auðlind því þar losnaði ég tímabundið við sársaukann og í volga vatninu, með púða undir fótum og baki, fann ég því til frelsis. Hér er verið að vinna í að tengja tauga-brautirnar aftur, það gengur í raun ágætlega en tekur mikið á. Það er búin að vera gríðarlega framför hjá mér eftir áramót. Núna get ég borðað sjálf en þarf enn að nota smekki og það er stutt síðan ég gat rúllað stólnum, þó bara stutt í einu. Ég byrjaði að þrjóna um jólin og er búin að þrjóna skokk og vesti á sjálfa mig og barnakjól, -peysu, -buxur og -sokka. Nú er ég með þonsjó. Þrjónaskapurinn hjálpar mér mikið með samþvingu handanna. Enn er engin hreyfing í fótunum en tilfinning fyrir sársauka, hita og kulda er komin. Markmiðið er að ég labbi héðan út. Þar sem mænan er ósködduð hef ég góðar vonir um að það náist. Það eru ekki allir jafn heppnir. Ég ætla að leggja hart að mér til að ná bata og bind vonir við að geta einhvern tíma mætt með góðan hest í keppnisbrautina.“

Líf utan við hestaheiminn

Anna dregur ekki dul á að hugsanlega hafi vinnusemi hennar undanfarin ár komið í bakið á henni eftir slysið. „Ég var búin að leggja mikið á mig og átti alltaf erfitt með að slaka á. Kannski var ég að ofgera líkama mínum. Var mjög orkumikil og fannst ég þurfa á hreyfingu að halda. Að geta starfað við það að þjálfa og temja hesta var mér svo ofboðslega mikilvægt að ég útilokaði allt annað og gaf mér ekki tíma til að hugsa um sjálfa mig. Það eina sem skipti máli var að vinna og læra sem mest og verða sem best í því sem ég var að gera. Þessu var öllu kippt burtu í einu veffangi og því fylgdi mikið áfall, bæði andlegt og líkamlegt. Ég held okkur mannfólkinu sé mikilvægast af öllu að hafa sem mesta stjórn á eigin lífi. Flestir eiga líka einhver persónuleg vandamál sem þeir setja bara í einhvern bakpoka og nenna ekki að díla við en svo kemur að þeirri stund að maður getur ekkert annað.“

Hún kveðst fá hjálp til að stokka upp andlegu spilin á Reykjalundi ásamt líkamlegu þjálfuninni. „Hljá og væntumþykja er það sem mér finnst dýrmætast. Ég fann þau element í hestunum til að byrja með. Hingað til hafa þeir tekið 98% af mínu lífi svo þegar þeir voru teknir burtu varð lítið eftir. En ég hef þroskast og lært af áfallinu og veit að það er líf utan við hestaheiminn. Ég hef orðið að bæta þætti í mínu lífi eins og þolinmæði, skilning og kjark og líka lært að virða sjálfa mig, því eina leiðin til að komast í gegnum þetta er að vera með sjálfri mér í liði. Fjölskyldan í Halakoti hefur reynt mér ótrúlega vel og ég á stóran vinahóp sem skiptir mig miklu máli. Stuðningurinn frá þeim er hvetjandi, knús, upphringingar, SMS og kveðjur á fésbókinni. Ég vissi ekki að ég ætti svona marga að fyrr en ég lenti í slysinu og ég er óumræðilega þakklát fyrir allan stuðninginn og umhyggjuna. Nú er ég líka þakklát fyrir litla hluti eins og að geta greitt mér, burstað tennurnar og lyft kaffibollanum sjálf. Ég veit að enn er löng og mikil brekka fram undan en þegar og ef ég get aftur þjálfað og tamið hesta þá nýtist mér öll þessi reynsla á jákvæðan hátt.“

Í FYRSTA SINN Á BAK EFTIR SLYSIÐ



STÓR STUND „Mér leið eins og ég væri miklu meira lifandi en þegar mér er trillað um í hjólastól,“ sagði Anna Rebecka um þá reynslu að fara á bak hestinum Gabriel nú í vikunni. Berglind Árnadóttir í Hestamennt teymdi og læknir og sjúkrabjálfarar á Reykjalundi aðstoðuðu.

GLUGGAR

&GLER

Kynningarblað Álgluggar, viðargluggar, sérsníði, viðhaldsfríir gluggar, uppsetning og glerjun.



Peir Kjartan Long og Guðlaugur Þór Þórarinnsson, verkefnastjórnari á fagsölusviði BYKO, hafa áratugareynslu þegar kemur að gluggum og hurðum og veita viðskiptavinum fagleg ráð.



Reynsla, þekking og fjölbreytt úrval

BYKO býður upp á fjölbreytt úrval glugga og hurða sem framleiddir eru í glugga- og hurðaverksmiðju BYKO. BYKO hefur framleitt glugga og hurðir í fjöldamörg ár sem eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Sú mikla reynsla og þekking sem áunnist hefur í BYKO gegnum árin hefur skilað sér í mikilli vörubrúun þannig að bæði gluggarnir og hurðirnar uppfylla ytrustu gæðakröfur sem gerðar eru á markaðnum. Reynslan hefur líka sýnt fram á einstaklega góða endingu og mikla hagkvæmni í uppsetningu.

Það er mikilvægt að velja glugga og hurðir sem henta aðstæðum og umhverfi hverju sinni. Sölumenn BYKO hafa margra ára reynslu og eru þjálfaðir í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf og góða þjónustu. Það er því alltaf hægt að stóla á að fá góð ráð í BYKO þegar kemur að vali á gluggum og hurðum.

Viðargluggar og hurðir

BYKO býður upp á viðarglugga úr furu, oregonfuru og mahóní. Gluggana er hægt að fá í fjölmörgum útfærslum. Gluggarnir eru fúavardir. Þeir eru síðan yfirborðsmeðhöndlaðir með viðurkenndu akrýlþekjandi málningarkerfi, þar sem hægt er að velja um fjölda lita. Hægt er að fá gluggana án yfirborðsmeðhöndlunar en ekki er mælt með því, því best er að bera á viðinn og yfirborðsmeðhöndla sem allra fyrst áður en hann fer undir beran himin.

Álklæddir viðargluggar

Álkápan í álgluggunum frá BYKO

veitir margfalt veðrunarþol og endingu umfram hefðbundna tréglugga. Hönnun álkápannar stuðlar að því að halda fölsu þurrum með góðri loftun. Henni er smellt á klossa sem tryggja góða loftun um timburhluta gluggans og heldur honum þurrum. Kosturinn við álklaðda glugga er að þeir eru nánast viðhaldsfríir og sérstaklega endingargóðir.

Byko gluggar með gæðavottun

BYKO-gluggar eru með íslenska gæðavottun frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar eru gluggarnir prófaðir reglulega í slagregnskáp. BYKO er aðili að NORDMARK gæðaeftirliti og hefur fengið sérstaka viðurkenningu NTR (Nordisk Trerad). Rakainnihald viðarins er stöðugt kannað og fylgst er með loftrastýringu í fyrirtækinu. Þess vegna treystir BYKO sér til að bjóða þér fullglerjaða og málaða gæðaglugga með þriggja ára ábyrgð.

Álgluggar

BYKO býður upp á vandaða álglugga í allar gerðir bygginga, til dæmis frá Reynaers, Schüco og HS Hansen. Kröfur eru mismunandi hvað varðar útlit, styrk, eldvarnir og fleira. Starfsmenn Fagsölusviðs ráðleggja um val á hinum ýmsu gerðum og útfærslum á álgluggum.

Gler

BYKO býður upp á flestar gerðir

glers í glugga. Í dag eru oft gerðar miklar kröfur til glers, til dæmis hvað einangrunargildi, sólvörn, hljóðvörn, eldvörn og öryggi varðar. Sólvörnargler getur verið margs konar, það hleypir mismikilli birtu í gegn og stoppar mismikill af sólarorkunni. Einnig getur verið útlitsmunur hvað varðar lit og speglun. Val á gleri getur verið vandasamt og þarf að taka tillit til staðsetningar, notkunar húsnæðis og hvernig loftræstingu er háttad. Í síauknum mæli þarf að bregðast við hávaða og öryggiskröfum og þar eru til ýmsar lausnir í gleri. Einnig býður BYKO eldvarnargler, hert og samlímt gler í handrið og skilrúm, sprengihelt gler og ýmiss konar öryggisglers.

Glæsilegar bílskúrshurðir

BYKO býður nú upp á endingargóðar bílskúrshurðir úr galvanhúðuðu stáli sem hafa fyrir löngu sannað sig í rýsjóttu íslensku veðurfari. Hurðirnar eru með þykkri einangrun og þola því verulegt vindálag og kulda. Vandaður umbúnaður og traustur frágangur tryggir síðan viðhaldsfría endingu árum saman. Grunnlitur hurðanna er hvítur en hægt er að sérpanta þær í öllum litum. Enn fremur er hægt að fá hurðirnar með ýmsum viðaráferðum. Öflugt brautarkerfi hefur margsannað sig við íslenskar aðstæður og renna hurðarflekarnir á braut sem fer upp




fyrir efstu brún dyraopsins þannig að hæð þess nýtist að fullu.

Öflugir gúmmílistar tryggja þetta lokun og þol gegn vatni og vindi. Að neðan er gúmmílisti með þrefaldri lokun, það er niður, út og inn. Auðvelt er að opna hurðirnar með handafli og einnig er hægt að tengja bílskúrshurðaopnara við

þær. Bílskúrshurðirnar eru með klemmivörn og koma allar með fallvarnarbúnaði sem tryggir að þær falla ekki þó að vír slitni eða gormur brotni. Hægt er að fá þau til að annast uppsetningu þeirra. Nánari upplýsingar um mælingar, áferðir og úrval er að finna á www.byko.is.



Palais des congrès de Montréal er ráðstefnuhús í Montreal í Kanada sem er skreytt litríkum gluggum.



Þeir eru glæsilegir bláu gluggarnir í kirkjunni Dom Bosco í Bom Jesus í Brasilíu. Kirkjan var vígð árið 1980. Gluggarnir breyta um lit eftir því hvaðan sólin skín.



Hún er tilkomumikil sýnin sem mætir gestum Kaiser Wilhelm Gedächtnis Kirche við Breitscheidplatz í Berlín.



Dómkirkja Brasilíu var hönnuð af arkitektinum Oscar Niemeyer. Hún var tekin í notkun árið 1970.

Litað gler í nýmóðins húsum

Steindir gluggar hafa um aldir verið einkennismerki glæsilegra kirkna. Litað gler og steinda glugga má enn í dag finna í nútímalegum byggingum um heim allan.

Litað gler hefur verið framleitt frá fornu fari en bæði forn Egyptar og -Rómverjar bjuggu til muni úr lituðu gleri löngu fyrir fæðingu Krists. Fundist hafa leifar glugga úr kirkjum allt frá 4 og 5. öld sem skreyttir voru þunnt skornu alabastri og líktust steindum gluggum.

Litað og steint gler hefur verið notað í kirkjuglugga í Bretlandi allt frá sjöundu öld og er enn í dag aðallega að finna í kirkjum og dómkirkjum um heim allan. Nútímahönnuðir hafa margir hverjir heillast af hugmyndinni um notkun litaðs glers og má það finna í ýmsum nýmóðins húsum í dag eins og myndirnar sýna.



Stofnun hljóðs og sjónar í Hollandi (Netherlands Institute for Sound and Vision) er litrík bygging í borginni Hilversum. Byggingin er fullkomlega kassalaga en helmingur hennar er neðanjarðar. Ytra byrði hússins var hannað í samstarfi við listamanninn Jaab Drupsteen. Hver gluggi geymir fræga mynd úr hollensku sjónvarpi en aðeins er hægt að sjá hverja mynd frá ákveðnu sjónarhorni.

Háeinangrandi gluggar

fyrir íslenskar aðstæður

pro tec

windows

Pro Tec Classic gluggar eru þolprófaðir fyrir íslenskar aðstæður til að þola mikið vind- og slagveðursálag. Gluggarnir eru háeinangrandi og lækka þess vegna hitunarkostnað og spara orku. Gluggarnir eru sérsmíðaðir að óskum viðskiptavinarins og með 10 ára verksmiðjuábyrgð.

Skoðu Pro Tec á bmvalla.is.
Það gæti borgað sig.


BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ

bmvalla.is



Crystal Palace var byggt úr stálgrind og milljónum glerrúða sem framleiddar voru með nýjstu tækni í glersteypu.

Verkfræðilegt afrek

Heimssýningin í London árið 1851 fór fram í stærstu glerbyggingu sem sést hafði en nýjasta tækni í gluggaframleiðslu gerði byggingu hennar mögulega.

Kristalshöllin eða Crystal Palace var reist í London árið 1851 og hósti Heimssýninguna það ár. Byggingin var 92.000 fermetrar að stærð og var lofthæðin 39 metrar. Byggingin var öll reist úr stál- og trégrindum og stórar glerrúður mynduðu vegg og loft.

Aldrei hafði áður sést svo mikið magn af gleri í einni byggingu en nýjasta tækni í glersteypu gerði mönnum kleift að búa til stórar en jafnframt sterkar rúður. Sú tækni var þróuð af James Hartley árið 1848. Glerinu var ausið úr bræðsluofni með stórum járnausum sem

héngu á brautum í loftinu og því hellt á járnplötu. Þar var það flatt út með járnkefli og skorið til meðan það var enn mjúkt. Eftir það rúllaði glerplatan á keflum gegnum hitastýrðan ofn eða göng þar sem hún styrktist.

Í Kristalshöllina voru notaðar stærstu rúðurnar sem hægt var að búa til þá og var hver rúða 25 x 125 sentimetrar að stærð. Öll hönnun byggingarinnar var grundvölluð á stærð glerrúðanna, sem þýddi að framleiðslukostnaði var haldið í lágmarki. Eins auðveldaði það uppsetningu hússins og sparaði tíma en

byggingin var reist á innan við átta mánuðum.

Kristalshöllin þótti verkfræðilegt afrek á sínum tíma en vandamálín voru þó mörg. Það helsta var leki en byggingin lak á yfir þúsund stöðum. Þá var erfitt að halda þægilegu hitastigi inni í húsinu þar sem það funhitnaði í sólinni eins og gróðurhús.

Eftir Heimssýninguna var byggingin tekin niður og byggð upp aftur í Syenham Hill, úthverfi London. Þar stóð hún þar til hún brann árið 1936.

Hönnuður byggingarinnar var Joseph Paxton.

Heimild: wikipedia.org

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KAFFIHÁTIÐ

Kaffihátið stendur nú yfir í Hörpu en þar fer fram Íslandsmót kaffibarbjóna. Sigurvegarar öðlast þátttökurétt á heimsmeistaramótum sem haldin verða í Nice í Frakklandi og Melbourne í Ástralíu. Auk þess eru kaffifyrirtæki og fleiri aðilar með kynningarbása. Allir kaffiáhugamenn eru velkomnir.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Viltu gerast hláturjógaleiðbeinandi?

Námskeið fyrir þá sem vilja gerast hláturjógaleiðbeinendur verður haldið í Lifandi markaði, Borgartúni 24, föstudaginn 22. og laugardaginn 23. febrúar n.k.

Að auki verða nokkrir æfingartímar. Nemendur útskrifast frá Dr. Katarias School of Laughter Yoga.

Kennari er Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari.

Upplýsingar og skráning í síma 899 0223.

Tölvup. asta.hlaturjoga@gmail.com



VILL BÆTA HEIMINN

STJARNNA FÆDD Sylvía Erla Scheving söng sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar í úrslitum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Sylvía er rétt að byrja.

Mamma segir að ég hafi verið sólargeisli sem barn og að ég sé ótrúlega góður unglingur. Ég elska að vera á meðal fólks og því hélt hún að ég yrði algjört tryppi og sæist ekki meir eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla. Ég er hins vegar svo heimakær að ég vil helst alltaf vera heima með fjölskyldunni," segir Sylvía og brosir breitt.

Hún segist ekki hafa orðið vonsvikin að standa ekki uppi sem sigurvegari í Eurovision í Hörpu.

„Ég er fyrst og fremst þakklát fyrir að fá þetta tækifæri og fyrir það hvað ég kynntist mörgum. Nú vita landsmenn hver ég er og margir listamanna komu sérstaklega til að segja mig hafa sungið vel. Það er besta hrós sem hægt er að fá. Lífið snýst líka um að búa til minningar og Eurovision er ein ljíf sem fer í reynslubankann.“

FÉKK ÞAÐ BESTA FRÁ BÁÐUM

Sylvía segist hafa vitað frá blautri barnæsku að pabbi sinn væri Íþróttálfurinn.

„Ég ólst samt ekki upp í Latabæ eins og margir gætu haldið. Pabbi hélt mér markvisst frá Latabæ því hann vildi ekki að ég festist í hlutverki Sollu stírðu eins og hann hefur gert í hlutverki Íþróttálfinsins. Ég vil líka gera hlutina á eigin forsendum en ekki sem dóttir Íþróttálfinsins eða að fólk haldi að ég hafi orðið eitthvað vegna hans eða sem Solla stírða. Sem tónlistar-

maður vil ég höfða til allra aldurshópa eins og Páll Óskar frændi minn en ekki verða að eilífu poppstjarna fyrir litlu börnin.“

Að sögn Sylvíu ólst hún upp við hefðbundið og afar skemmtilegt fjölskyldulíf. „Það kemur eflaust á óvart að mamma er mun heilsusamlegri en pabbi. Við reynum auðvitað alltaf að borða hollt því það er best fyrir mann en við borðum alls konar mat og alls ekki allt grænt. Ég er ekki heldur alin upp við að mega bara fá Íþróttanammi og fæ mér stundum sælgæti þótt ekki sé nammidagur,“ segir Sylvía og skellir upp úr.

„Ég á enga uppáhaldspersónu úr Latabæ en pabbi er náttúrulega uppáhaldið mitt. Ég hef samt tileinkað mér það veganesti úr Latabæ að taka alltaf með mér ávexti í skólann,“ segir Sylvía sem er á fyrsta ári í Versló.

„Ég ólst upp við að standa með sjálfri mér, sama hvað aðrir segja. Ég hef alltaf verið sterkur karakter, jákvæð, ákveðin og þrjósk. Þegar ég stefni á eitthvað legg ég allt í sölnar og er afar metnaðarfull. Það hef ég bæði frá pabba og mömmu; ég fékk það besta frá báðum.“

VILL HJÁLPA TIL Í HEIMINUM

Sylvía stundar nám í klassískum söng hjá Alínu Dubik og söngnám í Söngskóla Maríu Bjarkar. Í sumarfríinu hyggst hún leggja land undir fót til enn frekara söngnáms.

ALLT LÍFIÐ FRAM

UNDAN „Það er gaman að vera unglingur í dag, ekki síst þegar bílprófið er handan við hornið. Ég hlakka líka mikið til þess að verða fullorðin og sjá hvað lífið færir mér,“ segir Sylvía.

MYND/VALLI

SJÁLFSTÆÐ

„Pabbi hélt mér markvisst frá Latabæ því hann vildi ekki að ég festist í hlutverki Sollu stírðu eins og hann hefur gert í hlutverki Íþróttálfinsins.“

Næg bílastæði Engir stöðumælur

Flottir kjólar



Kjöll á 12.900 kr.
Str. 36 - 46

Full búð af nýrri vöru.

Buxurnar vinsælu
komnar aftur

Verð 6.900 kr. - 10.900 kr.

black pepper
FASHION

Kíkið á myndir og
verð á facebook

Opið virka daga kl. 11 - 18
Opið laugardaga kl. 11-16

Laugavegi 178
(Bólholtsmegin)

• Sími 555 1516

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt
að leika sér

VIETNAM
MARKET

ALLT FYRIR

AUSTURLENSKA MATARGERÐ



699 kr.



550 kr.



320 kr.



387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268



BJÓÐUM UPP Á
HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður

HOLLT OG GOTT

1.250 kr



1.350 kr



1.250 kr

Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21

Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

GUNNAR NELSON Í BEINNI

GUNNAR NELSON TILBOÐ Á BJÓR

GREIFARNIR Í KVÖLD

SPOT

Stærð: 364,8 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1989
Fasteignamat: 74.800.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Lind



Opið Hús

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 17. febrúar 17:30-18:00 Verð: 89.000.000


RE/MAX LIND KYNNIR: Fallegt nýlegt einbýlishús á rólegum og góðum stað á Arnarnesi. Fallegt útsýni er af efri hæð hússins. Rúmgott eldhús og borðstofa með vönduðum tækjum og granit borðplötu. Stofa og arinstofa með glæsilegu útsýni til sjávar. Þrjú baðherbergi. Hjónaherbergissvita með fataherbergi og baðherbergi auk þess eru fjögur herbergi. Húsið er í góðu ásigkomulagi með fallegum garði og skjólgóðri vernd með heitum potti. Gufubúð. Á neðri hæð er möguleiki að útbúa aukaíbúð.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Mávanes 8
210 Garðabær
Glæsilegt einbýli- einstakt útsýni

Stærð: 450,7 fm
Fjöldi herbergja: 9
Byggingarár: 1979
Fasteignamat: 77.000.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Lind



Opið Hús

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Kristín
Sölufulltrúi
8244031
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

Sunnudaginn 17 febrúar 16:00-16:30 Verð: 138.000.000

RE/MAX LIND KYNNIR: Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum á einum besta stað á Arnarnesi. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni. Stórar stofur, útgengt á góðar suðursvalir með einstöku útsýni. Eldhús uppsett með fallegri eikarinnréttingu og góðum borðkrók. Fimm rúmgóð svefnherbergi, þrjú baðherbergi, flísalögð í hólf og gólf. Bílsalur og sauna. Flísalögð 60fm bílskúr. Húsið hefur verið endurnýjað að innan m.a. öll baðherbergi, eldhús, gólfefni, innihurðir og fleira. Einstök staðsetning.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Starhagi 14
107 Reykjavík
Fallegt hús einstakt útsýni

Stærð: 342 fm
Fjöldi herbergja: 11
Byggingarár: 1954
Fasteignamat: 91.950.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Lind



Opið Hús

opið hús sunnudaginn 17. feb frá kl 15:00-15:30 Verð: 0



Mjög fallegt og reisulegt einbýli með mikla möguleika, frábær staðsetning einstakt útsýni. Aukaíbúð í kjallara, hægt að nýta sem eina eign. 7 svefnherbergi 4 stofur, fallegar svalir með einstöku útsýni.

Allar upplýsingar veitir Hannes Steindórsson s.699-5008 hannes@remax.is eða Úlfar Þór s.897-9030

Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Flétturimi 16
112 Reykjavík
3ja herb. á jarðhæð með sólpall

Stærð: 89,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1991
Fasteignamat: 18.300.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

Sunnudagur 17. feb. kl. 15:00-15:30 Verð: 24.900.000

Gullfallega 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með góðum sólpall. Íbúðin skiptist í: Forstofu, eldhús með borðkrók, tvö svefnherbergi, nýlega endurnýjað baðherbergi með sturtubaðkari og tengjum fyrir þvottavél og þurrkara, stofu með útgengi á góðan sólpall sem snýr til suðurs og vesturs. Gólfefni eru parket og flísar. Íbúðinni fylgir 5,4 fm sérgæmsla ásamt sameiginlegri hjóla/vagnageymslu. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförmum árum.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Njálsgata 112
105 Reykjavík
3ja herb. íbúð m. auka íbúð í risi

Stærð: 140,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1944
Fasteignamat: 26.250.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Sunnudagur 17. feb. kl. 16:00-16:30 Verð: 44.800.000

Mikið endurnýjuð 3ja herb íbúð með aukaíbúð í risi. Stærri íbúðin er á 2. hæð með sér inngang frá götu. Hún er 98 fm og telur tvö rúmgóð svefnherbergi, opið eldhús inn í stofu, rúmgott baðherbergi og geymslu í risi. Í risinu er lítil 2ja herbergja íbúð sem einnig er nýstandsett. Skáð fm tala ristubúðar eru ca 32 fm en þar sem hún er að miklu leyti undir suð er gólfplöturinn talsvert meiri. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. Eignin er laus við kaupsamning.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Aefingatímabilinu lokið á Mars

Eftir hálfis árs prófanir á tækjum og tólum geimjeppans Curiosity á Mars er komið að því að hefja rannsóknir að fullu. Borað var í berg í síðustu viku. „Gullöld fyrir áhugafólk um geimferðir“, segir formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

Porgils
Jónsson

thorgils@frettabladid.is



Eftir hálfis árs dvöl á plánetunni rauðu er komið að kaflaskilum í leiðangri geimjeppans Curiosity. Á dögnum var jarðvegsbor tækisins prufukeyrður með góðum árangri og nú er honum ekkert að vanbúnaði að hefja formlega verkefni sitt með því að taka stefnuna á Sharp-fjall. Þegar þangað verður komið er markmiðið einfalt, en sennilega torstótt; að skera úr um með vissu hvort einhver tíma hafi aðstæður á Mars verið með þeim hætti að líf hefði getað þrífist þar.

Mikið þegar unnið

Þótt leiðangurinn sé formlega að hefjast hefur gríðarlega mikið unnið hingað til. Hönnun jeppans, ferðalag hans til Mars og ekki síst landingin, sem var verkfræðilegt stórvirki út af fyrir sig, hafa gefið vísindamönnum gott veganesti inn í komandi verkefni, sem munu einhvern daginn ferja manneskju til annarra reikistjarna. Þá er ógetið þess sem Curiosity hefur þegar séð og sent heim, en á 188 daga og um 600 metra ferðalagi sínu hefur hann þegar staðfest það sem áður var vitað með nokkurri vissu, að á Mars rann eitt sinn vatn. Það sést á berginu, en síðustu vikur og mánuði hafa borist myndir af þornuðum árfarvegi sem gætu þess vegna hafa verið teknar hér á Íslandi.

Vísindamenn fá lyklna

Ævintýrið hófst fyrir alvöru hinn 5. ágúst þegar Curiosity lenti á Mars. Þar sem jeppi þessi er miklu stærri en önnur slík fjarstýrð tæki sem hafa verið send út í geim, kallaði hann á nýja lausn sem fólst í því að honum var slakað niður á yfirborðið úr landingarfari knúna þrýstiloftshreyflum. Síðan þá hefur starf vísindamanna falist í að prófa öll hin fjölmörgu rannsóknar- og mælitæki, meðal annars greiningarmyndavél, jarðvegsskóflu og myndavél auk virkni og stýringu jeppans sjálfs, og hefur allt gengið að óskum.

Eftir landingu var jeppanum ekið spottakorn vestur að svæði sem er kallað Glenelg, en þar var talið að væri áhugavert svæði og kjörlið til prófana og þar hefur Curiosity haldið sig síðustu mánuði.

„Nú þegar prófunum er lokið ættu vísindamennirnir að fá lyklna í hendur frá verkfræðingunum hvað úr hverju og bruna af stað,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness og ritstjóri Stjörnufraeðivefsins. „Nú verður væntanlega keyrt meðfram sandöldunum að rótum Sharp-fjallsins þar sem hann verður næstu tvö árin. Þetta er um átta kílómetra leið en ferðin mun væntanlega taka allt þetta ár og fram á það næsta, bæði vegna þess að Curiosity keyrir hægt, í mesta lagi um 200 metra á klukkustund, og svo verður líka stoppað víða á leiðinni til að safna gögnum og gera mælingar.“

Sævar segir prófunarferlið á Glenelg hafa tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir, en það komi hins vegar til af góðu því að svæðið hafi verið mun áhugaverðara en NASA bjóst við.

Skýr merki um vatn

Curiosity hefur þegar fundið á ferð sinni sönnunargögn um rennandi vatn, sem hefur leyst upp steindir í bergi og fallið út, til dæmis í holur og sprungur, og myndar nú æðar sem sjást bersýnilega á myndum Curiosity. Þá má einnig sjá af lögum smásteinna í árfarveginum uppbornaða að þeir hafa slípast til í vatni.

„Þetta virðist vera botninn á farvegi ár sem hefur verið um hnédjúp,“ segir Sævar.



TIL Í ALLT Geimjeppinn Curiosity er nú orðinn klár í slaginn, eftir hálfis árs prófanir á kerfum og tækjabúnaði. Hann heldur á næstunni í átt að áfangastað sínum, hlíðum Sharp-fjalls, þar sem hann verður við rannsóknir næstu tvö árin eða svo til að fá úr því skorið hvort einhver tíma hafi verið lífvænlegt á Mars. MYNDIR/NASA

„Við vitum nú að Mars var einu sinni rennandi blautur, en hversu lengi það hefur varað og hve lífvænlegt hefur verið þar, er spurningin sem við vonum að náist að svara.“

Leitað að lífi

Sævar segir rannsóknina á Glenelg vera góða upphitun fyrir stóra verkefni þar sem ráðið verður í að kanna setlög í hlíðum Sharp-fjalls.

„Þetta fjall er hreinlega setlagastafla þar sem lögin liggja lárétt. Neðst eru þá elstu lögin, frá þeim tíma sem Mars er talinn hafa verið lífvænlegastur, og það eru áhugaverðustu staðirnir til að rannsaka. Ofar komum við í nýrri lögin, um svipað leyti og Olympus-fjall og fleiri risaeldfjöll mynduðust, en þá varð loftþjúp Mars súrari.“

Til að fá endanlega úr því skorið hvort líf hafi einhvern tíma getað þrífist á Mars mun Curiosity greina efnasamsetningu setlaganna, og segir Sævar að það yrði meiriháttar uppgötvun ef lífrænar sameindir myndu fundast í bergi.

„Svo mun hann líka leita eftir metani í loftinu. Hann hefur þegar prófað einu sinni, án þess að hafa fundið neitt, en vísindamenn hafa hins vegar „fundið lykt“ af metani á Mars bæði frá jörðinni og með geimförum á braut um Mars, þannig að metanið hlýtur að vera þarna einhvers staðar. Ef Curiosity finnur slíkt, getur hann skorið úr um hvort metanið er af lífræðilegum eða jarðfræðilegum toga og hvort sem er yrði afar forvitnilegt. Ef það er jarðfræðilegt merkir það að jarðhiti sé til staðar og það gæti klárlega stutt líf, en ef það er svo af lífrænum toga, er sönnunin nánast komin. Það eru þá einhverjir Marsbúar þarna undir að gefa frá sér metan! Það verður þó í raun aldrei skorið til í því með óbyggjandi hætti að líf sé á Mars fyrr en við borum niður og finnum verurnar.“

→ Í skugganum eftir níu ár á Mars

Geimjeppinn Opportunity hefur fallið í skuggan af Curiosity síðustu mánuðina, en það má ekki vanmeta hans framlag á þeim níu árum sem hann hefur skondrast um plánetuna rauðu, þó tækjabúnaðurinn sé ekki nærri eins fullkominn og hjá Curiosity. Hann hefur á 35 kílómetra ferðalagi sínu meðal annars fundið fjölmargar vísendingar um að vatn hafi runnið á Mars. „En hans niðurstöður benda flestar til þess að það vatnið hafi verið frekar súrt og ekki mjög lífvænlegt,“ segir Sævar. „En lífið er harðgert og maður veit aldrei hvernig það hefur þróast.“



→ Lifum á gullaldartíma

Sævar segir að sannkallað ævintýri hafi verið að fylgjast með leiðangri Curiosity fyrir áhugafólk um geimferðir og að hann beri miklar væntingar til framhaldsins.

„Já, heldur betur. Ég get varla beðið eftir því að hann fari að rannsaka þarna fyrir alvöru.“

Það sem standi upp úr það sem af er, sé útsýnið sem sést af myndunum sem Curiosity hefur sent heim, en þær hafa bæði verið fræðandi og ægífabar og leitt í ljós það tignarlegasta sem hingað til hefur sést á Mars.

Hundruð mynda hafa þegar borist, en það tekur jafnan innan við klukkustund að senda mynd heim til NASA, allt eftir því hve langt er á milli Mars og jarðarinnar hverju sinni. Vegna þess að sporbaugur þeirra um sólina er misstór er fjarlægðin milli þeirra á bilinu 55 milljón kílómetrar upp í 400 kílómetrar. Hið sama gildir um samskipti stjörndena við jeppann, en frá því að skipun er gefin, til dæmis um að aka af stað, stöðva eða snúa myndavélinni að áhugaverðum stað, líður nokkur stund þar til jeppinn nemur hana. Til dæmis var seinkunin um það bil stundarfjórðungur þegar Curiosity var nýlentur.


En er þetta þá ekki einstakt að fá að upplifa slíka atburði, hér um bil í beinni útsendingu?

„Jú, algerlega. Það er æðislegt og hálf súrrealískt að geta skoðað ljósmyndir á vefnum sem voru teknar fyrir hálf tíma síðan á fjarlægri reikistjörnu. Við erum að upplifa gullaldartíma í þessu, engin spurning! Og þetta verður bara betra og betra,“ segir Sævar.



SÆVAR HELGI BRAGASON

Curiosity borar í bergið á rauðu plánetunni



1 Borinn sjálfur er í grunninn ekki ósvipaður hefðbundnum höggbor og er á enda arms sem nær rúma tvo metra frá jeppanum.

2 Hér má sjá borinn sem Curiosity vígði hinn 8. febrúar síðastliðinn. Hann boraði þar rúmlega sex sentímetra djúpa og 1,3 sentímetra breiða holu og tók bergsýni. Borinn er hluti af einstökum tækjabúnaði Curiosity, sem telur meðal annars smásjá, litrófsrita og myndavél sem efnagreininir berg með því að skjóta á það leysigeisla og greina reykinn. Í innviðum jeppans er líka sýnaklefi þar sem bergsýni verða greind til hlítar.

3 Hér sjást greinilega ljósar æðar í berginu á Glenelg. Þær myndast þegar vatn rennur í gegnum sprungur og skilur eftir sig steindir. Þessar æðar eru fyrsta sönnunin sem Curiosity fann um steinefni sem mynduðust á þennan hátt.



ÚTSALA Á LAMBAKJÖTI!

ÓFROSID!

20% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~2098~~ kr. kg
Lambahryggur

698 kr. kg

Verð áður ~~898~~ kr. kg
Lamba Súpukjöt I flokkur

20% afsláttur

20% afsláttur

1598 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar

15% afsláttur

1868 kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambakótilettur

20% afsláttur

1198 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lamba sirloinsneiðar

25% afsláttur

3198 kr. kg

Verð áður ~~4298~~ kr. kg
Lambafille m/fiturönd

SPRENGJU-VERÐ!

50% afsláttur

295 kr. pk.

Verð áður ~~589~~ kr. pk.
Weetos morgunkorn, 500 g

25% afsláttur

2698 kr. kg

Verð áður ~~3598~~ kr. kg
Lambainnræri

20% afsláttur

1198 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Lambalæri ókryddað eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarínarað eða trönuberja og eplamarínarað!



FRÁBÆRT VERÐ!

898 kr. kg

Goði, 1/2 frosinn lambaskrokkur



Gott að sleppa við stærðfræði

Hollywood-leikarinn Paul Rudd leikur í Prince Avalanche, endurgerð Á annan veg. Hann getur vel hugsað sér að fljúga til Íslands þegar hún verður frumsýnd.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



Hollywood-leikarinn Paul Rudd fer með annað aðalhlutverkanna í Prince Avalanche, endurgerð Á annan veg sem kom út hér á landi 2011.

Rudd er þekktur fyrir gamanleik sinn í myndum á borð við Clueless, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, The 40-Year Old Virgin, Forgetting Sarah Marshall og I Love You Man. Einnig lék hann Mike Hannigan, kærasta og síðar eiginmann Phoebe, í síðustu tveimur þáttaröðunum af Friends.

Rudd leikur idulega viðkunnanlega náunga og kom það blaðamanni því ekki á óvart hversu þægilegur hann var í tilsvörum er hann var spurður út í Prince Avalanche og kvikmyndaferil sinn.

Góð viðbrögð í Þýskalandi

Prince Avalanche var frumsýnd á miðvikudag á kvikmyndahátíðinni í Berlín, þar sem Rudd var staddur á meðan á sémaviðtalinu stóð. Aðspurður segir hann myndina hafa fengið góð viðbrögð. „Blöðin virtust vera jákvæð en ég get því miður ekki sagt í smáatriðum hvað þau sögðu því þau voru öll á þýsku,“ segir hann og hlær. „Viðbrögðin í bíóinu voru mjög jákvæð. Fólk hló á stöðum þar sem ég átti ekki alveg von á að það myndi

hlæja. Það virtist kunna að meta þessa sögu.“

Þetta var í annað sinn sem hann sá myndina sjálfur en fyrst sá hann hana á Sundance-hátíðinni í Utah. „Viðbrögðin voru góð á báðum stöðum en voru aðeins lágstemmdari hér, kannski vegna þess að húmorinn í henni liggur dálítið undir niðri. Margt náði í gegn hjá áhorfendum en sumt kannski ekki eins vel.“

Hreifst af Á annan veg

Prince Avalanche gerist árið 1988 og fjallar um tvo vegavinnumenn. Þeir ákveða að yfirgefa borgina og eyða sumrinu fjarri öllum ys og þys við að mála umferðarlínur á þjóðvegnum. Tökur fóru fram í Texas og stóðu yfir í aðeins sextán daga. Leikstjórinn David Gordon Green, sem er þekktastur fyrir hasargrínmyndina Pineapple Express, ákvað að drífa í tókunum til að fanga þá eyðileggingu sem skógareldarnir í Bastrop State Park ullu árið 2011.

Af hverju ætli Rudd, sem er vanur að leika í stórum Hollywood-myndum, hafi ákveðið að leika í þessari ódýru og óvenjulegu mynd? „Ég hef verið vinur leikstjórans í mörg ár og mig hafði alltaf langað til að vinna með honum. Hann hringdi í mig og spurði: „Hvernig líst þér á að fara til Texas í nokkrar vikur? Þar er skógur sem hefur brunnið og við ætlum að fara með nokkrar myndavélar þangað og taka upp þessa mynd“,“ segir Rudd. „Ég var mjög spennur



PAUL RUDD Hollywood-leikarinn í Berlín þar sem Prince Avalanche var sýnd á dögnum.

NORDICPHOTOS/GETTY

fyrir þessari hugmynd. Mér fannst þetta skemmtileg tilraun því þetta var algjör andstæða við það sem ég hef verið að gera síðustu tvö ár í stórum upptökverum með fjölmennu tókuliði. Þetta leit út fyrir að vera listrænt verkefni. Ég vissi ekki hvernig þetta yrði en var viss um að þetta yrði skemmtileg reynsla. Svo sendi hann [Green] mér DVD af Á annan veg. Ég horfði á hana og fannst það virkilega góð mynd og fannst spennandi að prófa þetta.“

Öðruvísi hlutverk

Rudd hafði gaman af að leika vegavinnumanninn Alvin en á móti honum lék Emile Hirsch, sem er þekktastur fyrir leik sinn í Into the Wild. „Þetta er öðruvísi persóna en ég hef leikið. Hann lítur öðruvísi út en ég geri venjulega og það var áhugavert að setja sig inn í aðstæður persónunnar og það sem hún gekk í gegnum. Ég hafði mjög gaman af því að vinna við myndina og þarna voru skemmtileg, dramatísk atriði sem ég hef ekki komið mikið nálægt í síðustu myndum mínum.“

Spurður hvort hann vilji leika í fleiri myndum í þessum dúr í framtíðinni segist hann vera til í prófa

alls kyns hluti. „Mig langar að leika dramatísk og fyndin hlutverk af mismunandi stærðargráðum. Ég væri alveg til að leika í svona lítilli mynd með fámennu tókuliði. Þarna er öðruvísi sköpunarferli í gangi og ekki eins mikið í húfi og í stúdíómynd.“

Langar að heimsækja Ísland

Þegar Prince Avalanche var frumsýnd á Sundance, kveðst þú fyrir viðbrögðum íslensku kvikmynda-gerðarmannanna sem þar voru? „Sem betur fer vissi ég ekki að þeir væru þar fyrr en myndin var búin. Við hefðum orðið mjög stressaðir ef við hefðum vitað það. Ég hefði allan tímann hugsað hvað þeim fyndist eiginlega um hitt og þetta. Svo hitti ég þá eftir sýninguna og þeir voru mjög vingjarnlegir og sögðust hafa haft gaman af myndinni og að það hefði líka verið skrifid að sjá hana en á góðan hátt,“ segir hann. „Ég hitti þá í gærkvöldi [á miðvikudagskvöld] hérna í Berlín og spjallaði við þá og ég held að þeir séu ánægðir með hana. Ég held að myndin sé trú íslensku útgáfunni því andi hennar svífur yfir vötnum.“

Myndir þú koma til Íslands til að vera viðstaddur frumsýningu

Prince Avalanche? „Ég hefði gaman af því,“ segir Rudd og hlær. „Það færi eftir því hvenær það verður og hvort ég kemst en ég held að það yrði alveg frábært.“

Sleppur við stærðfræðina

Hin 43 ára Paul Rudd fæddist í New Jersey í Bandaríkjunum en þegar hann var tíu ára flutti hann til Kansas og gekk þar síðar meir í háskóla. Spurður hvers vegna hann valdi leiklistina segist hann ekki vita það fyrir vísit. „Líklega vegna athyglinnar, gerast ekki flestir leikarar vegna hennar? Ég man að á mismunandi tímabilum í lífi mínu reyndi ég að átta mig á því hvort það væri í raun og veru hægt að vinna við þetta. Ég hlustaði á plötur með Steve Martin og hugsaði að vinna við þetta. Ég hlustaði á plötur með Steve Martin og hugsaði að vinna við þetta. Ég hlustaði á plötur með Steve Martin og hugsaði að vinna við þetta. Ég hlustaði á plötur með Steve Martin og hugsaði að vinna við þetta.“

Hvað er skemmtilegast við að vera leikari? „Það er ekki mikið af stærðfræði sem maður þarf að glíma við og svo þarf ég ekki að lyfta neinu sem er sérstaklega þungt,“ segir hann hress.

Evran: Mynt án ríkis.

Hver er vandinn?

Hverjar eru horfurnar?



Hagfræðideild

Mánudaginn 18. febrúar kl. 12:00-13:00
í Lögbergi, L-101

Fyrirlestur í boði Hagfræðideildar Háskóla Íslands og Evrópustofu.

Sixten Korkman mun í fyrirlestri sínum lýsa kreppunni á evrusvæðinu nú og spyrja: Hvað fór úrskeiðis? Hvað er verið að gera til að rétta kúrsinn af? Hverjar eru framtíðarhorfur evrunnar og evrusvæðisins?

Dr. Sixten Korkman stýrði Research Institute of the Finnish Economy (ETLA) og Finnish Business and Policy Forum (EVA). Hann var áður skrifstofustjóri Seðlabanka Finnlands, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis Finnlands og framkvæmdastjóri ráðherraáðs ESB. Hann hefur birt greinar og bækur um hagstjórn, þar á meðal bók um efnahagsstefnu ESB.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

Evrópastofa
Lúpsýnginmóð ESB

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVIÐSINDASVIÐ

Einn sá vinsælasti í Hollywood

Paul Rudd er orðinn einn af vinsælustu gamanleikurum í Hollywood. Hann vakti fyrst verulega athygli í myndinni Clueless sem kom út 1995 en undanfarin ár hefur hann verið fastagestur í hinum vinsælu myndum leikstjórans og framleiðandans Judds Apatow. Þar hafa mótleikarar hans oft verið þeir sömu, þar á meðal Seth Rogen, Jonah Hill, Kristen Wiig, Jason Segel, Steve Carrell, Elizabeth Banks og Joe Lo Truglio.

Auk Prince Avalanche eru sjö myndir með Rudd væntanlegar á hvíta tjaldið og segir það ýmislegt um vinsældir hans. Ein þeirra er hin langþráða framhaldsmynd Anchorman: The Legend Continues, þar sem hann leikur Brian Fantana. Önnur er gamanmyndin This Is 40, hálfgerð framhald Knocked Up, þar sem hann leikur á móti Leslie Mann.





300.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 1.940.000
Verð nú kr. 1.640.000



200.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 790.000
Verð nú kr. 590.000



260.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 1.050.000
Verð nú kr. 790.000



400.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 1.090.000
Verð nú kr. 690.000

AÐEINS Í
5 DAGA

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

RISA ÚTSALA

Á notuðum ferðavögnum.
Þetta eru verð sem aldrei hafa sést áður!



400.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 1.860.000
Verð nú kr. 1.460.000




300.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 1.990.000
Verð nú kr. 1.690.000



410.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 3.800.000
Verð nú kr. 3.390.000



200.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 670.000
Verð nú kr. 470.000



200.000
AFSLÁTTUR

Verð áður kr. 690.000
Verð nú kr. 490.000



Þægilegar afborganir sem henta þér.

Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur eða á vikurverk.is
Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12 til 16.

VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ.



VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

HÖFÐAÐ TIL HAGSÝNNA HÚSMÆÐRA

Auglýsingar sem beindust til húsmæða voru áberandi fram undir lok 20. aldarinnar enda sáu þær um innkaup til heimilisins. Ingibjörg Hallbjörnsdóttir skoðaði gamlar dagblaða- og tímaritauglýsingar og skilaboðin sem í þeim fólust.

Meiri hluta síðustu aldar voru flestar konur á Íslandi húsmæður. Þó margar ynnu einnig utan heimilis voru heimilisstörf og barnauppleidi að mestu leyti í þeirra höndum. Hugmyndir samfélagsins um gott fjölskyldulíf á þessum tíma byggðust á hjónabandi karls og konu, heimavinnandi móður og útivinnandi föður.

Hlutverk konunnar innan veggja heimilisins birtist í mörgum tungumálum með orðinu húsmóðir sem á sér síðan andstæðu í orðinu fyrirvinna sem kom fram um svipað leyti og gefur til kynna hlutverk karlsins sem framfæranda fjölskyldunnar.

Konum var ætlað að skapa umgjörðina utan um fjölskyldulífið, heimilið. Með því móti studdu þær þátttöku eiginmannanna í atvinnulífi og félagsstörfum utan heimilis.

Auglýsingum fyrir heimilið og fjölskylduna var fyrst og fremst beint að húsmæðrum. Þær undirstrikuðu að staður konunnar átti að vera á heimilinu og helstu áhugamálin heimilisstörf, uppeldi og velferð barnanna og svo eigið útlit. Sérstakar síður eða þættir í dagblöðunum voru helgáðar þessum hugðarefnum kvenna og mátti þar finna auglýsingar fyrir ræstiduft jafnt sem snyrtivörur. Nöfn þáttanna voru lýsandi fyrir innihaldið. Í Morgunblaðinu mátti finna „Kvenþjóðina og heimilin“ og í Alþýðublaðinu „Konuna og heimilið“ svo dæmi séu tekin.

Í bók um auglýsingar eftir Símon Jóh. Ágústsson sálfræðing frá 1947 er fullyrt að konur gangist meira upp í fögru og íburðarmiklu útliti hluta en karlar og því höfði skrautlegar og myndrænar auglýsingar meira til þeirra. Velklædd kona á fallegu og snyrtilegu heimili, oft með svuntu og eitthvert heimilistæki við höndina, brosti til kynsystra sinna um leið og hún mælti með hrærivélinni frá Kenwood eða eldavel frá Rafha. Oft voru þær ávarpaðar beint í auglýsingunum: Húsmæður! Húsmæður atthugið! Húsmæður kaupið!

Húsmóðirin mikilvægur neytandi

Á þessum tíma varð mikil aukning í framleiðslu á ýmiss konar tækjum og vörum fyrir heimilið og úrval matvæla varð miklu fjölbreyttara í verslunum. Sjálfspurftarútskapur sveitasamfélagsins var á undanhaldi og fjölskyldan varð neyslueining í mun ríkari mæli en áður hafði þekkt því húsmóðirin þurfti á mörgu að halda inni á heimilinu. Elstu auglýsingarnar í dagblöðum og tímaritum frá fyrstu áratugum aldarinnar tala gjarnan til hinnar hyggnu húsmóður en á seinni hluta aldarinnar er hún orðin hagsýn. „Hyggju húsmóðir verslar í Liverpool“ segir í auglýsingu stórverslunarinnar frá 1938 en árið 1961 auglýsir Raftækjaverslunin Hekla að „Þér munið áreiðanlega ekki þurfa að fara annað í leit að þeim heimilistækjum sem hver hagsýn húsmóðir þráir því aðeins það besta hæfir henni“.

Matvælaframleiðendur og kaupmenn voru meðvitaðir um skyldur húsmóðurrinnar að sjá fjölskyldunni fyrir næringarríku og bragðgöðu fæði en jafnframt eyða sem minnstu í innkaupum. Þannig auglýsir Síldarúttegvefnafnd árið 1941 að húsmæður skuli kenna börnunum að borða síld því hún sé hollasti, besti og jafnframt ódýrasti matur sem völ sé á. Árið 1928 má sjá auglýst í Alþýðublaðinu að „Vandlátar húsmæður velji eingöngu Van Houtens súðusúkkulaði.“

Í auglýsingunum er stundum höfðað til þjóðhollustu og ættjarðarástar. „Húsmæður athugið – kaupið holla, ódýra, innlenda vöru“ segir í ostaauglýsingu frá Mjólkurbúi Flóamanna frá 1938 og árið 1968 skorar Félag íslenskra iðnrekenda á hina hagsýnu húsmóður að velja íslenskt á heimilin og efla með því íslenska framleiðslu og þjóðarhag.

Í samfélaginu var rík krafa um hreinlæti og þrifnað inni á heimilunum og komin voru til sögunnar margvísleg hjálpartæki og hreinlætisvörur til að auðvelda húsmóðurrinni störfin. Ryksugur, þvottavélar og þvottaefni voru klassísk viðfangsefni auglýsinga sem beint var að konum. Í Nýja kvennablaðinu frá 1949 er auglýsing á Flik Flak þvottaefninu „sem hefur reynt sérhverri húsmóður bezta hjálpin á hinum erfiðu þvottadögum“.

Ógerlegt væri líklega fyrir ELKO eða Heimilistæki í dag að birta svipaða auglýsingu og Raftækjaverslun Jóns Sigurðssonar gerði árið 1933: „Eiginmenn! Látið starf húsmóðurrinnar verða sem léttast og þægilegast og það gerið þér með því að gefa henni NILFISK ryksugu í jólagjöf.“ Á þessum tíma þótti ekkert athugavert við að konur fengju heimilistæki í jólagjöf og vafalaust margar verid þakklátar fyrir að fá hluti sem léttu þeim vinnuna.

Ógerlegt væri líklega fyrir ELKO eða Heimilistæki í dag að birta svipaða auglýsingu og Raftækjaverslun Jóns Sigurðssonar gerði árið 1933: „Eiginmenn! Látið starf húsmóðurrinnar verða sem léttast og þægilegast og það gerið þér með því að gefa henni NILFISK ryksugu í jólagjöf.“ Á þessum tíma þótti ekkert athugavert við að konur fengju heimilistæki í jólagjöf og vafalaust margar verid þakklátar fyrir að fá hluti sem léttu þeim vinnuna.

Fæði, klæði og fróðleikur

Húsmóðirin hafði margt á sinni könnu. Hún bar ábyrgð á andlegri og líkamlegri velferð fjölskyldunnar sem reiddi sig á þekkingu hennar á ótal mörgum sviðum. Í auglýsingu var stöðugt verið að minna hana á mikilvægi þess að börnin þjáðust ekki af bætiefnaskorti og 1961 var auglýst í Vísi að ný matreiðslubók væri komin í verslanir sem „væri til þess gerð að auðvelda húsmóðurrinni að velja fólki sínu fæði sem væri í senn hollt, vítamínauðugt og ljúffengt“. Í tankremsauglýsingu frá 1944 var því beint til mæðra að kenna börnum sínum að gæta tannanna. Þá þurftu þær að kunna skil á algengustu kvillum og meðferð við þeim. „Heilsufræði handa húsmæðrum er bók sem engin hyggju húsmóðir má vera án“ auglýsti Bókaverslun Ísafoldar árið 1944. „Íslenskar húsmæður! Hafði þið hugleitt hversu það er nauðsynlegt heilsu barna yðar að þau klæðist fatnaði sem bezt hentar þeirri veðráttu sem þau búa við. Þér þurfið ekki að hafa áhyggjur út af þeim ef þau eru klædd í fatnað frá Gefjun“ segir í auglýsingu frá 1951.

Best var auðvitað að klæða börnin í heimagerð fót ef þess var kostur. Á sjötta áratugnum stóð í auglýsingu undir mynd af brosandi konuandliti: „Hún er ánægð því það gengur í ættir að þrjóna úr Gefjunarbandinu, garninu og lópanum á sig og sína.“

Aðlaðandi er konan ánægð

Þrátt fyrir víðan verkahring og mikla ábyrgð var húsmóðurrinni lögð sú skylda á herðar að hugsa vel um eigið útlit. Árið 1954 fullyrti verslunin Markaðurinn að „vel snyrt væri konan ánægð“ og vildi selja henni snyrtivörur frá Helenu Rubinstein. Konur klæddust morgunkjólum eða morgunslöppum frá Eros og Fatabúðinni við húsverkin fyrir hádegi og örugglega hefur það verið kærkomið þegar þeir fóru að fást úr næloni sem ekki þurfti að strauja. Þegar verkonum var lokið eftir hádegið og húsmæður gátu andað léttar skiptu þær um fót og smeygðu sér í eftirmiðdagskjóla frá Kjólábúðinni eða Ninon. Þá gátu þær hringt eitt eða tvö símtöl yfir kaffibolla eða snyrt sig meðan Braun-hettuburrkan þægilega þurrkaði hárið eins og segir í auglýsingu frá Raftækjaverslun Íslands. Hugsanlega hafa einhverjar húsmæður líka kveikt sér í sigarettu með Ronson-sígarettukveikjara, sem var auglýstur sem „kærkomin jólagjöf fyrir eiginkonuna jafnt sem eiginmanninn“ árið 1965, því þá þótti smart að reykja.

Höfundur Ingibjörg Hallbjörnsdóttir MA-nemi í þjóðfræði



→ Auglýsingum fyrir heimilið og fjölskylduna var fyrst og fremst beint að húsmæðrum. Þær undirstrikuðu að staður konunnar átti að vera á heimilinu og helstu áhugamálin heimilisstörf, uppeldi og velferð barnanna og svo eigið útlit.

Húsmæður horfnar úr auglýsingum



HALLDÓRA GUÐRÚN ÍSLEIFSDÓTTIR Telur íslenskar auglýsingastofur vinna í anda jafnréttis.

Húsmóðirin er ekki sýnileg í dag í íslenskum auglýsingum, segir Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir, lektor og fagstjóri við Listaháskóla Íslands í grafískri hönnun. Hún bætir við að henni bregði þó stundum fyrir í erlendum auglýsingum sem birtast hér á landi og þá einkum þeim er sem snúa að hreinsiefnum og matvælum. Þessar auglýsingar komi oftast frá kaþólskum löndum Suður-Evrópu þar sem þátttaka karla í heimilisstörfum þykir ekki jafnsjálfsögð og hér á landi. Á hinn bóginn nefnir Halldóra að umbúðir sömu vöruflokka sem framleiddar eru til dæmis í Bandaríkjunum sýni karlmenn við heimilisstörf. Þetta sé þó einkum gert til þess að fá konur til að kaupa þessar vörur því þær lifi í voninni um að karlarnir muni að lokum taka þátt í heimilisstörfunum. Auglýsingar tryggjafélaga og bílaumboða reyni enn að höfða til ábyrgðar kvenna á fjölskyldunni því neyslukannanir sýna að skoðanir kvenna vega þyngra en karla þegar velja á tryggjafélag eða fjölskyldubíl. „Það er mín tilfinning að íslenskar auglýsingastofur leggi áherslu á að vinna í anda jafnréttis og reyni að birta raunsanna mynd af samtímanum og eyða staðalímyndum,“ segir Halldóra. Auglýsingabransinn sé þó varkár gagnvart hugmyndum sem ekki er fullkomin sátt um og kaupendur hafi oft ekki sömu skoðanir og starfsfólk auglýsingastofa á því hvernig best sé að auglýsa.

FINLUX

32" LCD SJÓNVARP



Finlux 32FLY132B

69.990

Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.

Innbyggður margmiðlunarspilari

Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

Vel tengjum búið

Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

Góð myndgæði

Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

CI kortarauf

Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smeltt í tækið.

DVBT USB HDMI
HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


FINLUX

Konráð og félagar á ferð og flugi 31

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Parna fer ég inn,“ sagði Kata brött. „Pessi þraut er mér að skapi.“ Lísaloppa og Konráð hikuðu. „Hvað er þetta, þorið þið ekki?“ sagði Kata. „Þið fylgið bara mér, svona komið þið nú.“ Lísaloppa og Konráð fylgdu Kötunni inn í vöfundarhúsið með hálfum hug. Skyldu þau komast út hinu megin?

Kemst þú í gegnum þetta vöfundarhús?



Brandarar



Froskurinn kallaði til prinsessunnar: Kysstu mig! Kysstu mig! Ég er fagur prins í álögum sem nornin göldróttla lagði á mig! Ef þú kysstir mig breytist ég aftur í fagan prins!

Prinsessan kyssti froskin en ekkert gerðist.

- Fyrsti apríl! kallaði froskurinn og hoppaði burt.

Spákonu var boðið í matarboð á laugardegi.

- Því miður kemst ég ekki. Ég mun lenda í bílslysi á föstudaginn.

- Þjónn! Ég ætla að panta tvöfaldan skammt af spagetí.

- Með ánægju, frú.

- Nei, með kjötsósu, takk.

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.



Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

Langar í háskólanám til Bandaríkjanna

Karitas Bjarkadóttir er í ballett- og píanónámi, syngur í kór og er á leiðinni á talsetningarnámskeið. Hún sagði krakkasíðunni frá áhugamálum sínum og upplýsti um leið að hún hefur verið að safna sér fyrir bíl frá leikskólaaldri.

Hvað heitir þú? Karitas Bjarkadóttir.

Hvað ertu gömul? Tólf ára, verð þrettán í sumar.

Í hvaða skóla ertu? Hamraskóla.

Hvað er skemmtilegast í skólanum? Að læra íslensku.

Hvaða áhugamál áttu utan skóla? Að lesa, syngja, dansa og spila á píanó.

Hvenær byrjaðir þú í ballett? Þegar ég var fimm ára.

Hversu oft í viku ertu í ballett? Þrisvar í viku.

Hvað er erfiðast við æfingarnar, og hvað skemmtilegast? Erfiðast finnst mér að halda öllum vöðvum strektum og hitta á rétta punkta/stellingar. Splittstökkin eru skemmtilegust.

Hefurðu lært á hljóðfæri? Já, ég er að læra á píanó í Tónskóla Björgvins. Í mars ætla ég að taka þriðja stigs próf sem er grunnpróf. Svo hef ég haft gaman af söng frá því ég man eftir mér og var í Söngskóla Maríu Bjarkar í nokkur ár. Þessa dagana syng ég mikið með One Direction og Little Mix.

Geturðu sagt okkur aðeins frá kórnum sem þú ert í? Ég hef verið í kór Hamraskóla frá stofnun hans árið 2007. Við syngjum fjölbreytt lög og erum til dæmis að fara í æfingarbúðir til Keflavíkur um helgina. Á öskudaginn sungum við á öskudagsráðstefnu félaga kennara- og skólástjórnenda í Reykjavík. Í mars ætlum við svo að halda kaffihúsatónleika í skólanum fyrir fólkið í hverfinu.



KARITAS BJARKADÓTTIR Vill alls ekki að bílprófsaldurinn verði hækkaður enda hefur hún verið að safna sér fyrir bíl síðan í leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við fréttum af því að þú værir að fara á talsetningarnámskeið, getur þú sagt okkur frá því? Námskeiðið byrjar í næstu viku. Á því æfum við upplestur og fáum að spreyta okkur á að talsetja teiknimyndir.

Að lokum, hvað langar þig til að verða þegar þú ert orðin fullorðin? Mig langar til að læra heimspeki, fara í háskólanám til Bandaríkjanna og vera leik- og söngkona. Og að lokum vil ég segja við alþingismenn: **EKKI HÆKKA BÍLPRÓFSALDURINN!!!** Ég hef verið að safna fyrir bíl síðan í leikskóla.

Myndin



ANDREW TYLER PRÁINN HELGASON, sem er átta ára Hafnfirðingur, sendi þessa hressu mynd af Herramönnunum. Takk fyrir það.

VANDAÐUR REGNFATNAÐUR Á GÓÐU VERÐI

Flíspeysa
st. 92-134
vnr. 883084, 883085
2999

Regngalli
st. 92-128
vnr. 883087, 883086
8.999

Regnsett
st. 98-134
vnr. 883088, 883089
8.999



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Í OPINNI DAGSKRÁ

LAUGARDAGSKVÖLD

19.30

EDDUVERÐLAUNIN
Í BEINNI ÚTSENDINGU

Ísland í dag verður í beinni frá rauða
dreglinum frá kl. 18.55.



17

TILNEFNINGAR TIL
EDDUVERÐLAUNA



VIÐ ERUM STOLT AF OKKAR FÓLKI

Stöð 2 er stolt af sínu fólki. Þessi glæsilegi og metnaðarfulli hópur fékk samtals 17 tilnefningar til Edduverðlaunanna í ár fyrir framúrskarandi dagskrárgerð og afburðastörf, hvert á sínu sviði!

Til hamingju!



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



759
KR. KG

KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



1398
KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



695
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



1959
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



259
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ KRYDDA
SJÁLFBUR



1195
KR. KG

FROSID LAMBA KJÖT

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA **FROSID LAMBALÆRI**

ÍSLENSK ÞORSKLIFUR



189
KR. 115g



189
KR. 120g

NORÐANFISKUR HEITREYKT OG PATÉ

FROSIN ÍSLENSK BLEIKJA



1498
KR. KG

FROSIN BLEIKJA BREINHREINSUÐ M.ROÐI

SJÓFRYST ÝSUFLÖK



1259
KR. KG

SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ & BEINLAUS

26%
SVEITA
300 KR. VERÐLÆKKUN



1059
KR. KG

SKAGFIRSKUR SVEITABITI 26%
300 KR. VERÐLÆKKUN
1059 KR.KG VERÐ ÁÐUR 1359 KR.KG

SMJÖR
Þrjú flokks tilenki smjör
ósaltað nettþyngd 250 g



159
KR. STK

ÓS SMJÖR ÓSALTAÐ 250g





198
KR. 2 ltr.

NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



SAFARÍKAR FRÁ SPÁNI



195 KR.KG



298
KR. 1 KG

DANSKAR GULRÆTUR 1 KG



298
KR. 1 KG

AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLU



359
KR. KG

NÝ SENDING **KÍNVERSK**
姜薑 **ENGIFERRÓT**



BONUS
FRSKT SPÍNAT 200 GR
359
KR. 200g

BÓNUS SPÍNAT 200gr



359
KR. KG

FRÁ SPÁNI ICEBERGSALAT



598
KR. 1 KG

459
KR. 1.2 KG



498
KR. 750gr

PAKKAÐ AVOCADO 750g



698
KR. 200g

LÍFRÆN CHIAFRÆ



698
KR. 450g

LÍFRÆNT VILLIHUNANG



6598
KR. 120 stk

HYDROXYCUT FÆÐUBÓTAREFNI 120 TÖFLUR

fróosh
fruit: bottled



298
KR. 250ml

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUGAGUR
12:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

+

Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar,

**UNNAR GUÐBJARGAR
ÞORKELSDÓTTUR**
hárgreiðslumeistara, Álftanesi.



**Porkell Snorri Gylfason
Freyja Gylfadóttir
Unnur Kristbjörg Gylfadóttir
Kristín Edda Gylfadóttir
Margrét Þóra Gylfadóttir**

+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamamma, amma og langamma,

ÁSTA BJARNADÓTTIR
frá Stað í Steingrímsfirði,
til heimilis að Hólagötu 25, Njarðvík,

lést að morgni 13. febrúar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hún verður jarðsöngin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju miðvikudaginn 20. febrúar kl. 13.00.



**Margeir B. Steinþórsson
Magnús Steingrímsson
Bjarni Steingrímsson
Kristín Steingrímssdóttir
Loftur Hilmar Steingrímsson**
ömmu- og langömmubörn.

**Marta Sigvaldadóttir
Irena María Motyl
Árni Magnús Björnsson**

+

Okkar ástkæra

SVEINBJÖRG HERMANNSDÓTTIR

verður jarðsöngin frá Árbæjarkirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00.



**Júliana Ruth Woodward
Arndís V. Sævarsdóttir
Margrét S. Sævarsdóttir
Erla S. Sævarsdóttir
Bryndís Ósk Sævarsdóttir**
barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

**Eiríkur Sigurðsson
Ólafur P. Þórðarson
Jón Óskar Gíslason
Sigurður Á. Pétursson**

ÚTFARARÞJÓNUSTA
David's Oswaldssonar ehf.

Sími 551 3485, svarað allan sólarhringinn.
www.udo.is



Hinrik Davíð Jóhanna Óli Pétur

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið tíamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Ég er mikil gleðikona

Draumey Aradóttir býr í yfir 130 ára gömlu húsi í sænskri sveit en er komin til Íslands að fylgja eftir sinni fyrstu þýðingu á sænskri bók, Að velja gleði, eftir Kay Pollak.

„Ég er von að segja að ég sé mikil gleðikona og svo má fólk leggja sína túlkun í það. En sá er einmitt boðskapur bókarinnar sem ég var að þýða og er nýkomin út hjá Draumsýn, að við höfum alltaf val um hvort við veljum gleðina eða fýluna og pirringinn. Það finnst mér góð speki,“ segir Draumey Aradóttir, rit höfundur og þýðandi. Hún er nýkomin til landsins frá Svíþjóð ýmissa erinda því fyrir utan að kynna bókina Að velja gleði ætlar hún að dekra við lítið barnabarn.

„Hún Sunna Dís dóttir mín gerði mér þann grikk að gefa mér ömmubarn í október og þess vegna er ég í þriðju Íslandsheimsókninni síðan. Ég stenst ekki mátið. En í Svíþjóð á ég samt heima. Sænskt þjóðfélag hentar mér, ég fann það strax og ég flutti út fyrir fimmtán árum. Þar er annar snúningshraði en hér og mér líður ofsalega vel þar,“ segir hún.

Draumey hefur gefið út eigin rit-smíðar bæði á Íslandi og í Svíþjóð en Að velja gleði er fyrsta bókin sem hún þýðir úr sænsku á íslensku. „Þetta er sjálfsþroskabók,“ segir hún og kveðst alla tíð hafa haft áhuga á því sem leiðir til aukins þroska. „Ég hef lesið ótal bækur á því sviði og farið á allskyns námskeið en strax í fyrsta kaflanum á þessari bók sá ég að hún var frábær því hún er svo vel skrifuð og hentar öllum. Uppsetningin er einföld, skilaboðin skýr og æfingarnar góðar. Höfundurinn, Kay Pollak, er svo auðmjúkur og fellur ekki í þá gildru að setja sig á háan hest heldur er á sömu leið og lesendur. Veit sem er að allir eru mannlegir og aldrei búnir að læra.“

Draumey kveðst hafa komist í tölvupóstsamband við Kay Pollak eftir að hafa farið á myndina hans. Sá som i himmelen með þáverandi sænskum eiginmanni. „Þar sem við hjónakornin sátum hvort á móti öðru í baðkari eftir bíóið, ég í sjöunda himni yfir myndinni en hann þungur á brún, hugsaði ég: getur verið að við höfum verið að horfa sömu mynd? Þegar ég skrifaði Pollak til að hrósa honum fyrir myndina lýsi ég baðsenunni fyrir honum. Hann skrifaði á móti að þetta væri besta lýsingin á því sem bókin hans fjallaði um, að hugarfarið skapaði líðan okkar og veruleika. Síðan bað ég um þýðingarréttinn á bókinni. Hún er metsölubók í Svíþjóð og hefur verið þýdd víða um lönd og er svo hagnýt að hún þarf eiginlega að fylgja manni alla ævi.“

Eftir tólf ára búsetu í Lundi kveðst Draumey hafa látið 40 ára draum sinn rætast og flutt út í sveit. „Ég skildi við manninn minn, keypti mér hús frá 1880 á miðju Skáni og fékk mér hund og kött. Þar sit ég og skálda og þýði. Svo keyri ég til Lundar og kenni þar tvo og hálfan dag í viku,“ segir hún og kveðst meðal annars kenna íslenskum börnum íslensku. „Nú er móðurmáls-kennslan í Svíþjóð orðin að alvöru námsgrein í grunnskólunum þannig að nemendur fá jafnmörg stig fyrir móðurmálið sitt og aðrar greinar.“



ÞÝÐANDINN „Þar sem við hjónakornin sátum hvort á móti öðru í baðkari eftir bíóið, ég í sjöunda himni yfir myndinni en hann þungur á brún, hugsaði ég: getur verið að við höfum verið að horfa sömu mynd?“ segir Draumey Aradóttir.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Áður útkomið efni eftir Draumeyju

- Fimm vörður á vegi ástarinnar, 2003:** Bokförlaget Blåtunga
 - Svíþjóð, Fem stenrösen på kärlekens stig, 2003:** Bokförlaget Blåtunga
 - Birta – Draugasaga, 2004:** Fjölvi
 - Þjófur og ekki þjófur, 2001:** Mál og menning
- Einnig hafa birst eftir hana ljóð á sænsku, ensku og hollensku í tímaritum og bókum.

Ég kenni líka fullorðnum Svíum íslensku, sem koma á námskeið eins og í Tómskundaskólanum hér. Síðan er ég líka að kenna innflytjenda-

börnum sænsku sem annað mál. Þar nýt ég minnar reynslu sem innflytjanda, sem er svolítið gott.“

gun@frettabladid.is

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

KNÚTUR OTTERSTEDT
Brekkgötu 36 Akureyri

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. febrúar kl. 13.30.



**Harriet Otterstedt
Lena Otterstedt
Kristján Otterstedt
Ása Karen Otterstedt
Knútur Otterstedt
Margrét Sesselja Otterstedt
Una Lind Otterstedt**

**Ólöf Margrét Eiríksdóttir
Karl Eckner
Silja Rán Andradóttir**

+

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

JÓHÖNNU KRISTINSDÓTTUR
Miðtúni 2, Keflavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Gjörgæsludeildar Landspítala



Jakob Árnason

**Ísleifur Árni Jakobsson
Guðrún Sigríður Jakobsdóttir
Kristinn Þór Jakobsson
Ásdís Ýr Jakobsdóttir
Sigrún Björk Jakobsdóttir**

**Laufey Hrönn Þorsteinsdóttir
Gunnar I. Baldvinsson
Ólöf K. Sveinsdóttir
Valur B. Kristinsson
Jón Björnsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Samsung SMART LED TV 8 serían – Tilboð 2013

+ GALAXY Tab 2 7.0 WiFi
spjaldtölva fylgir með

SAMSUNG

SMART
DEAL!

ÞORRATILBOÐ

Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0 WiFi

SAMSUNG SETRIÐ

Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900 · samsungsetrid.is

Samsung
SMART TV

The Future of Smart TV, Now



Pökkum innilega auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

SIGRÍÐAR ÓLAFSDÓTTUR
Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á krabbameinslækningadeild Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð.



Guðmundur Guðmundsson

Kristján Gylfi Guðmundsson
Eyrún Guðmundsdóttir
Brynhildur Guðmundsdóttir
Borghildur Guðmundsdóttir
Kristrún, Lúkas, Tryggvi, Felix, Eva Karen, Guðmundur, Hildur, Sólveig
Unnar Bragi Bragason
Jón Valgeirsson
Kolbeinn Sveinbjörnsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÞORSTEINN ELÍSSON

Laxárdal,

síðast til heimilis að Glósölum 7, Kópavogi
lést á Landakotspítala 14. febrúar.



Guðný Sigríður Þorsteinsdóttir
Guðrún Þorsteinsdóttir
Karólína Dóra Þorsteinsdóttir
Elínborg Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Sveinn Karlsson
Jón Einarsson
Böðvar Stefánsson
Bergvin Sævar Guðmundsson
Böðvar Sigvaldi Böðvarsson



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON
lyfjafraeðingur,

verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjalparstarf kirkjunnar.



Anna Guðrún Hugadóttir
Vera Guðmundsdóttir
Daði Guðmundsson
Hugi Guðmundsson
Alma Guðmundsdóttir
Eva Magnúsdóttir
Tinna Magnúsdóttir
Hildur Blöndal
Unnar Blöndal
Jóhanna Hugadóttir

Þórarinn Blöndal
Dianne Y. Guðmundsson
Hanna Loftsdóttir



Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

SIGURÐUR ÞÓRARINN ODDSSON
áður til heimilis að Norðurbrún 1,

lést þann 9. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Mörk. Hann verður jarðsönginn frá Áskirkju þriðjudaginn 19. febrúar kl. 13.00.



Brynhildur Sigurðardóttir
Kristín G. Sigurðardóttir
Kolbrún M. Sigurðardóttir
Sigbrúður Sigurðardóttir
Elsa Á. Sigurðardóttir
Oddur Sigurðsson
Guðbjartur J. Sigurðsson
Sigurður P. Sigurðsson
Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Gísli Hafsteinn Einarsson

Kristín H. Friðriksdóttir



Innlegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

KARÓLÍNU FRÍÐRIKU HALLGRÍMSDÓTTUR
Laugarvegi 33, Siglufirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar fyrir einstaka alúð og elskusemi. Guð blessi ykkur öll.



Ólöf Þórey Haraldsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir
Árni Haraldsson
Eypór Haraldsson
Árni Þór Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásgeir Sigurðsson
Erlingur Björnsson
Ragnheiður Árnadóttir



Elskuleg móðir okkar og amma,
VIÐDÍS SVERRISDÓTTIR
frá Hvammi, Norðurárdal,

lést fimmtudaginn 14. febrúar á Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut. Útförin fer fram frá Nes Kirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00.



Anna Viðdís Jónsdóttir
Sigurlaug Jónsdóttir
Sverrir Jónsson
Sigbjörn Jónsson
og ömmubörn.

Jörundur Svavar Guðmundsson
Hallgrímur Þorsteinn Magnússon
Erla Danfríður Kristjónsdóttir
Valgerður Hildibrandsdóttir



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
STEINÞÓR INGEBRIGT NYGAARD

sem lést 14. febrúar verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 20. febrúar kl. 15.00.



Ásta H. Haraldsdóttir
